

Morgunblaðið

FÖSTUDAGUR 7. SEPTEMBER 2018

• Stofnað 1913 • 210. tölublað • 106. árgangur •



LANGFÖRULL
LJÓSMYNDARI
OG SJÓMAÐUR

ÓSKAR HALLGRÍMSSON 12



KVENLEGIR
EGINLEIKAR
OG ORKA

MARILYN MAZUR 30

FJÖLBREYTT
EFNI UM BÖRN
OG UPPELDI

32 SÍÐNA SÉRBLAÐ



Myndavélar settar í þrjár laxveiðiar



Laxinn er undir vökulum augum.

■ Fiskiteljarar með myndavél eru komnir í þrjár laxveiðiar, en þannig ætla Hafrannsóknastofnun að fylgjast með áreiðanleika erfðablöndunar frá sjókvíaeldi. Með myndum má greina hvort eldislax hafi farið í ár. Opinn aðgangur er að þessu á netinu, en myndavélar eru nú í Laugadalsá í Djúpi, Krossá á Skarðsströnd og Vesturdalsá í Vopnafirði. Unnið er að fleiri aðgerðum, m.a. að hægt verði að greina eldislaxa með DNA. »14

Nútíminn.is seldur eftir 4 ára rekstur



Atli Fannar Bjarkason

■ Vefmiðillinn Nútíminn.is hefur fengið nýja eigendur, en stofnandinn, Atli Fannar Bjarkason, seldi miðillinn til eigenda vefmiðilsins Ske.is nú á dögunum. Söluverðið er ekki gefið upp. Vefurinn var stofnaður fyrir fjórum árum.

Atli lætur sjálfur af störfum sem ritstjóri í lok mánaðarins. »16



Morgunblaðið/Valli

Hafmeyjan í Tjörninni verður föst í sessi

Hafmeyjan er komin að nýju í Reykjavíkurtjörn. Afsteypa af styttu Nínu Sæmundsson sem var komið fyrir í syðri enda Tjarnarinnar árið 2014 fauk um koll og skemmdist, meðal annars á sporði. Nú hefur verið gert við meyjuna sem í

gær var sett aftur á sinn stað. „Núna er Hafmeyjan tryggilega fest og ætti ekki að haggast,“ sagði Sigurður Trausti Traustason hjá Listasafni Reykjavíkur í samtali við Morgunblaðið. Tvær afsteypur af listaverki Nínu voru gerðar;

það er sú sem nú er á stalli en hin var sprengd í loft upp á nýársnótt árið 1960. Hugmyndin að verkinu er úr sögunni um hafmeyjuna sem sat á kletti og lokkaði sjófarendur með söng en þeir hurfu síðan niður í djúpin í faðmi hennar.

Umskipti í menntun

● Háskólamenntuðum fjölgar ört ● Styður hugverkaiðnað

Baldur Arnarson
baldura@mbl.is

Árið 2007 voru nokkurn veginn jafn margir Íslendingar á aldrinum 25-64 ára með grunnskólapróf annars vegar og háskólapróf hins vegar. Nú eru þeir sem hafa lokið háskólaprófi á þessum aldri nærri tvöfalt fleiri.

Eftir efnahagshrunið var tekin ákvörðun um að hvetja atvinnulaust fólk til að mennta sig. Það birtist í fjölgun háskólanema, meðal annars í vísindum og tölvunarfræðum.

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra var menntamálaráðherra þegar menntunarátakið hófst.

„Við fórum í átaksverkefni sem ég hef verið mjög stolt af síðar meir. Við hvöttum fólk sem missti vinnuna í hruninu til að sækja sér menntun. Hluti af stefnumótun núverandi ríkisstjórnar er að fjárfesta meira í nýsköpun og þróun í gegnum nýjan þjóðarsjóð en sú fjárfesting gæti numið milljörðum á næstu árum.“

CCP ætlar í Vatnsmýrina

Áform tölvuleikjafyrirtækisins CCP um að flytja í nýjar höfuðstöðvar í Vatnsmýri eru óbreytt eftir að það var selt suðurkóreska fyrirtækinu Pearl Abyss. CCP hyggst koma sér fyrir í nýrri tæknibygg-

ingu, Grósku, í desember 2019. Hún verður hluti af Vísindagörðum.

Samkvæmt heimildum Morgunblaðsins eru ekki áformaðar breytingar á starfsmannafjölda CCP. Um 190 starfa hjá félaginu á Íslandi.

Árni G. Magnússon, framkvæmdastjóri Grósku, segir mörg fyrirtæki hafa áhuga á að flytja starfsemi sína í húsið sem verður stærsta tæknisetur landsins.

Kristinn Árni L. Hróbjartsson, stofnandi vefsíðunnar Northstack, segir styrki til sprotafyrirtækja í tölvutækni hafa margfaldað.

■ Fjárfesting í mannaúði ... »10-11

Framkvæmdir skulu fara í umhverfismat

● Skipulagsstofnun tekur ákvörðun

Fyrirhugaðar framkvæmdir Hveradala ehf. á samnefndum stað á Hellisheiði, það er bygging 120 herbergja hótels, baðhúss, og að útbúa 8.500 fermetra baðlón, eru háðar mati á umhverfisáhrifum, skv. ákvörðun Skipulagsstofnunar. Auk framangreinds vilja Hveradalir stækka núverandi skíðaskála í Hveradölum og útbúa hundruð nýrra bílastæða.

Allar umsagnir sem Skipulagsstofnun óskaði eftir vegna þessara áforma bærust stofnuninni á síðasta ári. Það var hins vegar fyrst hinn 31.



Morgunblaðið/Eggert

Hveradalir Uppbyggingaráform.

ágúst sl. sem stofnunin gaf út að umhverfisáhrif framkvæmda skyldi meta. Ítrekað hefur verið fjallað um þennan drátt í Morgunblaðinu. »14



99% afsláttur fyrir börnin

Bókaðu 6. eða 7. september fyrir börnin og þau fá 99% afslátt. Notaðu kóðann KRONA og njóttu ferðagleðinnar.

Air Iceland
Connect





Morgunblaðið/Árni Sæberg

Framkvæmdir við Freyjutorgið eru á áætlun

Nú standa yfir framkvæmdir við endurnýjun Freyjutorgs í Pingholtunum í Reykjavík sem er þar sem mætast Óðinsgata, Freyjugata og

Bjargarstígur. Þarna eru gata og gönguleiðir endurnýjaðar, snjóbræðslurör sett í allt svæðið og djúpgámum fyrir sorp komið fyrir

í stað grenndargáma. Einnig verða settir niður bekkir og trjágróður við torgið. Framkvæmdirnar, sem PK-verk sinnir, eru langt

komnar en áætluð verklok eru í október, samkvæmt upplýsingum frá Reykjavíkurborg. sbs@mbl.is

Hætta öll í landsliðinu

● Kokkar eru ósáttir við styrktarsamning við Arnarlax

Allir liðsmenn íslenskra kokkalandslíðsins, þrettán alls, hafa dregið sig úr þátttöku í liðinu í mótmælaskyni við þá ákvörðun stjórnar Klúbbs matreiðslumeistara að gera styrktarsamning við fiskeldisfyrirtækið Arnarlax hf.

Garðar Kári Garðarsson, sem hefur verið í landsliðinu frá 2011, segir í yfirlýsingu sem hann birti á Facebook í gærkvöldi að eldi fyrirtækisins á laxi í opnum sjókvíum sé ógn við villta stofna lax og silungs sem hafi margvíslegt neikvæð umhverfisáhrif í lífríki Íslands. Sjálfur noti hann eingöngu afurðir sem framleiddar séu með sjálfbærum aðferðum og í sátt við náttúruna og því dragi hann sig út úr þátttöku í landsliðinu að svo stöddu.



Morgunblaðið/Ómar

Kokkar Landsliðsfólk á æfingu.

Við þetta er því að bæta að í gær sagði Sturla Birgisson, sem hefur m.a. séð um matargerð í veiðihúsum við þekktar laxveiðiar, í yfirlýsingu að

hann segði skilið við Klúbb matreiðslumeistara vegna samningsins við Arnarlax. Á sama tíma og mörg af helstu veitingahúsum landsins hafi tekið saman höndum til varnar lífríki Íslands og lýst yfir að þau bjóði aðeins lax úr landeldi hafi klúbburinn látið gleppast og sé að auglýsa norskan eldislax sem alinn er í opnum sjókvíum við landið.

„Mér finnst auglýsinglegt að forráðamenn kokkalandslíðsins hafa ekki hugsað þetta til enda. Við erum nýbúin að lesa fréttir um að Arnarlax fékk ekki alþjóðlega vottun um umhverfisvæna og sjálfbæra framleiðslu og strax þar á eftir að eldislax er tekinn að veiðast í helstu perlum laxveiði á Íslandi,“ sagði Sturla.

Fyrningarfrestur líkamstjóns í tíu ár

● Breytingar bæta réttarstöðu tjónþola

Bifreiðaeigendur og tjónþolar eiga von á mun lengri fresti en nú er til þess að ganga á eftir kröfum sínum gagnvart tryggingafélögum, ef frumvarp ríkisstjórnarinnar til laga um ökutækjatrýggingar verður samþykkt.

Samkvæmt frumvarpinu sem birt er á samráðsgátt stjórnvalda er gert ráð fyrir að fyrningarfrestur krafna vegna líkamstjóns verði lengdur frá því að vera fjögur ár frá lokum þess almanaksárs sem kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína, í tíu ár.

Í mati á áhrifum lagasetningarinnar kemur fram að rökstuðningurinn fyrir þessari breytingu sé annars-

vegar eðli líkamstjóna og hinsvegar óvissa um upphaf fyrningarfrestsins. Þá segir að málum fyrir dómstólum sem snúa að fyrningarfresti hafi fjölgað og að ekki sé samræmi í niðurstöðum dóma í slíkum málum.

Einnig kemur fram að um 1.300 einstaklingar hafa slasast í umferðarslysnum á hverju ári síðastliðin fimm ár, en ekki er talið líklegt að þessi breyting hafi mikil áhrif á greiðsluskýldu tryggingafélaga þar sem réttarstaða eigenda ökutækja verður nánast óbreytt. Þó segir að ef greiðsluskýlda eykst sé líklegt að tryggingafélög bregðist við með hærri iðgjöldum. gso@mbl.is

Styrking bandvefs



Kísil STEINEFNI

Getur meðal annars stuðlað að:

- Styrkingu á hjarta- og æðakerfi líkamans
- Heilbrigði húðar og hárs
- Sterkari nögglum
- Góðri heilsu
- Örvun kollagen myndunar

Inniheldur engin aukaefni.



Nánari upplýsingar á www.geosilica.is

Fæst í apótekum, heilsubúðum, Hagkaupum, Nettó, Fjarðarkaupum og [geosilica.is](http://www.geosilica.is)



Morgunblaðið/Hafþór Hreiðarsson

Loftgæði Fundur Umhverfisstofnunar á Húsavík var vel sóttur.

Loftgæði innan marka

Það eru engar mælingar á loftgæðum sem sýna niðurstöður sem eru umfram heilsuverndarmörk á Húsavík, segir Einar Halldórsson, verkfræðingur hjá Umhverfisstofnun í samtali við Morgunblaðið.

Einar var einn frummælenda á kynningarfundum Umhverfisstofnunar á Húsavík síðdegis í gær. Tilgangur fundarins var að kynna niðurstöður

eftirlits stofnunarinnar og umhverfisvöktunar PCC á Bakka.

Fundurinn var vel sóttur af heimamönnum og segist Einar hafa meðal annars kynnt fyrir þeim hvernig þeir sjálfir geta fylgst með loftgæðamælingum.

Að sögn Einarssonar hefur verið farið í fimm eftirlitsferðir, þar af tvær aukaferðir. gso@mbl.is

Skuldabréfaútbod WOW nær lágmarki

Flugfélagið WOW air er nálægt því að klára skuldabréfaútbod sitt, sagði Skúli Mogensen, forstjóri félagsins, í samtali við fréttastofu Bloomborg í gær.



Skúli Mogensen

Að sögn Skúla hefur útbodinu verið mætt með mikilli eftirspurn eftir skuldabréfum í London og Skandinavíu og að félaginu muni takast að ná lágmarkinu um 50 milljónir bandaríkjadala, andvirði rúmlega 5,5 milljarða íslenskra króna.

Þá er tekið fram að íslensk stjórnvöld hafi verið að fylgjast með félaginu og segist forstjórinn sannfærður um að félaginu takist að skila hagnaði á næsta ári þrátt fyrir taprekstur 2017 og fyrri helm-ing þessa árs.



Gott til endurvinnslu

Morgunblaðið Hádegismóum 2, 110 Reykjavík. Sími 569 1100 Fulltrúar ritstjóra Sigtryggur Sigtryggsson sis@mbl.is Ágúst Ingi Jónsson aij@mbl.is Fréttir Guðmundur Sv. Hermannsson ritstjorn@mbl.is Menning Einar Falur Ingólfsson menning@mbl.is Vískaþið Stefán E. Stefánsson viskipti@mbl.is Þróttir Víðir Sigurðsson sport@mbl.is mbl.is Jón Pétur Jónsson netfrett@mbl.is Smartland Marta María Jónasdóttir smartland@mbl.is Umraedan | Minningar mbl.is/sendagrein Prentun Landsprent ehf.



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

Yaris Hybrid

--- 50% rafdrifinn*

© 2018 Toyota Motor Sales, U.S.A., Inc.



Yaris – verð frá: 2.480.000 kr.
Yaris Hybrid – verð frá: 3.050.000 kr.

HYBRID Orkuskiptin eru hafin!

Að fara af stað út í hvern dag á nettum og nýstárlegum Yaris er ómetanlegt. Þannig byrja allar ferðir vel, jafnt styttri sem lengri. Þessi pottþétta týpa er hlaðin orku og endurbættu Hybrid kerfi sem gerir þér fært að fljúga gegnum daginn.

Komdu og reynsluaktu Yaris orkubolta hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota.

- 2 ára þjónustupakki fylgir með Yaris
- Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is

Vildarpunktur Icelandair með öllum nýjum Toyotum



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19

Toyota Selfossi
Fosnesi 14

*Samkvæmt opinberum mælingum DRIVECO, CARE og ENEA á aksturstíma Hybrid bíla í blönduðum akstri, án aðkomu bensínvélar. Sjá nánar á www.toyota.is. Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is. Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 5 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

Segja sjóðfélaga bera á borð dylgjur um Frjálsa

● Munur á rekstrarkostnaði 230 milljónir en ekki 1,5 milljarðar

Stefán E. Stefánsson
ses@mbl.is

Frjálsi lífeyrissjóðurinn hafnar alfar-
ið þeim ásökunum sem Hróbjartur
Jónatansson, sjóðfélagi í sjóðnum,
heldur fram í beiðni sem hann hefur



Arnaldur
Loftsson

lagt fyrir Héraðs-
dóm Reykjavíkur
þar sem óskað er
eftir aðgangi að
rekstrarsamningi
lífeyrissjóðsins
við Arion banka.
Rætt var við Hró-
bjart vegna máls-
ins í Viðskipta-
Mogganum í gær.

Sjóðurinn segir
að Hróbjartur hafi verið upplýstur
um það í júní síðastliðnum að stjórn
sjóðsins hafi til umfjöllunar hvort
fyrirnefndur rekstrarsamningur
verði birtur opinberlega, jafnvel þótt
samkeppnissjónarmið kunni að mæla
gegn því.

„Stjórnin hefur ákveðið að horfa
sérstaklega til gagnsæis og jafnræðis
sjóðfélaga í tengslum við upplýsinga-
gjöf,“ segir Arnaldur Loftsson, fram-
kvæmdastjóri Frjálsa.

Hann segir einnig að samanburður
Hróbjarts á rekstrarkostnaði Frjálsa
og Almenna lífeyrissjóðsins sé vill-
andi.

„Hann blandar saman rekstrar-
kostnaði og áætluðum fjárfestingar-
kostnaði í sjóðnum sem fjárfest er í.
Rekstrarkostnaður á því þriggja ára
tímabili sem tekið er fyrir er hjá
Frjálsa að meðaltali 0,35% af með-
aleignum en 0,30% hjá Almenna sem
nemur um 230 milljónum kr. en ekki
1,5 milljörðum. Munurinn á rekstr-
arkostnaði sjóðanna hefur farið
minnkandi og var árið 2017 einungis
0,02% af meðaleignum,“ segir Arn-
aldur.

Þá segir hann að erfitt sé að bera
fjárfestingarkostnað sjóðanna saman
þar sem stefna þeirra sé mjög ólík.

„Stefna Frjálsa er að fjárfesta
meira í virkum sjóðum sem skýrir að
mestu mun á fjárfestingarkostnaði
sjóðanna. Forsenda Frjálsa fyrir
notkun slíkra sjóða er að þeir skili
betri árangri en ódýrari vísitölusjóð-
ir.“

Betri ávöxtun en hjá Almenna

Þá segir Arnaldur í svari til Morg-
unblaðsins að það sem skipti máli í


samanburði af þessu tagi sé lang-
tímaávöxtun sjóðanna.

„Þegar horft er til þessa skilaði
sjóðurinn betri heildarávöxtun á
markaðsvirði heldur en Almenni á
umræddu 3ja ára tímabili. Sama gild-
ir ef horft er til 10 eða 15 ára en Al-
menni skilaði aftur á móti hærri
heildarávöxtun sl. 5 ár.“

Ekki til að auka þóknatekjur

Arnaldur segir bagalegt að Hró-
bjartur hafi í beiðni sinni til dómstóla
gefið sér að hlutabréfaviðskipti
sjóðsins séu gerð til þess að auka
þóknatekjur Arion banka, sem
annast daglegan rekstur sjóðsins.

„Því fer fjarri. Velta sjóðsins á sér
eðlilegar skýringar og aðeins 16%
hennar fela í sér miðlunarkostnað
fyrir sjóðinn og af þeim hluta voru
70% við aðrar verðbréfamiðlanir en
Arion banka. Það er því rangt að um-
rædd viðskipti séu gerð sérstaklega
til að afla bankanum tekna. Hró-
bjartur heldur því fram að sjóðurinn
hafi selt hlutabréf fyrir 37,9 milljarða
á árinu 2017 sem er rangt. Hið rétta
er að sjóðurinn seldi hlutabréf fyrir
1,7 milljarða kr. á árinu,“ segir Arn-
aldur.



Hveradalir í umhverfismat

● Skipulagsstofnun tekur ákvörðun

Agnes Bragadóttir
agnes@mbl.is

Skipulagsstofnun hefur ákveðið að
framkvæmdir þær sem Hveradalir
ehf. hyggjast ráðast í til þess að
byggja upp ferðaþjónustu í Hvera-
dölum skulu fara í umhverfismat.

Hinn 2. febrúar 2017 barst Skipu-
lagsstofnun tilkynning frá Hveradöl-
um ehf. um fyrirhugaða uppbyg-
gingu ferðaþjónustu í Hveradölum,
Sveitarfélaginu Ölfusi samkvæmt 6.
gr. laga um mat á umhverfisáhrifum,
sbr. lið 12.05 í 1. viðauka laganna.

Mikill dráttur á ákvörðun

Skipulagsstofnun leitaði umsagna
Sveitarfélagsins Ölfuss, Ferðamála-
stofu, Heilbrigðiseftirlits Suður-
lands, Minjastofnunar Íslands, Um-
hverfisstofnunar, Veðurstofu
Íslands og Vegagerðarinnar. Allar
umsagnir bárust Skipulagsstofnun á
árinu 2017, en það var ekki fyrr en
31. ágúst sl. sem Skipulagsstofnun
gerði ákvörðun sína um að fyrirhug-
aðar framkvæmdir færu í umhverf-
ismat. Ítrekað hefur verið fjallað í
fréttum í Morgunblaðinu um hversu
mikill dráttur hefur orðið á því að
stofnunin kæmist að niðurstöðu.

Vilja reisa 9.000 fermetra hótél

Hveradalir ehf. vilja m.a. 8.500
fermetra baðlón í Stóradal þar sem
nýtt verði jarðhitavatn frá Hellis-



Morgunblaðið/Eggert

Hveradalir Þar er fyrirhugað bað-
lón, stærri skíðaskáli og stórt hótél.

heidarvirkjun; reisa 2.500 fermetra
baðhús við lónið; reisa 9.000 fer-
metra 120 herbergja hótél og stækka
núverandi skíðaskála.

Hveradalir ehf. gera ráð fyrir
tveimur aðkomuleiðum að svæðinu
frá þjóðvegi og bílastæðum fyrir allt
að 550 bíla og u.þ.b. 15 rútustæðum.
Að auki er gert ráð fyrir bílastæði
fyrir u.þ.b. 100 bíla við Skíðaskálann.

Ákvörðunarorð Skipulagsstofnun-
ar eru svohljóðandi: „Á grundvelli
fyrirliggjandi gagna er það niður-
staða Skipulagsstofnunar að fyrir-
huguð framkvæmd geti haft í för
með sér umtalsverð umhverfisáhrif,
sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2.
viðauka laga um mat á umhverfis-
áhrifum. Því skal framkvæmdin háð
mati á umhverfisáhrifum. Sam-
kvæmt 14. gr. laga um mat á um-
hverfisáhrifum má kæra ákvörð-
unina til úrskurðarnefndar
umhverfis- og auðlindamála. Kæru-
frestur er til 3. október 2018.“



Morgunblaðið/Hari

Þjóðkirkjan tekur grænu skrefin

Í starfi þjóðkirkjunnar er nú hafið *Tímabil sköp-
unarverksins* sem stendur til 4. október. Verkefnið var
kynnt í gær í Seljagarði í Breiðholti í Reykjavík þar
sem sr. Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands, hug-
aði að uppskeru jafnframt því sem umhverfisstarf í

söfnuðum landsins var kynnt. Á næstunni verða haldn-
ar uppskerumessur og söfnuðir hvattir til að stíga
græn skref með því að minnka soun, hætta plastnotkun
og auka skógrækt. Þá hefur biskup skrifað undir yf-
irlýsingu um bann við notkun svartolíu í Norðurhöfum.

Klassísk gæða húsgögn á góðu verði

Opið virka daga
11-18
laugardaga
11-15

Komið og skoðið úrvalið

NÝFORM

HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | [nyform.is](#)

VEÐUR KL. 12 Í DAG


Suðaustlæg átt, víða 5-13 m/s, en 13-18 í vindstrengjum með suður- og vesturströndinni. Skýjað að mestu og úrkumulítið, en bjartviðri norðanlands. Fer að rigna sunnantil í kvöld.

Tunglið

	7. september	Sólarupprás	Sólsetur
REYKJAVÍK	6:29	20:24	
ÍSAFJÖRÐUR	6:28	20:34	
SIGLUFJÖRÐUR	6:11	20:17	
DJÚPÍVOGUR	5:57	19:55	

Veður víða um heim 6.9., kl. 18.00

Reykjavík	11 skýjað
Bolungarvík	11 alskýjað
Akureyri	13 léttskýjað
Nuuk	7 rigning
Þórshöfn	11 skúrur
Ósló	17 skýjað
Kaupmannahöfn	20 skýjað
Stokkhólmur	17 heiðskirt
Helsinki	10 heiðskirt
Lúxemborg	21 heiðskirt
Brussel	20 léttskýjað
Dublin	14 skýjað
Glasgow	12 rigning
London	19 rigning
París	21 léttskýjað
Amsterdam	17 skúrur
Hamborg	24 heiðskirt
Berlín	24 heiðskirt
Vín	24 heiðskirt
Moskva	21 heiðskirt
Algarve	23 léttskýjað
Madrid	17 heiðskirt
Barcelona	24 þrumuveður
Mallorca	29 léttskýjað
Róm	26 léttskýjað
Ápena	27 léttskýjað
Winnipeg	14 skýjað
Montreal	20 skýjað
New York	27 þoka
Chicago	19 rigning
Orlando	31 léttskýjað




ÚTSÖLULOK!

Allt að sjötíu prósentu
afsláttur af sýningarvörum.

**SÍÐUSTU DAGAR, ÚTSÖLUNNI LÝKUR
Á MORGUN LAUGARDAG KL. 16!**

HANS J. WEGNER,
ARNE JACOBSEN,
BORGE MOGENSSEN,
PHILIPPE STARCK,
ERIK MAGNUSSEN, OFL.

Skeifan 6 / 5687733 / www.epal.is



Tökum þátt vegna EES-samningsins

● Ríki EES/EFTA taka nær alltaf þátt í pólitískum yfirlýsingum Evrópusambandsins ● Prófessor í stjórnmálafræði segir gagnrýniverð að ekki sé tekin meiri umræða hér um þátttöku í aðgerðum ESB

Kristján H. Johannessen
khj@mbl.is

„Við tökum þátt í þessum þvingunar-
aðgerðum gegn Rússlandi í tengslum
við aðild okkar að EES-samningnum



Baldur
Þórhallsson

og á það einnig við
um flestallar að-
rar þvingunar-
aðgerðir sem Ís-
land tekur þátt í.
Stjórnvöld ákváðu
að farsælla væri
að vera í samfloti
með helstu banda-
lagsríkjum okkar
innan ESB og
Bandaríkjunum

en að rjúfa sam-
stöðuna þó að það kostaði þjóðarþúið
nokkuð,“ segir Baldur Þórhallsson,
prófessor í stjórnmálafræði við Há-
skóla Íslands, við Morgunblaðið.

Visar hann í máli sínu til þvingun-



Morgunblaðið/Eggert

Þingsalur Þörf er á meiri umræðu um utanríkismál og alþjóðlega þátttöku.

araðgerða flestallra ríkja sem teljast
til Vesturlanda gegn Rússlandi vegna
ólöglegra aðgerða Rússa á Krim-
skaga og í austurhluta Úkraínu. Að

sögn Baldurs var í kjölfar samnings-
ins um Evrópska efnahagssvæðið
(EES) gert samkomulag á milli ríkja
EFTA/EES og Evrópusambandsins

(ESB) þess efnis að EFTA-ríkjunum
býðst að taka þátt í svokölluðum póli-
tískum yfirlýsingum Evrópusam-
bandsins.

„Evrópusambandið ákveður þess-
ar pólitísku yfirlýsingar, s.s. þær sem
taka til þvingunaraðgerða, og er Ís-
landi, Noregi og Liechtenstein boðið
að taka þátt í þeim. Framkvæmdin
hefur hins vegar verið þannig að rík-
junum þremur er tilkynnt um þær og
þau spurð hvort þau vilji vera með
eða ekki. Og við erum nánast alltaf
með,“ segir Baldur.

Spurður hvort þetta fyrirkomulag
sé ekki á einhvern hátt gagnrýniverð
kveður Baldur já við. „Ég hef áður
gagnrýnt að ekki sé alvörusamráð á
milli ríkja ESB annars vegar og
EFTA/EES hins vegar, um þetta og
um leið að hér heima eigi sér ekki
stað nein alvöru umræða um þátt-
töku Íslands í þessum pólitísku yf-
irlýsingum,“ segir hann.

Vonast eftir góðvild frá Rússum

Sumarið 2015 setti Rússland við-
skiptabann á vörur frá Íslandi vegna
þátttöku í þvingunaraðgerðum Vestur-
landa og segir Baldur íslensk stjórn-
völd þá hafa ákveðið að hætta að taka
þátt í pólitískum yfirlýsingum ESB um
þvingunaraðgerðirnar þó Ísland taki
virkan þátt í þeim.

„Þetta er dálítið sérkennilegt, en ég
met það svo að menn séu að reyna að
láta lítið fara fyrir sér. Þegar fjölmiðlar
erlendis birta fréttir af því að Evrópu-
sambandið hafi endurnýjað þvinganir
gagnvart Rússlandi eru nöfn Noregs
og Liechtenstein á yfirlýsingunni en
ekki Ísland. Ég tel að íslensk stjórnvöld
hafi með þessu verið að vonast til þess
að rússnesk stjórnvöld myndu draga úr
þvingunum sínum gegn Íslandi. Það
hafa þau hins vegar ekki gert,“ segir
Baldur, en ESB framlengdi seinast
þvinganir til hálfis árs í júlí sl.

Fordómar gagnvart starfinu

● Fleiri ófaglærðir en faglærðir starfa á leikskólum landsins og stétt leikskóla-
kennara virðist vera að eldast en nýliðun hefur verið heldur lítil síðustu ár

Guðrún Óla Jónsdóttir
gudruno@mbl.is

Nýjar tölur Hagstofu Íslands sýna
að aðeins 27% þeirra sem störfuðu á
leikskóla árið 2017 voru menntaðir



Kristín Dýrfjörð

leikskólakenn-
arar. Ófaglærðir
voru 47% og 26%
voru með aðra
uppeldismenntun.

Þá voru leikskóla-
kennarar fjöl-
mennastir á aldr-
inum 40-49 ára,
eða 35%. Fæstir
voru þeir hins
vegar á aldrinum
20-29 ára, eða 2%.

Gerð er krafa um það í lögum að

tveir þriðju hlutar starfsfólks sem

sinnir menntun og uppleði í leik-
skólum séu leikskólakennarar en sú

virðist ekki vera raunin.

Parf að breyta viðhorfinu

Kristín Dýrfjörð, dósent við Há-
skólann á Akureyri, segir framtíð-
armarkmiðin alltaf hafa verið þau að
allir leikskólakennarar ættu að vera
menntaðir sem slíkir og telur að það
þurfi átak í launamálum, og ekki síð-
ur viðhorfsmálum, til að snúa þróun-



Morgunblaðið/Hari

Ekki raunin Lögin kveða á um að tveir þriðju hlutar starfsfólks séu fag-
menntaðir en samkvæmt tölum Hagstofun Íslands virðist svo ekki vera.

inni við. Hún segir mikilvægt að
faglærðum fjölgi meðal þeirra sem
starfa á leikskólum. Þó séu margir
sem þar starfa sem hafi lagt allt sitt
í starfið án menntunar og hún vilji
alls ekki missa það fólk úr starfi.

„Það hafa verið fordómar gagn-
vart þessu starfi. Mörgum virðist
einfaldlega ekki detta í hug að fara
með hvaða próf sem er til starfa á
leikskóla. En svo kemst fólk jafnvel
að því að eru launin í þessu starfi
ekkert endilega verri en í einhverju

öðru. Það er jafnvel virðing og
spenna við það að fara frekar í önn-
ur störf en því þarf að breyta. Það
þarf að breyta viðhorfum til þess í
hverju starfið er fólgið. Þetta sé
spennandi, gefandi og skemmtilegt
og með alls konar vaxtamögu-
leikum. Það er hægt að gera allt
mögulegt í þessu starfi.“

Kristín segir að leikskólum hafi
fjölgað hratt í kringum árin 1994-95
og menntunin hafi engan veginn
haft við uppbyggingunni. Nýliðun í

stéttinni sé líka lítil til þess að gera,
þar spili lengri menntun inn í en að
auki hafi verið settar strangari
kvaðir á allar undanþágur sem
höfðu verið veittar þeim sem ekki
voru með stúdentspróf á að fara í
háskólanám.

Oft fleiri faglærðir úti á landi

Séu tölur skoðaðar á síðu Hag-
stofunnar sést að fleiri faglærðir
starfa í leikskólum sums staðar á
landsbyggðinni en á höfuðborg-
arsvæðinu. Á Norðurlandi eystra
voru til dæmis 45% faglærðir en
34% ófaglærðir árið 2017 en á höf-
uðborgarsvæðinu á sama tíma voru
25% faglærðir en 49% ófaglærðir.

Kristín segir nokkra þætti geta
útskýrt þennan mun. „Ég held að
atvinnutækifæri eigi þar stóran
þátt. Það eru mun fleiri atvinnu-
tækifæri á höfuðborgarsvæðinu og
þar á fólk með ágætis menntun, sem
getur nýst í fleira en starf á leik-
skóla, meiri möguleika á að vinna
önnur störf. Ef þú ert kominn í gott
starf í leikskólanum hjá sveitarfé-
lagi þar sem er lítið um atvinnu-
framboð þá stekkur fólk ekki í eitt-
hvað annað þótt því bjóðist
tímabundið starf annars staðar, eins
og raunin er kannski í Reykjavík.“



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

Flugdagur Pota úr flota Icelandair.

Tugir véla á flugsýningu

● Listflug, þotur og fallhlífarstökk

Tugir flugvéla, þotur, þylur, list-
flugvélar, fisflugvélar, sviffflugur,
einkavélar, drónar og fleira,
fljúgandi og á jörðu niðri verður
til sýnis á flugsýningunni sem
verður á Reykjavíkurlugvelli á
morgun, laugardag. Viðburðurinn
hefst klukkan kl. 12.

Listflug er áberandi á sýning-
unni að þessu sinni og verða
fremstu listflugmenn landsins í
vélum sínum tilbúna að sýna list-
ir sínar yfir vellinum. Sumarið
hefur verið fluginu gott og flug-
menn því í góðri æfingu eftir
flughátíðir víða um land. Einnig
verður sýnt fallhlífarstökk.

Páll og Boeing

Meðal flugvéla sem sýndar
verða á morgun eru Páll Sveins-
son, Douglas C-47A; best þekkt úr
áburðarflugi Landgræðslunnar en
áður var hún í eigu Flugfélags Ís-
lands og var fyrst skráð á Íslandi
árið 1946. Einnig verður sýnd Bo-
eing 757 frá Icelandair og ekki er
ólíklegt að fleiri áhugaverðar vél-
ar verði á svæðinu.

„Það er mikil gróska í fluginu á
Íslandi um þessar mundir. Flug-
félögin hafa ráðið fjölda fólks á
síðustu misserum og margir eru í
flugnámi. Þetta smitar fljótt út
frá sér niður í grasrótarstarfið
sem er mjög öflugt um þessar
mundir,“ sagði Matthías Svein-
björnsson, formaður Flugmála-
félags Íslands, í samtali við
Morgunblaðið.

Stór viðburður

Flugsýningin er með stærri við-
burðum í borginni á hverju ári og
hafa gestir verið um 8-10 þúsund
talsins. Eru gestir hvattir til þess
að mæta tímanlega en bílastæði
eru við Háskólann í Reykjavík og
í nágrenni Reykjavík Natura hót-
elsins. Sýningarsvæðið sjálft er á
bak við Hótel Natura.

Ný bók Matthíasar fær góðar viðtökur

● Á lista yfir mest seldu ljóðabækurnar

Nýútkomin ljóðabók Matthíasar Jo-
hannessen, skálds og fyrrverandi
ritstjóra Morgunblaðsins, *Enn logar*



Skáld Matthías
Johannessen

jökull, hefur
fengið góðar við-
tökur meðal
ljóðaunnenda.
Bjarni Harðarson
hjá Sæmundi,
sem gefur bókina
út, segir að hún
hafi verið í öðru
sæti yfir mest
seldu ljóðabæk-
urnar samkvæmt
lista Eymunds-
son í síðustu yku. Í fyrsta sæti er
bók Eypórs Árnasonar, *Skepnur eru*

vitlausar í þetta.

Þetta er tuttugasta og sjötta

ljóðabók Matthíasar, en hann hefur
einnig skrifað leikrit og gefið út
fjölda skáldverka annarra, skrifað
samtalabækur og fræðibækur. Í
bókinni eru ljóð frá síðustu árum.
Ort er um landið, tjaldskór tímans
og tekst á við ellina með skírskotun
til Egils.

Bjarni segir að ljóðabækur séu
enn að seljast þrátt fyrir samdrátt í
bóksölu. „Þetta eru ekki háar tölur,
en áhuginn er til staðar,“ segir hann.
„Og Matthías er ekkert gleymdur.“
Varðandi kaupendahópinn bendir
hann á að Matthías hafi gefið út
ljóðabækur í marga áratugi og
margt fólk sem fylgst hefur með
honum lengi láti ekki nýja bók frá
honum fram hjá sér fara.
gudmundur@mbl.is

Ópalsjávarfang

Heitreyktur lax

Tilbúinn til neyslu, en má hita.

Afbragðs vara, holl og
næringarík.



Söluaðilar: Hagkaup, Iceland verslanir, Melabúðin, Nettó, Samkaup kjörbúðir,
Samkaup krambúðir og Pure Food Hall í flugstöðinni Keflavík.

Náttúrulegt val
HREIN MJÓLKURAFURÐ

- ✓ *Án bragðefna*
- ✓ *Án gelatíns*
- ✓ *Án rotvarnarefna*





STAKSTEINAR

Þrengingar, braggi eða skólamáltíðir?

Kolbrún Baldursdóttir, borgarfulltrúi Flokks fólksins, finnur að því í færslu á blog.is að borgin hafi ákveðið að „endurnýja bragga fyrir 415 milljónir í stað þess að fjármagna frekar í þágu þeirra sem minna mega sín og barnanna í borginni. Nýlega hefur borgin fella tillögu Flokks fólksins um að hafa gjaldfrjálsar skólamáltíðir. Fyrir 415 milljónir hefði mátt metta marga litla munna!!!“



Kolbrún Baldursdóttir

Hún segist ekki ætla að gefast upp en leggi næst til þriðjungslækkun skólamáltíðanna.

Éf til vill fellst meirihlutinn á þriðjunginn, en það var einmitt um það bil þriðjungurinn af því sem meirihlutinn hafði upphaflega ætlað í braggann.

Bragginn átti að kosta 158 milljónir en fór í litlar 415 milljónir eins og áður sagði.

En það er ekki aðeins bragginn sem meirihlutinn hefur á síðustu misserum notað til að losa sig við útsvar borgarbúa.

Fuglahúsin við Hofsvallagötu voru drjúg og þrengingarnar á Birkimel hafa skilað miklu, að ekki sé talað um breytingarnar á Grensásveginum sem einar slöguðu hátt í framúrkeyrslu braggans.

Þess vegna er ekki útilokað að fé finnst til að lækka skólamáltíðir um þriðjung, en þó er líklegt að brýnna verði talið að þrengja eina götu enn.

Hægt er að lýsa skoðun á ritstjórnargreinum Morgunblaðsins á síðinni <http://mbli.is/mogginn/leidarar/>

Vilja mat á áhrifum Einbúavirkjunar

● Áform um 9,8 MW rennslisvirkjun í Skjálfandafljóti ● Umhverfisáhrif lágmörkuð

Litluvellir ehf. hafa lagt fram tillögu að matsáætlun vegna mats á umhverfisáhrifum Einbúavirkjunar í Skjálfandafljóti. Um er að ræða rennslisvirkjun í landi Kálfborgarár og Einbúa í Bárðardal. Uppsett rafafli verður 9,8 MW og verður um 24 metra fall nýtt á um 2,5 km kafla í fljótinu. Gert er ráð fyrir að reisa flóðvirki þvert yfir Skjálfandafljót um 300 metra ofan við bæinn Kálfborgará og að vatni verði veitt úr Skjálfandafljóti

um 1,3 km langan aðrennslisskurð að stöðvarinntaki skammt ofan við þar sem Kálfborgará rennur í Skjálfandafljót.

Rétt innan viðmiðunar

Í tillögu að matsáætlun, sem greint er frá á heimasíðu Skipulagsstofnunar, kemur fram að markmið Litluvalla ehf. er að framleiða raforku sem nýtt verði á Norðurlandi með því að virkja grunnrennslis jökulvatns án

miðlunar, þannig að umhverfisáhrif verði lágmörkuð.

Uppsett afl Einbúavirkjunar verður nærri viðmiði um matsskyldu, sem er 10 MW, og efnistaka matsskyld. Litluvellir telja eigi að síður æskilegt að framkvæmdin verði háð mati á umhverfisáhrifum. Í tillögunni segir að Einbúavirkjun verði hönnuð sem rennslisvirkjun og muni ekki breyta framburði og vatnsstöðu Skjálfandafljóts. „Virkjunin mun ekki hafa áhrif

á þau gæði sem verðmætatmat verkefnisstjórnar rammaáætlunar byggði á,“ segir í tillögunni.

Rífað er upp að samkvæmt niðurstöðu verkefnisstjórnar 3. áfanga rammaáætlunar voru virkjanaáform í Skjálfandafljóti sett í verndarflokk. Í öllum tilfellum hafi verið um að ræða framkvæmdir sem gerðu ráð fyrir að stífla Skjálfandafljót ofan Bárðardals, sem hafa myndi áhrif á vatnasvið þess allt til sjávar í Skjálfanda.

Nálgunarbann eftir heimilisofbeldi

Landsréttur hefur staðfest úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur um að karlmaður skuli sæta nálgunarbanni gagnvart eiginkonu sinni og ólög-ráða dóttur til 27. október nk.

Í greinargerð vegna málsins segir að lögreglu hafi borist tilkynning um heimilisofbeldi í ágúst sl. Málavextir voru þeir að maðurinn hafði verið

heima með dóttur þeirra en hringdi svo í konu sína og sagðist vilja losna annarra erinda vegna. Þegar konan sagðist ekki koma heim strax hótaði maðurinn að skaða barnið og vinna henni mein. Þegar konan kom heim henti hann henni á rúmið í svefnherberginu, læsti því og tók hana kyrkingartaki svo hún átti erfitt með

að anda. Áverkar voru á hálsinum á henni.

Lögreglustjóri sagði ljóst að maðurinn lægi undir sterkum grun um að hafa beitt konuna ofbeldi og hótað ólöggráða dóttur þeirra. Talin væri hætta á endurtekningu þess og að öryggi mæðganna yrði ekki tryggt með vægari hætti en nálgunarbanni.

Auka- og varahlutaverslun

Toyota Kauptúni

Varahlutir sem passa hnökralaust

Toyota Kauptúni S: 570 5070

Andlát

Sveinn Snorrason

Sveinn Snorrason, hæstaréttarlögmaður og fyrrverandi forseti Gólfambands Íslands, lést aðfaranótt síðastliðins mánudags, 93 ára að aldri. Sveinn fæddist hinn 21. maí árið 1925 á Seyðisfirði.

Hann hóf laganám haustið 1946 og fékk hlutastarf hjá Lárusi Jóhannessyni hæstaréttarlögmanni.

Þá stofnaði hann lögmennsstofu sína á árinu 1959. Til samstarfs við hann komu Guðmundur Ingvi Sigurðsson, Jónas A. Aðalsteinsson og Jóhannes L.L. Helgason. Stofan hlaut síðan nafnið LEX árið 1987.



Hann gegndi embætti formanns Lögmennafélags Íslands 1986 til 1988 og varð hann heiðursfélagi árið 1996. Sveinn lét af lögmennsstörfum árið 2002.

Sveinn var iðinn kylfingur og sat meðal annars í stjórn Gólfklúbbs Reykjavíkur. Síðar hlaut hann embætti forseta Gólfambands Íslands og gegndi því árin 1962 til 1969.

Hann lætur eftir sig eiginkonu, Ellen-Margrethe Snorrason og tvær dætur þeirra, ásamt barnabörnum.

Steinunn Birna endurráðin óperustjóri



Steinunn Birna Ragnarsdóttir

Fram kemur í tilkynningu að Steinunn Birna

Stjórn Íslensku óperunnar hefur endurráðið Steinunni Birnu Ragnarsdóttur í stöðu óperustjóra Íslensku óperunnar fyrir næsta ráðningartímabil þar til í júní 2023.

hafi verið virk í listalífi landsins um árablið bæði sem pianóleikari, listrænn stjórnandi Reykholtskátíðar og tónlistarstjóri Hörpu. Hún lauk nýlega þriggja ára framhaldsnámi frá háskólanum í Maryland fyrir framúrskarandi listræna leiðtoga og stjórnendur listastofnana, en hún var valin árið 2016 ásamt 12 listrænum stjórnendum frá ýmsum löndum af nokkur hundruð tilnefningum.

ÚTSALA

Allar stangaveiðivörur

ORVIS

MOUCHES ATLANTIQUE



ATLANTIC FLIES

RAPALA

SHIMANO

AIRFLO

PENN

FLADEN

Mikið úrval af silunga og laxaflugum

Vöðlur Taumaefni
Vöðlujakkar Háfar
Vöðluskór Töskur
Flugur Veiðihjól
Flugulínur Kaststangir
Flugustangir Spúnar

Fluguhnýtingaefni

Vesturröst

Sérverslun veiðimannsins Laugaveg 178 - sími 551 6770 - www.vesturroost.is

Fjárfesting í mannauði hafi skilað miklu

● Forsætisráðherra boðar milljarða styrki til hugverkageirans á Íslandi

Baldur Arnarson
baldura@mbi.is

Vísbendingar eru um að aukin fjárfesting í menntun eftir efnahagshrunið eigi þátt í vexti hugverkageirans síðustu ár.



**Katrín
Jakobsdóttir**

greiða fyrir menntun fólks sem missti vinnuna í kjölfar efnahags-
hrunsins, bæði á framhaldsskóla- og
háskólastigi. Birtist það í fjölgun
nemenda, bæði í framhaldsskólum
og sérstaklega háskólum en skólarnir
opnuðu dyr sínar fyrir miklum
fjölda nemenda á þessum tíma. Sú
fjölgun varð ekki síst í raungræmum,
sterðfræði og í tölvunarfræðum.

Fram kom í Morgunblaðinu í fyrradag að hlutur hugverkageirans

í þjóðarframleiðslu nálgast 200 milljarða. Spurð um þennan vöxt, með hliðsjón af fjölgun tölvunarfræðinga, segir Katrín að fjárfesting í mannauði eftir efnahagshrunið hafi skilað árangri. Sá árangur sé jafnvel umfram væntingar.

Styrktu fólk til að mennta sig



„Við fórum í átaksverkefni sem ég hef verið mjög stolt af síðar meir. Við hövttum fólk sem missti vinnuna í hruninu til að sækja sér menntun.

Bæði voru búnar til námsbrautir en um leið tryggt að fólkð missti ekki atvinnuleysisbætur ef námið var ekki lánshæft. Síðar á þessu kjörtímabili settum við aukna fjármuni í rannsóknar- og tæknipróurnarsjóð og inn í skapandi greinar. Það er mín trú að þetta hafi verið algjört lykilatíði og sé áfram lykilatíði í nýsköpun. Vöxtur hugverkageirans er mjög góð tíðindi. Af því að það skiptir svo miklu máli að við séum með fleiri stöðir undir okkar efna-
hagslífi og fleiri stöðir sem snúast um og byggjast á hugvitinu.“

Katrín boðar frekari framlög til nýsköpunar.

„Hluti af stefnumótun núverandi



Brautskráningar, fjöldi nemenda og nýnema í háskólum 2006-2016



Heimild: Hagstofa Íslands	2006-07	2007-08	2008-09	2009-10	2010-11	2011-12	2012-13	2013-14	2014-15	2015-16
 Brautskráningar	3.560	3.713	3.458	4.113	4.346	4.108	4.029	4.287	4.419	4.593
 Næmdur á háskóla- og doktorsstigi (alls)	15.848	16.658	16.944	18.067	18.846	19.156	19.127	19.890	18.929	18.590
Nýnemar										
 Á háskóla- og doktorsstigi	3.130	3.379	3.667	4.375	3.875	3.790	4.083	4.077	3.708	3.431
 Í raunvísindum, stærðfræði og tölvafræði	312	329	323	515	500	506	594	671	545	476

Hugverkaðnaður og menntunarstaða

*Heimild: SI



rikisstjórnar er að fjárfesta meira í nýsköpun og þróun í gegnum nýjan þjóðarsjóð en sú fjárfesting gæti numið milljörðum á næstu árum. Samhliða því verður mótuð nýsköpunarstefna fyrir Ísland.“

– Rætt er um að sterkt gengi krónu og hækkandi launakostnaður hafi skert samkeppnisstöðu Íslands. Hefur ríkisstjórnin skoðað mögulegar mótvægisáðgerðir?

„Auðvitað skiptir máli að viðhalda efnahagslegum og félagslegum stöðugleika. Þar spila annars vegar sam- an ríkisfjármál, peningastefna og vinnumarkaðurinn og við erum að leggja okkar af mörkum í því efni. Hins vegar skiptir máli að stjórnvöld komi með virkari hætti að þessum geira. Það gerum við með stefnumót- uninni og sérstakri áherslu á að við séum að byggja þetta upp til lengri tíma og með því að taka frá peninga til fjárfestinga,“ segir Katrín.

SUBARU FORESTER.
BREGST SJÁLFKRAFA VIÐ ÓVÆNTUM
AÐSTÆÐUR

94% ökumanna finnst þeir öruggari með EyeSight tækni

Þú fyllist hugarró þegar þú veist að bíllinn þinn skerst í leik og aðstoðar þig við að koma í veg fyrir árekstur. Varar þig við þegar aðvísandi ökutæki er á blinda punktinum. Og gerir þér kleift að leggja bílnum áreynslulaust í þröngt stæði með aðstoð myndavélar sem sýnir nálægð við gangstéttarbrún. Slakaðu á. EyeSight er staðalbúnaður í Subaru Forester LUX, bensín.

Subaru Forester Premium, sjálfskiptur. Verð frá: 4.990.000 kr.

SUBARU

Confidence in Motion

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bva.is
461 2533

Bilaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

ENNEM / SIA / NM80328

ÁFORM CCP UM FLUTNINGA Í VATNSMÝRI ERU ÓBREYTT



Teikning/Andrúm arkitektar

Við Sturlugötu Áformað er að taka Grósku í notkun í lok næsta árs.

Allt að 800 starfsmenn gætu rúmast í nýrri tæknibyggingu

Áform um að flytja starfsemi tölvuleikjafyrirtækisins CCP á Íslandi í nýbyggingu í Vatnsmýri eru óbreytt. Salan á CCP til fyrirtækis í Suður-Kóreu breytir þeim ekki.

Þetta fékkst staðfest hjá upplýsingafulltrúa CCP. Stefnt sé að því að flytja inn í nýjar höfuðstöðvar í desember 2019.

Fyrirtækið hyggst flytja starfsemina af Grandanum í Grósku, hugmyndahús, við Sturlugötu í Vatnsmýri, sunnan við náttúrufræðahúsið Óskju. Fyrirtækið mun leigja þriðju hæðina. Unnið er að uppsteypu á húsinu.

Árni G. Magnússon, framkvæmdastjóri Grósku, segir margar fyrirspurnir hafa borist um leigurémi í Grósku. Byggingin muni rúma 500-800 manns. Það sé mismunandi eftir fyrirtækjum hversu margir fermetrar verða undir hvern starfsmann.

Til dæmis þurfi sum fyrirtæki meira pláss en önnur undir rann-

sóknartæki. Byggingin Gróska verði fjórar hæðir og um 24 þúsund fermetrar með bílajakallara.

Gróska eigi að vera opið hús fyrir alla með viðtæka starfsemi.

Þær upplýsingar fengust jafnframt frá CCP að kaupandinn, suðurkóreska fyrirtækið Pearl Abyss, hefði vakið athygli fyrir fram-sækna fyrirtækjamenningu í Asíu. Þá meðal annars varðandi aðbúnað starfsmanna.

Bent er á að ákveðin teymi hafi unnið að ákveðnum tölvuleikjum hjá CCP. Eitt sé á Íslandi, annað í London og það þriðja í Sjanghæ sem gerir farsímaútgáfur af leikjunum. Ekki séu áform um að breyta þessu fyrirkomulagi. Suðurkóreska fyrirtækið hyggist nýta sér 15 ára reynslu CCP af sölu og markaðssetningu á Vesturlöndum. Þá var bent á að eigendur Pearl Abyss hefðu ástríðu fyrir tölvuleikjum. Slíkir leikir séu snar þáttur í suðurkóreskri menningu.

Aukin sálfræðipjónusta

● Nýtt samkomulag LSS og Sambands ísl. sveitarfélaga

Slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn munu fá greiðara aðgengi að sálfræðipjónustu með nýju samkomulagi Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS) og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Tilkynnt var um þetta í gær á blaðamannafundi sem haldinn var í Skógarhlíð í Reykjavík.

Samkomulagið felur í sér að slökkviliðsstjórar geta óskað eftir sálfræðipjónustu þegar þeir telja þörf á fyrir starfsmenn sína og það

sama gildir um sjúkraflutningamenn. LSS mun einnig hvetja ríkið til þess að veita sjúkraflutningamönnum sem starfa á þess vegum sömu þjónustu. Þá hefur Neyðarlínan samþykkt að innleiða ferli sem á að virkja sálrænan stuðning við vissar aðstæður. Um er að ræða tilrauna-verkefni sem verður endurmetið um áramót.

Magnús Smári Smáráson, formaður LSS, fagnar samkomulaginu. „Við vonumst til þess að fá svar sem allra

fyrst frá ríkinu því þetta mál brennur á þessum stétum sem daglega horfast í augu við mjög erfiðar aðstæður sem oft er erfitt að vinna úr sem einstaklingur. Þetta er afar mikilvægt skref í heildrænni hugsun um velferð okkar starfsmanna því eins og almenningur veit þá geta bæði áföll og andlegt álag leitt af sér fjölmarga kvilla með ófyrirsjáanlegum afleiðingum,“ segir hann, en samið var við sálfræðingana á Lynghálsi til að sinna þessari þjónustu á landsvísu.



Útsalan er hafin

30-60% afsláttur af völdum vörum

Undirföt
Sundföt
Náttföt
Sloppar

Selena

Bláu húsin v/Faxafen
Sími 553 7355 • www.selena.is • Selena undirfataverslun [f](#) • Næg bílastæði



Morgunblaðið/Hanna

Greining Icelandair ýtti nýverið nýrri nettækni-/greiningardeild úr vör.

Skortur á tölvufólki á Íslandi

● Metfjöldi í Félagi tölvunarfræðinga

Baldur Arnarson
baldura@mbli.is

Hrafn Þorvaldsson, formaður Félags tölvunarfræðinga (FT), segir 60-80 félagsmenn hafa bæst við félagskrá í sumar. Þeir séu nú um 1.200. „Nýliðun í félaginu hefur verið meiri í ár en í fyrra,“ segir Hrafn.

Hann minnir á að FT sé fagfélag tölvunarfræðinga. Jafnframt sé til Stéttarfélag tölvufræðinga.

„Það eru mikil tækifæri í greininni. Það eru mörg nýsköpunarsetur, meðal annars Innovation House (Eiðistorgi), Startup Iceland, Startup Reykjavík (Arion banki) og nú Startup Tourism (Vodafone, Bláa lónið, Isavia og Íslandsbanki). Það vantar ekki leiðirnar til að koma hugmyndum á legg.“

Minna fjármagn í boði

Hrafn segir mikil tækifæri fyrir tölvunarfræðinga á Íslandi.

„Miðað við það sem ég heyri úr greininni vantar fólk. Þá fyrst og fremst fólk með reynslu. Hins vegar þurfa nemendur að byrja einhvers staðar. Þeir þurfa líka tækifæri.“

Spurður um tækifærin segir Hrafn nýja tækni skapa ný tækifæri. Þá meðal annars í gervigreind.

Bankarnir þurfa nýja tækni

„Bankarnir eru að fækka útibúum. Á móti þarf að gera viðskiptavinum kleift að þjónusta sig sjálfir. Til þess þarf að gera fólki mögulegt að nota öpp, eða vefsíður. Þá þarf að búa til hugbúnað innan fyrirtækjanna sem opna á þann möguleika. Landamæri takmarka ekki fyrirtæki í stafrænni tækni. Það er hægt að þróa hugbúnað á Íslandi sem er eingöngu seldur í Asíu, svo dæmi sé tekið,“ segir Hrafn.

Kristinn Árni L. Hróbjartsson er stofnandi vefsíðunnar Northstack, sem fjallar um sprota- og tæknigeirann á Íslandi. Hann segir fjárfestingu í hugbúnaðarfyrirtækjum á Íslandi hafa margfaldast á síðustu árum. Bæði hafi styrkir frá Tækniþróunarsjóði aukist verulega, og nýir fjárfestingarsjóðir sem fjárfesta einvörðungu í sprotafyrirtækjum fjárfest mikið á síðustu árum. Einnig hafi erlend fjárfesting í sprotafyrirtækjum aukist mikið.



Nýjar haustvörur

Full verslun af nýjum haustvörum

galleri OZONE

AUSTURVEGI 35
SELFÖSS

Galleri Ozone | Austurvegi 35 | 800 Selfoss | S. 534 8040 | Skoðaðu úrvalið á [f](#) | Sendum frítt um land allt



Rúnum ristur Gamalt fólk í fátækrahverfum Indlands hefur reynt marga um ævina, eins og annað fólk sem býr við skort og hefur takmarkaðan aðgang að heilbrigðisþjónustu.



Vændishverfi Kamatiphura er stærsta rauða hverfi í Asíu. Langamma passar oft börnin á meðan amma, mamma og dóttir vinna í vændi í kofanum sem þau búa í.



Hveitimalari í Daravi Í stærsta fátækrahverfi í Indlandi býr rúmlega milljón manns á svæði sem er á stærð við Fellahverfið. Malarar mala hveiti í litlum básum hér og þar um Bombay.

Vinnur á sjón- um fyrir flakki um heiminn

Í hvert sinn sem hann fer frá Indlandi vill hann aldrei fara þangað aftur, hann fær nóg af áreitinu. En eftir ákveðinn tíma þráir hann að fara þangað enn á ný. Óskar Hallgrímsson er ævintýramaður og kann vel við að ferðast og leika sér þar til hann er orðinn auralaus, þá kemur hann heim og fer á sjóinn og vinnur sér inn fyrir næstu ferð. Fer svo aftur á flakk.

Kristín Heiða Kristinsdóttir
khk@mbi.is

Ég kom til Dubai í ágúst 2016 og bjó þar í nokkra mánuði. Þá var 47 stiga hiti þar. Ég gat ekki verið úti nema í nokkrar mínútur í einu en farandverkamennirnir voru úti að vinna erfðisvinnu í þessum hræðilegu aðstæðum frá morgni til kvelds. Mér fannst þetta svakalegt og ég fékk áhuga á að kynna mér hverjir þessir menn væru. Ég fór í hverfin þar sem þeir bjuggu og fékk að skoða aðstæður þeirra, sem voru heldur lakar. Þrjátíu til fjörutíu menn bjuggu saman í einu húsi og sváfu sextán saman í 15 fermetra herbergi. Mér fannst þetta líkast þrælalandi en það sem kom mér á óvart var hvað þeir voru hamingjusamir, glaðlegir og yndislegar manneskjur,“ segir Óskar Hallgrímsson, ljósmyndari og grafískur hönnuður, en hann fann aftur ástríðuna fyrir ljósmyndun þegar hann myndaði þessa farandverkamenn sem voru frá Pakistan og Indlandi.

„Ég elska að segja sögur með myndum. Og ég vil segja sögur þar sem lífið kemur manni skemmtilega á óvart. Aðstæður þessara farandverkamanna heima fyrir voru svo margfalt lakari en þær sem þeir bjuggu við í Dubai. Þess vegna voru þeir svona glaðir. Þeir voru frá fátækrahverfum þar sem ekki var rennandi vatn, ekki rafmagn, engin sorphirða og svo framvegis, en í Dubai voru þeir með rennandi vatn, rafmagn og farsíma. Og ruslið þeirra var alltaf hirt. Þetta var lúxus fyrir þá,“ segir Óskar, sem hélt sýningu með myndum sínum af farandverkamönnum.

Að búa í Bombay er eins og að vera á annarri plánetu

Óskar segir að ferð hans til Dubai hafi verið sú fyrsta af mörgum til framandi landa.

„Röð furðulegra atburða leiddi mig þangað í framhaldi af því að ég útskrifaðist sem grafískur hönnuður úr Listaháskóla Íslands fyrir þremur árum. Fram að því hafði ég unnið við hin ólíkustu ljósmyndaverkefni í lausamennsku. Í Dubai vann ég á



Bók Ljósmyndabók Óskars geymir myndir hans frá dvölinni í Bombay.

auglýsingastofu sem grafískur hönnuður en ég var alltaf að mynda um helgar og þegar ég hafði tíma. Þegar vegabréfsáritun mín rann út fór ég aftur til Íslands og fann að ég var kominn með mikla ævintýraþrá, mig langaði til að fara aftur út í heim. Vinur minn bjó á þessum tíma í Bombay (Mumbai) á Indlandi og ég skellti mér þangað eftir að hafa unnið á sjó heima á Íslandi til að safna fyrir farareyri. Ég fór í einn frystitogarátúr og nokkra aðra túra. Ég lét bara vaða til Bombay án þess að vita hvað ég væri að fara að gera. Ég á ekki konu eða börn, svo það er ekkert sem bindur mig hér heima og engin ástæða til að freista ekki gæfunnar,“ segir Óskar, sem fékk vinnu í Bombay á stað sem á ensku kallast „community working space“.

„Parna var saman komið fólk alls staðar að úr heiminum og úr hinum ólíkustu geirum. Þetta skrifstofurými var í byggingu sem var áður breskt nýlendubókasafn, gríðarlega flott og gaman að starfa í þessu umhverfi. Ég vann þarna sem listrænn stjórnandi og sem grafískur hönnuður og samstarfsfólkið kom úr öllum áttum, bæði erlent og innlent. Einn var til dæmis vísindamaður frá NASA, einn af þeim sem voru á bak við New Horizons-geimskipið sem fór til Plútó. Þetta var ótrúlega gaman og ég kynntist yndislegu fólki og byggði þarna upp gott tengslanet,“ segir Óskar, sem meðfram starfi sínu í Bombay sem grafískur hönnuður var líka alltaf að mynda það sem fyrir augu bar í hversdagslífinu, íbúa hinnar óreiðukenndu borgar og úr því varð ljósmyndabók hans, sem heitir einfaldlega BOMBAY.

„Að búa í þessari borg er eins og að vera á annarri plánetu. Mann-



Ljósmyndir/Óskar Hallgrímsson

Aðalkarlinn Fíkniefnasalinn í hverfinu þar sem Óskar bjó í Bombay. Hér með stórfjölskyldunni.



Morgunblaðið/Kristinn Magnússon

Ljósmyndari Óskar fann aftur ástríðuna fyrir ljósmyndun úti í Dubai.



Farandverkamenn í Dubai Óskar kynntist þeim vel þegar hann vann að ljósmyndaverkefni um þá. Hér eru tveir þeirra í 15 fermetra herbergi sem þeir deildu með 14 öðrum. Af því má sjá hvílk þrengsl þeir búa við.

fjöldinn er yfirþyrmandi, þarna ferðast til dæmis 20 milljónir manna með lestarkerfinu á degi hverjum.“

Börn eru vinnuafli fyrir foreldra svo þau mæta ekki í skóla

Óskar bjó í Bombay í fimm mánuði og þegar vegabréfsáritun hans rann út var hann búinn með peningana, svo hann fór heim og skellti sér beint á sjóinn til að afla meira fjár.

„Þetta er orðið að mynstri hjá mér og ég kann því vel. Ég kem

heim á sjóinn, fer svo til útlanda í nokkra mánuði á vit ævintýra með peningana. Kem þá aftur heim og svo framvegis. Ég fór til Taílands og Víetnam og er núna að fara aftur til Indlands, því þar er ég kominn með þrjú verkefni sem ljósmyndari. Ég mun vinna að kynningarefni fyrir hjálparsamtök, en mörg slík samtök voru með starfsstöð þar sem ég vann í Bombay. Fyrsta ljósmyndaverkefnið mitt verður fyrir samtök sem vinna með krökkum sem búa í fátækrahverfunum í Bombay, þau

Ég á ekki konu eða börn, svo það er ekkert sem bindur mig hér heima og engin ástæða til að freista ekki gæfunnar.

hafa stofnað fótboltadeildir, byggja fótoltavelli og gefa krökkunum búninga. Allt er þetta leið til að gefa börnunum von, því þó að þessir krakkar hafi aðgang að menntun mæta þau ekki í skólana því þau þurfa að sinna störfum fyrir foreldrana sem nota þau sem vinnuafli. Fótoltinn gefur þeim möguleika á að fá hvíld frá vinnu og fá að vera börn að leika sér. Auk þess fá þau aðgang að menntun í gegnum þetta verkefni.“

Skapa konum vinnu svo þær öðlist fjárhagslegt sjálfstæði

Óskar er mjög spenntur fyrir öðru ljósmyndaverkefni sem bíður hans á Mið-Indlandi, en það snýst um konur í þorpum sem ákveðin hjálparsamtök hafa unnið með.

„Samtökin veita þessum konum vinnu við að sauma sari, sem er buningur indverskra kvenna, en með slíkri vinnu öðlast þessar konur fjárhagslegt sjálfstæði, sem í framhaldinu veitir þeim aðgang að heilbrigðisþjónustu. Þær fá full laun fyrir vinnu sína en eru ekki að þræla fyrir vestræn fyrirtæki sem vilja græða á öðryru vinnuafli,“ segir Óskar, sem stefnir að því að vera í tvo mánuði á Indlandi í þetta sinn.

„Að loknum þessum verkefnum ætla ég til Varanasi á Indlandi að heimsækja íslenskan félagi minn og taka myndir. Indland er svo merkilegt, það þreytir mann með áreitinu en um leið elskar maður það og vill alltaf fara aftur,“ segir Óskar og hlær og bætir við að hann stefni á að fara líka til Víetnam og Kambódíu.

„Þegar maður ferðast víða um veröldina eignast maður marga vini sem gott er að eiga að á flakkinu. Mér finnst ég vera rétt að byrja.“

www.oskarhallgrimsson.com
[instagram.com/skari](https://www.instagram.com/skari)

Moggaklúbburinn

40% afsláttur
af öllum margskiptum glerjum.

Gildir til 15.september 2018

Silhouette[®]
AUTHENTIC EYEWEAR SINCE 1964.

Reykjavík
GLERAUGNABÚÐIN
MJÓDD

GÖNGUGÖTUNNI MJÓDD | ÁLFABAKKA 14a | S. 527 1515
OPÍÐ: 10.00-18.00 | LAUGARDAGA 11.00-16.00
GLERAUGNABUDIN@GLERAUGNABUDIN.IS | GLERAUGNABUDIN

VERÐDÆMI 1

Margskipt gler (1,5 index) í miðlungs gæðum,
með bestu fánlegu rispu- og glampavörn.

Moggaklúbbs verð

39.000 kr.

Almennt verð 65.000 kr.

40%
Afsláttur

VERÐDÆMI 2

Margskipt gler (1,5 index) í mjög góðum gæðum,
með bestu fánlegu rispu- og glampavörn.

Moggaklúbbs verð

53.550 kr.

Almennt verð 89.250 kr.

40%
Afsláttur

Full búð af flottum umgjörðum á frábæru verði!
Tilboðið gildir til 20. september 2018

FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT NÚNA

Á MBL.IS/ASKRIFT EÐA Í SÍMA 569 1100

Áskrifendur Morgunblaðsins eru sjálfkrafa meðlimir í Moggaklúbbnum
og njóta ýmissa fríðinda og tilboða.



Moggaklúbburinn

...Meira fyrir áskrifendur

Ákærð fyrir að hótta lögreglu

Kona hefur verið ákærð af embætti héraðssaksóknara fyrir brot gegn valdstjórninni en hún hótaði lögreglumönnum lífláti og að fara heim til lögreglukonu og drepa börnin hennar.

Lögregluþjónar voru við störf í september á síðasta ári þegar konan hafði í hótunum þessum. Þá reyndi hún sömuleiðis að

sparka í höfuð og bringu lögreglumanns þegar hún hafði verið handtekin og færð í lögreglubíl á vettvangi.

Ákærvaldið fer fram á að konan verði dæmd til refsingar fyrir athæfið og greiði allan sakarkostnað vegna þessa máls, en það varðar brot á almennum hegningarlögum.

Fylgst með laxagöngum í beinni útsendingu

● Hægt verður að rekja eldislax sem veiðist til stöðvarinnar

Helgi Bjarnason
helgi@mbl.is

Notkun fiskiteljara með myndavélabúnaði í lykilám um allt land er mikilvægur liður í vöktunaráætlun Hafrannsóknastofnunar á laxveiði-ám til að fylgjast með áreiðanleika áhættumats vegna erfðablöndunar frá sjókvíaelði. Með skoðun myndanna er hægt að greina hvort eldislax úr síðbúnu stroki hafi farið upp í ána og leggja mat á lús á öllum löxum. Opinn aðgangur er að þessum myndbandsupptökum á netinu. Unnið er að fleiri aðgerðum, meðal annars að hægt verði að rekja eldislaxa til viðkomandi stöðva með samanagerð við DNA úr foreldrum.

Staðfest hefur verið að fjórir eldislaxar hafi veiðist í laxveiðiám á Vestfjörðum og við Húnaflóa í haust. Sá síðasti veiddist í Vatnsdalsá 31. ágúst. Ekki hefur verið greint hvaðan þeir eru.

Matvælastofnun hefur aðeins fengið eina tilkynningu um slysa-sleppingu á þessu ári. Það er frá Arnarlaxi vegna sjókvíar í Tálkna-firði í byrjun júlí. 150 þúsund laxar voru í kvinni en ekki er vitað hversu margir sluppu. Fimm laxar veiddust í net, utan við kvína.

Enn ekki sést eldislax

Hafrannsóknastofnun fær sérstakar fjárveitingar til að auka vöktun vegna strokulax úr sjókvíum. Fiskiteljarar af nýjustu gerð frá Árvaka (Riverwatcher) hafa verið settir upp í Laugardalsá í Ísafjardardjúpi, Krossá á Skarðsströnd og Vesturdalsá í Vopnafirði og smám saman verður eldri búnaður endurnýjaður þannig að tólf laxveiðiár verða vaktadar með búnaði af nýjustu gerð.

Hafrannsóknastofnun notar búnaðinn til að greina hvort eldislax gengur í árnar og metur lúsamagn á löxunum. Tekið er fram í upplýsingum frá Hafró að erfitt sé að greina fisk sem sloppið hefur úr kví



Skjaskot

Í mynd Voldugur lax gekk upp í Vesturdalsá, í gegnum fiskiteljarann, um klukkan hálf tíu í fyrrakvöld. Hann mældist 87 sentimetrar að lengd.

sem sjógönguseiði frá villtum fiski.

Árvaki er í mun fleiri ám hér á landi, alls 30 til 40, og nota veiðiréttareigendur hann til þess að sjá hversu margir fiskar ganga upp í árnar. Magnús Þór Ásgeirsson, sölustjóri Riverwatcher, segir að búnaðurinn sé kominn í um 400 ár, víðsvegar í heiminum.

Hafrannsóknastofnun mun á hverju ári veiða um 120 smáseiði í ám víðsvegar um landið til að fylgjast með mögulegri erfðablöndun. Kannað er hvort seiðin séu undan eldislaxi, villtum laxi eða blönduð. Vaktaðar verða 20 ár víðsvegar um landið. Ragnar Jóhannsson, sviðsstjóri fiskeldis og fiskiræktar hjá Hafrannsóknastofnun, segir að engin merki hafi fundist um erfðablöndun, enn sem komið er, og ekki heldur sést eldislaxar í myndum úr fiskiteljurum.

Rakið til stöðvarinnar

Enn hefur ekki tekist að koma upp kerfi til að rekja eldislaxa sem veiðast eða nást í laxveiðiám til heimahaganna í eldisstöð en að því er unnið. Vonast Ragnar til að það takist á næstunni. Framleiðendum hrogrna er skylt að varðveita í

gagnagrunnum erfðaeftni foreldrafiska og halda bókhald yfir það frá hvaða foreldum er selt til hvernar stöðvar. Með arfgerðagreiningu eins og gerð er til að skoða hvort lax er úr eldi eða á, verður hægt að rekja afkvæmin til foreldra og þar með til staðsetningar og fyrirtækis.

Hafró vinnur að því að koma upp kerfi til strokasýnatöku, DNA-sýnatöku, úr veiddum fiski. Leiðsögumenn við laxveiðiár eða jafnvel veiðimenn geta þá tekið stroksýni úr tálknum og fengið til baka niðurstöðu rannsókna. Laxinn skaðast ekki og hægt er að sleppa honum aftur í ána, ef vilji er til þess.

Samkvæmt upplýsingum frá Hafró fæst með þessari sýnatöku yfirlit yfir stærra hlutfall eldisfiska í klakstofni ásamt því hvernig það skiptist á milli síðbúins og snemmbúins stroks. Einnig opnast sá möguleiki að greina hvaðan fiskurinn kemur.

Hafró telur einnig mikilvægt að safna hreistri úr völdum ám, að minnsta kosti einni í hverjum landshluta, til þess að greina hvort um eldislax er að ræða.

<

„Ég er saklaus“ sagði Júlíus Vífill

● Héraðssaksóknari ákærir hann fyrir peningaþvætti

Júlíus Vífill Ingvarsson, fyrrverandi borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, neitaði sök við þingfestingu peningaþvættismáls gegn honum sem héraðssaksóknari höfðaði. „Ég er saklaus,“ sagði Júlíus þegar dómari óskaði eftir afstöðu hans.

Í þingfestingunni í gær var verjanda Júlíusar gefinn frestur til að kynna sér gögn málsins aðeins nán-



Júlíus Vífill Ingvarsson

ar, en hann sagði möguleika á að lögð yrðu fram frekari gögn af hálfu varnarmyndarinnar.

Eftir að þingfestingu lauk sagði Júlíus í stuttu samtali við fjölmiðla að hann myndi ekki tjá sig nánar um málið að svo stöddu, hann væri hins vegar til í að tala við fjölmiðla nánar þegar málið væri búið. Sagðist hann alveg viss um að

hafa sigur í málinu. Júlíus er ákærður fyrir peningaþvætti með því að hafa geymt á erlendum bankareikningi sínum fjárhæðir að andvirði 131 til 146 milljónir króna, sem voru að hluta til ávinningur refsiverðra brota, og ráðstafað þeim á bankareikning hjá vörslusjóði í Sviss. Í ákæru málsins kemur fram að Júlíus hafi geymt fjármagnið í Bandaríkjadöllum, evrum og sterlingspundum, á bankareikningi sínum hjá bankanum UBS á aflands-eyjunni Jersey í Ermarsundi á árunum 2010 til 2014.

Pá er hann sagður hafa ráðstafað

umræddum fjármunum inn á bankareikning sem tilheyrði vörslusjóðnum Silwood Foundation í bankanum Julius Bär í Sviss. Rétt-hafar vörslusjóðsins voru Júlíus, eiginkona hans og börn.

Um var að ræða tekjur sem honum höfðu hlotnast nokkrum árum fyrr en ekki talið fram til skatts. Því greiddi hann ekki tekjuskatt, útsvar eða vexti af fjármununum. Í ákærunni segir að fjárhæð hins ólög-mæta ávinnings sem Júlíus kom sér undan að greiða og vextir af því fé hafi verið á bilinu 49 til 57 milljónir króna.

Kærður fyrir nauðgun í gistiskála

Karlmaður hefur verið ákærður af héraðssaksóknara fyrir nauðgun með því að hafa í júní árið 2015 káfað innanklæða á brjóstum, rassi og kynfærum konu þar sem hún lá sofandi í gistiskála.

Maðurinn stakk svo fingri inn í leggöng konunnar gegn hennar vilja. Hélt því áfram er konan vaknaði og hætti ekki fyrr en konan náði að koma sér frá honum. Konan vill 5 millj. kr. í miskabætur sem einkaréttarkröfu. Þá er þess krafist að maðurinn verði dæmdur til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar.

Málið var þingfest í Héraðsdómi Reykjaness í gær.



Vík í Mýrdal Miklar breytingar hafa orðið.

Mest fjölgun hlutfallslega í Mýrdal

Á tímabilinu frá 1. desember 2017 til 1. september síðastliðinn varð hlutfallsleg mest fjölgun í sveitarfélögum á landinu í Mýrdalshreppi eða um 9,1% en íbúum þar fjölgaði úr 626 í 683. Á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði íbúum hlutfallslega mest í Mosfellsbæ eða um 6,3%, sem er fjölgun um 663 einstaklinga.

Íbúum Reykjavíkur fjölgaði mest eða um 1.370, sem er 1,1% fjölgun. Reykjaneshær kom næst með fjölgun um 925 einstaklinga, sem er 5,2%.

Íbúum fækkaði hlutfallslega mest í Reykhólahreppi eða um 9,7% og í Norðurþingi um 7,3%. Fram kemur á heimasíðu Þjóðskrár að af öllum 72 sveitarfélögum landsins fækkaði íbúum í 20 sveitafélögum á umræddu tímabili.

Fjölgun varð í öllum landshlutum nema Norðurlandi eystra. Hlutfallslega fjölgaði íbúum mest á Suðurnesjum eða um 4,3% og á Suðurlandi um 2,5%. Á Norðurlandi eystra fækkaði íbúum hins vegar um 0,4% sem er fækkun um 112.

Pöddur geta valdið skemmdum á birki



Birki illa farið laf eftir birkikembu.

Tvær nýjar meindýrategundir á birki hérlandis, birkikemba og birkipéla, virðast geta valdið talsverðum skemmdum. Þeirra hefur einkum orðið vart á sunnan- og vestanverðu

landinu á síðustu árum og hafa áhrif þeirra á birki víða verið sýnileg.

Í grein í ársriti Skógræktarinnar, sem kom út fyrr í sumar, er fjallað um þessa nýju skaðvalda og rannsóknir sem hafnar eru á þeim. Greinina skrifa líffræðingarnir Brynja Hrafnkelsdóttir og Edda Sigurðis Oddsdóttir. Í lokaorðum greinarinnar segir:

„Tegundirnar virðast geta valdið talsverðum skemmdum en ekki er komin reynsla á hvaða áhrif þessar tegundir hafa á vöxt og afdrif birkis. Þar sem tegundirnar eru ekki virkar á sama tíma árs, fær birkið minni tækifæri til að ljóstillífa á eðlilegan hátt yfir sumartímann og búa sig undir vetrardvala. Lirfur annarra fiðrildategunda sem eru á ferli fyrri hluta sumars, til dæmis tígulvefara og haustfeta, geta valdið miklu tjóni og jafnvel skógardauða í stórum faröldrum.“

Óvíst er hvort birkikembu- og birkipélufaraldrar verða hérlandis af slíkri stærðargráðu en erlendar rannsóknir hafa sýnt að tiltölulega lítil árleg skerðing á laufmassa birkis geti haft veruleg langtíma-áhrif á vöxt.“

Sæktu Hreyfils appið - þannig ræður þú ferðinni!



Hreyfils appið fyrir iphone og android

Nú er auðvelt að panta bíl með snjallsímanum

Með Hreyfils appinu er fljótlegt og einfalt að panta leigubíl.

Þú getur líka pantað bíl fram í tímann, á tilteknum tíma næsta sólarhringinn eða lengra.

Það eina sem þarf, er iPhone eða Android snjallsími.

Þú hleður niður Hreyfils-appi með App Store eða Google Play.

Þú pantar bíl, færð SMS skilaboð þegar bíllinn er mættur á staðinn. Þú getur fylgst með hvar bíllinn er staddur hverju sinni. Ef þú ferðast á vegum fyrirtækis getur þú valið viðskiptareikning og opnað aðgang.

Hreyfils-appið er ókeypis.

Sæktu þér Hreyfils appið og þú ræður ferðinni.

1
Þú pantar bíl,

2
fylgist með bílnum í appinu

3
og færð SMS skilaboð að bíllinn sé kominn



SÆKTU APPIÐ

á heimasíðu Hreyfils: hreyfill.is eða í App Store og Google Play



 OMX I8	1604	0.4%		 OMX C	994	0.1%		 OMX H	9.946	-0.8%		 Dow Jones	25.997	0.1%		 FTSE	7.319	-0.9%	
 OMX N40	1546	-0.2%		 OMX S	1.632	0.0%		 OSEBX	899	0.2%		 Nasdaq	7.923	-0.9%		 DAX	11.955	-0.7%	

STUTT

Færri farþegar í vélum Icelandair nú í ágúst



● Farþegum Icelandair í ágústmánuði fækkaði um 1% miðað við sama mánuð í fyrra. Þetta kemur fram í nýbirtum flutningatölum fyrirtækisins. Þar segir að farþegar í ágúst hafi verið 522.925. Þá dró úr sætanýtingu og reyndist hún 86% í mánuðinum en var 87,9% í ágúst í fyrra. Þeim sem tóku sér far með vélum **Air Iceland Connect** í ágústmánuði fækkaði verulega frá því sem var sama mánuð í fyrra eða um 15%. Þannig ferðuðust 32.934 með vélum félagsins en þeir voru 38.955 í ágúst í fyrra. **Seldum gistinóttum** á hótélum Icelandair fjölgaði hins vegar um 15% og voru þær 39.687 í ágúst. Framboð á gistinóttum jókst hins vegar um 14% og fór herbergjanyting úr 88,6% í 89,9%.



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Morgunfundur Fundargestir hlýddu á Grím Sæmundsen, stofnanda og forstjóra Bláa lónsins, sem ræddi m.a. stöðu ferðaþjónustunnar á Íslandi.

TripAdvisor keypti aðgang að viðskiptaupplýsingum

● Forstjóri Bláa lónsins hefur áhyggjur af áhrifum bókunarsíðna á ferðaþjónustuna

Stefán E. Stefánsson
ses@mbl.is

„Í mínum huga er ljóst að íslensk fyrirtæki í ferðaþjónustu geta ekki lifað af til lengri tíma ef þau þurfa að greiða 20 til 30 prósent af sinni veltu til erlendra bókunarsíðna á borð við Booking.com eða Guide to Iceland, sem er íslensk bókunarsíða.“ Þetta segir Grímur Sæmundsen, forstjóri Bláa lónsins og fyrrverandi formaður Samtaka ferðaþjónustunnar, í samtali við Morgunblaðið. Hann

ræddi við gesti á fjölsóttum morgunfundi Kompaní, viðskiptaklúbbs Morgunblaðsins og mbl.is í gær. Þar ræddi hann stöðu ferðaþjónustunnar, uppbyggingu Bláa lónsins frá því að fyrirtækið var stofnað árið 1992 og horfurnar í íslensku hagkerfi, nú þegar hægt hefur á fjölgun ferðamanna sem hingað leggja leið sína.

„Þessar upphæðir, sem bókunarsíðurnar eru að taka af starfsemi hér á landi eru svimandi háar og koma í tilfelli erlendu bókunarsíðna aldrei inn í hagkerfið. Það ligg-

ur í augum uppi að það er til lengri tíma lítið ekki hægt að halda starfsemi gangandi ef 20 til 30 prósent af tekjunum renna beint til þriðja aðila með þessum hætti.“

Hann segir að hann hafi ásamt sínu fólki ákveðið að velja aðra leið sem hafi heppnast.

„Við hjá Bláa lóninu höfum tekið þá ákvörðun að selja okkar þjónustu í gegnum okkar eigin vef og staf-rænu dreifileiðir. Það hefur heppnast, m.a. vegna þess að aðsóknin hefur verið mikil. En það var ákveðin

áhætta sem fólst í því að taka þennan pól í hæðina enda hafa þessar bókunarsíður mikil áhrif.“

Grímur segir að áleitnar spurningar hafi vaknað þegar tilkynnt var um kaup stærstu bókunarsíðu veraldar, TripAdvisor á íslenska fyrirtækinu Bókun í apríl síðastliðnum.

„Með þessum viðskiptum keypti TripAdvisor í raun aðgang að viðskiptagögnum 700 íslenskra ferðaþjónustufyrirtækja og það styrkir stöðu þeirra gríðarlega á þessum markaði hér heima.“

7. september 2018			
Gengi	Kaup	Sala	Mið
Dollari	109.34	109.86	109.6
Sterlingspund	140.16	140.84	140.5
Kanadadalur	82.93	83.41	83.17
Dönsk króna	16.984	17.084	17.034
Norsk króna	13.006	13.082	13.044
Sænsk króna	12.016	12.086	12.051
Svissn. franki	112.19	112.81	112.5
Japanskt jen	0.9789	0.9847	0.9818
SDR	152.59	153.49	153.04
Evra	126.65	127.35	127.0
Meðalgengi/Viðskiptavog þröng			151.2483
Hráðruverð			
Gull	▼ 1194.7 (\$/únsa)		
Al	▼ 2039.5 (\$/tonn) LME		
Hrólía	▼ 77.82 (\$/fatið) Brent		



Skannaðu kóðann til að sjá gengið eins og það er núna á

mbl.is



DÖGG

„Dögg – Hinn fullkomni hlýi grái litur í alrýmið. Hentar vel fyrir björt og opin rými og er mjög kósý í svefnherbergi. Þó svo að hann sé hlýr þá er samt þessi fallegi reykur í honum. Hann faðmar mann auðveldlega og jarðtengir rýmið. Fallegur með öllum hlutlausum litum og muskuðum dökkum litum.“

– Sara Dögg Guðjónsdóttir, innanhúshönnuður.



GÆÐIN

Ein af ástæðum þess að íslenskir hönnuðir velja Slippfélagið.



SLIPPFÉLAGIÐ

MÁLNINGARVERKSMÍÐJA

Borgartúni 22 og Skútuvogi 2, Reykjavík • Dalshrauni 11, Hafnarfirði • Hafnargötu 54, Reykjanesbæ • Gleráreyrum 2, Akureyri
Sími 588 8000 • Ópið 8.00-18.00 alla virka daga og 10.00-14.00 laugardaga • slippfelagid.is

Nútíminn.is fær nýja eigendur

● Uppbygging vefmiðils kostnaðarsöm

Vefmiðillinn Nútíminn.is hefur verið seldur í hendur nýrra eigenda, en stofnandinn, Atli Fannar Bjarkason,



seldi miðilinn til eigenda vefmiðilsins Ske.is nú á dögunum. Vefurinn var stofnaður fyrir fjórum árum.

Atli segir í samtali við Morgunblaðið að vissulega hafi rekstrarumhverfið verið erfitt, en Nútíminn hafi samt alltaf gengið mjög vel. „Það hefur bara legið gríðarleg vinna að baki vefnum. Hann fór í loftið 4. ágúst 2014, og ég er búinn að vera að síðan þá. Fyrstu tvö árin tók ég mér ekki einn einasta frídag,“ segir Atli.

Fyrst var hann eini starfsmaðurinn en réð til sín starfsfólk eftir tveggja ára rekstur. „Þá komst meira jafnvægi á þetta. En svo kom sá tímunktur að mig langaði bara að breyta til.“

Hann segir aðspurður að vissulega hafi hann haft í hyggju að láta miðilinn vaxa í sínum höndum áfram. „En það er bara rosalega erfitt. Það kostar mikið að byggja

upp svona vef, en kannski tekst nýjum eigendum það sem mér tókst ekki.“

Kynningar vaxtarbroddur

Tekjur vefsins hafa komið af auglýsingum, bæði auglýsingaborðum og auglýsingum á undan myndböndum. Mesti vaxtarbroddurinn í tekjuöfluninni var hinsvegar í gerð kynningarefnis í samstarfi við fyrirtæki, að sögn Atla. Fyrir það fékk vefurinn reyndar bág frá fjölmiðlanefnd á dögunum sem hélt því fram að með umfjöllun um Dominos pítsur og Meistaramánuð Íslandsbanka hefði Nútíminn gerst brotlegur við fjölmiðlalög. Atli heldur því þó fram að fyrirtækin sem um ræðir hafi verið mjög sýnileg í öllu efni og alls ekki dulin.

En eru þessi tímamót núna ekki vonbrigði?

„Jú, það var það kannski fyrst þegar ég tók ákvörðunina um að selja, en svo horfði ég um öxl og sá að ýmis tækifæri hafa fylgt þessu, bæði fyrir mig og starfsfólk mitt,“ segir Atli og bendir meðal annars á að Gísli Marteinn hafi fengið hann til að vera með fasta þætti í föstudagsþætti sínum á RÚV eftir að Nútíminn fór í loftið. tobi@mbl.is

„Siðblinda forsetans rót vandans“

● Hátt settur embættismaður gagnrýnir framgöngu Trumps í nafnlausri grein ● Segir embættismenn reyna að hafa hemil á „verstu hneigðum“ forsetans til að verja hagsmuni þjóðarinnar

Bogi Þór Arason
bogi@mbl.is

Aðstoðarmenn Donalds Trumps Bandaríkjaforseta í Hvíta húsinu hafa hafið leit að ónefndum höfundum greinar þar sem hann segist vera á meðal embættismanna sem reyni að hafa hemil á „verstu hneigðum“ forsetans til að verja hagsmuni landsins. Greinin virðist staðfesta fullyrðingar í væntanlegri bók eftir Bob Woodward, einn virtasta blaðamann Bandaríkjanna, sem lýsir því hvernig embættismenn í Hvíta húsinu og í ráðuneytum stjórnarinnar hafa reynt að koma í veg fyrir að forsetinn taki ákvarðanir sem geti skaðað efnahag Bandaríkjanna og grafið undan þjóðaröryggi.

Greinin var birt í *The New York Times* í fyrradag og blaðið sagði að eins að höfundurinn væri hátt settur embættismaður ríkisstjórnar Trumps. Forsetinn sagði að birting greinarinnar væri skammarleg og krafðist þess að blaðið birti nafn höfundarins. Hann dró í efa að greinin kæmi í raun og veru frá hátt settum embættismanni, sagði nafnleysið til marks um hugleysi og varpaði fram þeirri spurningu hvort höfundurinn hefði gerst sekur um landráð.

„Ég tek þátt í andspyrnu“

Fyrirsögn greinarinnar er „Ég tek þátt í andspyrnunni í stjórn Trumps“. Hann segir forsetann standa frammi fyrir prófraun sem enginn forvera hans í nútímasögu Bandaríkjanna hafi tekist á við. Hann skírskotar til rannsóknar sérstaks saksóknara á afskiptum Rússa af kosningunum 2016, klofnings þjóðarinnar í heiftarlegum ágreiningi um Trump og möguleikans á því að flokkur hans missi meirihlutann í fulltrúadeild þingsins. Hann segir þó fleira koma til því að forsetinn standi frammi fyrir því að „margir hátt settir embættismenn í stjórn hans sjálfs vinna af kostgæfni að því innan hennar að hindra hluta af stefnu hans og hafa hemil á verstu hneigðum hans. Ég ætti að vita það. Ég er einn þeirra“.

Höfundurinn tekur fram að embættismennirnir tilheyri ekki „andspyrnu“ vinstrimanna. „Við viljum að ríkisstjórnin nái árangri og teljum að mörg stefnumál hennar hafi þegar gert Bandaríkin öruggari og betur stæð. Við teljum hins vegar að við höfum fyrst og fremst skyldu að gegna gagnvart landinu og forsetinn heldur áfram að starfa með hætti sem skaðar velferð lýðveldisins. Þess vegna hafa margir okkar, sem Trump skipaði í embætti, heitið að gera það sem við getum til að verja stofnanir lýðræðisins en hafa hemil á hvötum hans þar til hann lætur af embætti.“

Gegn hugsjónum repúblikana

„Siðblinda forsetans er rót vandans“, heldur höfundurinn áfram. Hann bætir við að þótt Trump hafi verið kjörinn sem forsetaefni repúblikana hafi hann sýnt lítinn stuðning við lýðræðis- og frelsishugsjónir flokksins, t.a.m. frjálslyggju í efnahagsmálum, og jafnvel átt það til að gera atlögu að þeim. „Auk þess að markaðssetja í stórum stíl þá hugmynd að fjölmiðlarnir séu „óvinir þjóðarinnar“ hefur forsetinn almennt sýnt hvöt til að snúast gegn frjálsum viðskiptum og lýðræði.“

Höfundurinn tekur þó fram að stjórnin hafi náð árangri sem fjölmiðlar hafi ekki komið nægilega til skila í „nær linnulaust neikvæðri umfjöllun um forsetann“. Hann nefnir sem dæmi afnám íþyngjandi reglugerða í atvinnulífinu, skattalækkanir repúblikana og aðgerðir til að efla herinn. „En þessi árangur hefur náðst þrátt fyrir leiðtogastíl forsetans – ekki vegna hans – sem er fljótfermislegur, deilugjarn, smá-



AFP

Umdeildur Donald Trump segir að væntanleg bók Bobs Woodwards byggist á „upplögnum sögum“ sem sagðar hafi verið til að blekkja almenning.

sálarlegur og árangurslítill. Höfundurinn segir að hátt settir embættismenn í Hvíta húsinu, ráðuneytum og ríkisstofnunum víðurkenni þegar þeir tali saman undir fjögur augu að þeim blöskri yfirlýsingar og gerðir forsetans. „Flestir þeirra reyna að hindra að duttlungar hans hafi áhrif á starfsemi þeirra.“

Að sögn höfundarins fer umræðan út og suður á fundum með forsetanum, sem staglist á gifuryrðum, og hvatvísi hans verði til þess að hann taki illa grundaðar ákvarðanir sem séu stundum svo gáleysislegar að draga þurfi þær til baka. „Það er bókstaflega ómögulegt að vita hvort hann skiptir um skoðun mínútu seinna,“ hefur höfundurinn eftir hátt settum embættismanni eftir fund í Hvíta húsinu þegar forsetinn sá sig um hönd í mikilvægu máli og dró til baka ákvörðun sem hann hafði tekið viku áður.

„Ómærðar hetjur“

Höfundurinn segir að óútreiknanleg hegðun forsetans sé meira áhyggjuefni ef ekki væru „ómærðar hetjur“ í Hvíta húsinu og ráðuneytum stjórnarinnar. Sumum embættismanna forsetans hafi verið lýst sem skúrkum í fjölmiðlunum en þeir hafi lagt mikið á sig til að koma í veg fyrir að „slæmar ákvarðanir“ hafi áhrif á starfsemi stjórnarinnar utan veggja Hvíta hússins.

„Það kann að vera lítil huggun á þessum glundroðatíma en Bandaríkjamenn ættu að fá að vita að það er fullorðið fólk í herberginu,“ heldur höfundurinn áfram. „Við erum að reyna að gera það sem er rétt, jafnvel þegar Trump vill það ekki.“


Höfundurinn nefnir utanríkismál sem dæmi um hvernig embættismenn stjórnarinnar hafi gengið á svig við forsetann. Trump hafi t.a.m. sýnt að hann hafi dálæti á einræðis-herrum á borð við Vladimir Pútín Rússlandsforseta og Kim Jong-un, leiðtoga Norður-Kóreu, en hafi litlar mætur á tengslum Bandaríkjanna við lýðræðisríki sem hafa unnið með bandarískum stjórnvöldum í öryggismálum. Höfundurinn segir að þrátt fyrir þetta hafi embættismenn forsetans fetað aðra slóð, gengið hart fram gegn löndum á borð við Rússland og haldið áfram að starfa með bandamönnunum, umgengist þá sem jafningja í stað þess að fordæma þá sem keppinauta. „Hvað Rússland varðar, til dæmis, var forsetinn tregur til að vísa svo mörgum njósnurum Pútíns úr landi til að refsa Rússum fyrir eiturárás á fyrrverandi rússneskan njósnara í Bretlandi. Hann kvartaði vikum saman yfir því að hátt settir starfsmenn ýttu honum út í frekari deilur við Rússa og lét í ljós óánægju með það að Bandaríkin héldu áfram refsiaðgerðum gegn þeim vegna hættulegs framferðis þeirra. En embættismenn hans í ör-

Völd tekin af forsetanum?

» Væntanleg bók blaðamannsins Bobs Woodwards byggist á viðtölum við embættismenn sem lýsa því hvernig þeir hafa reynt að koma í veg fyrir að Donald Trump forseti grafi undan þjóðaröryggi Bandaríkjanna, skaði efnahag landsins og komi af stað stríðsátökum.

» The Washington Post segir að í bókinni komi fram að embættismenn hafi hrifsað völd úr höndum forsetans.

» Í bókinni er m.a. haft eftir James Mattis varnarmálaráðherra að Trump hafi skilning á við 10 eða 11 ára gamalt barn og John Kelly, skrifstofustjóra Hvíta hússins, að forsetinn sé „bjáni“. Mattis og Kelly segjast aldrei hafa sagt þetta.



AFP

Virtur Bob Woodward er þekktastur fyrir að hafa skrifað fyrstu fréttirnar um Watergate-málið sem leiddi til afsagnar Richards Nixons forseta 1974.

ygghismálum vissu betur – grípa þurfti til slíkra aðgerða, draga þurfti stjórnvöld í Moskvu til ábyrgðar.“

Íhuguðu brottvikningu

Höfundurinn segir að í byrjun kjörtímabils forsetans hafi embættismenn stjórnarinnar „hvisl-að“ um það hvort ástæða væri til að nýta ákvæði í 25. viðauka stjórnarskrárinnar til að víkja forsetanum úr embætti. „En enginn vildi valda stjórnlagakreppu. Þannig að við gerum það sem við getum til að beina stjórninni í rétta átt þangað til þessu lýkur, með einum eða öðrum hætti.“

Höfundurinn segir að það sé ekki mesta áhyggjuefnið hvað Trump hafi

gert forsetaembættinu, heldur hvað þjóðin hafi leyft honum að gera Bandaríkjunum. „John McCain sagði þetta best í kveðjubréfi sínu. Allir Bandaríkjamenn ættu að gefa gaum að orðum hans, losa sig úr flokkstryggðargildrunni, með það háleita markmið að taka höndum saman í krafti sameiginlegra gilda okkar og ástar á föðurlandinu. Við höfum ekki lengur John McCain. En við höfum alltaf fordæmi hans – leiðarstjórn sem vísar veginn til að endurheimta heiðurinn í opinberu starfi og umræðunni í landinu. Trump kann að óttast slíka heiðvirða menn, en við ættum að bera mikla virðingu fyrir þeim.“

Falleg gluggatjöld fyrir falleg heimili

Úrval - gæði - þjónusta

Mælum, sérsmíðum og setjum upp

Z-brautir & gluggatjöld

Opið mánud.-föstud. 10-18

Faxafeni 14 | 108 Reykjavík | S. 525 8200 | www.z.is | [f](#)

Morgunblaðið

STOFNAÐ 1913

Útgáfufélag: Árvakur hf., Reykjavík.

Ritstjóri: Davíð Oddsson
Ritstjóri og framkvæmdastjóri: Haraldur JohannessenAðstoðarritstjóri:
Karl Blöndal

Grátlega nærri

Þótt draumurinn um
HM hafi ekki ræst
lifir hann áfram

Draumur íslenska kvenna-landsliðsins í knattspyrnu um að komast á heimsmeistaramótið í Frakklandi næsta sumar var grátlega nærri því að rætast en varð að engu á Laugardalsvelli á laugardag og þriðjudag.

Væntingarnar voru miklar vegna þess árangurs sem íslenska liðið náði gegn helstu keppinautum sínum á útivelli í riðlinum. Vonbrigðin voru því þeim mun meiri og skinu úr andlitum leikmanna og þjálfara þegar ljóst var að jafntefli gegn Tékkum og annað sætið í riðlinum dygði ekki til að komast í umspil og halda lífi í vonina um að komast á HM.

Íslenska kvennaliðið hefur nú um árabíl verið í fremstu röð og er það enn þrátt fyrir að ekki hafi tekist að tryggja farseðilinn til Frakklands. Kvennaliðið var á undan karlaliðinu að vinna sér þátttökurétt á stórmóti þegar það komst á Evrópumeistaramótið 2009 og hefur leikið á síðustu þremur Evrópumótum í knattspyrnu. Árið 2013 komst það alla leið í átta liða úrslit.

Frammistaða liðsins í riðlakeppninni segir sína sögu um liðið. Það tapaði aðeins einum leik, gegn Þýskalandi, og gerði tvö jafntefli gegn Tékkum. Í heimaleiknum á þriðjudag var

sigurinn grátlega nærri og má segja að íslenska liðið hafi brúðlað með færin í fyrri hálfleik.

Engum blöðum er að fletta um getu þýska liðsins, sem einnig tapaði aðeins einum leik. Það var á heimavelli gegn Íslandi fyrir tæpu ári og fóru leikar 2:3. Það reyndust einu mörkin sem Þjóðverjar fengu á sig í riðlinum. Það voru líka einu stigin sem þýska liðið tapaði. Sigurinn á Þýskalandi í Wiesbaden hlýtur því að teljast sögulegur.

Nú hefst nýr kafli með nýjum þjálfara hjá liðinu. Næsta verkefni er að komast á EM í fjórða skiptið í röð. Það verður þrautin þyngri. Eins og Víðir Sigurðsson, umsjónarmaður íþrótta-deildar Morgunblaðsins, bendir á í umfjöllun sinni um leikinn gegn Tékkum verður sú barátta stöðugt erfiðari og íslenska liðið þarf því að bæta leik sinn talsvert fyrir næstu keppni, miðað við þessa síðustu leiki. „En það er hins vegar kjarni og reynsla í þessu liði sem á að vera hægt að byggja ágætlega ofan á til næstu ára,“ bætir Víðir við. Það eru orð að sönnu. Þótt draumurinn um HM hafi ekki ræst að þessu sinni lifir hann og þegar sárustu vonbrigðin hverfa mun liðið geta nýtt sér þessa reynslu á leið til nýrra afreka með stuðning þjóðarinnar að baki.

Er Kanada-leiðin fær?

Barnier talar af sér í
Brexit-viðræðunum

Um þessar mundir eru að hefjast síðustu viðræðuloturnar á milli Bretlands og Evrópusambandsins vegna útgöngu Breta úr sambandinu, Brexit. Framkvæmdastjórn sambandsins hefur gefið það út að samkomulag um útgönguna verði helst að liggja fyrir um miðjan nóvember, enda útgangan dagsett í mars á næsta ári.

Innan breska Íhaldsflokksins má nú greina mikla óánægju með framgang viðræðanna. Fyrr í sumar lagði Theresa May forsætisráðherra fram markmiðin sem kennd eru við sveitasetur forsætisráðherra, Chequers. Pau hafa hins vegar nánast klofið Íhaldsflokkinn, enda telja margir Brexit-menn tillögurnar í raun viðhalda yfirráðum Evrópusambandsins yfir Bretlandi.

Fulltrúar Evrópusambandsins hafa heldur ekki farið leynt með andúð sína á Chequers-markmiðunum og sagt þau í raun stefna að því að „velja úr bestu bitana“ við tollabandalagið. Michel Barnier, aðal-samningamaður Evrópusam-

bandsins, sagði fyrr í vikunni í blaðaviðtali að Chequers-tillögurnar myndu krefjast „brjálaðrar og óréttlætánlegrar skriffinnsku“ ef þær tækju gildi.

Komandi frá skriffinnsku-bákninu í Brussel þá hljómar það ekki sérstaklega vel, en líklega var tilgangur ummælanna að ýta Bretum frá Chequers-tillögunum og nær áherslum Evrópusambandsins. Áhrifin hafa verið þveröfug, sem stafar meðal annars af því að í sama viðtali nefndi Barnier, nánast í framhjálaupi, að hann væri enn opinn fyrir möguleikanum á fríverslunarsamningi á borð við þann sem Kanada gerði við Evrópusambandið í fyrra.

Það hefur aftur haft þær afleiðingar að sífellt fleiri innan Íhaldsflokksins, jafnvel nánir stuðningsmenn May, vilja „henda Chequers“ og stefna frekar í áttina að kanadíska módelinu. Framundan eru því væntanlega hörð átök innan Íhaldsflokksins og áframhaldandi óvissa um á hvern hátt Bretland skilur við ESB.

Sama afurðaverð fyrir lömbin og fyrir ári

BAKSVIÐ

Helgi Bjarnason
helgi@mbl.is

Bændur fá að jafnaði nákvæmlega sama verð fyrir kjötið af lömbunum sem þeir selja sláturhúsum í haust og þeir fengu á síðasta ári. Er þá miðað við heildina en smá tilfærslur eru á milli sláturhúsa. Vonir bænda um hækkun rættust ekki en svartsýnar spár um lækun verðsins gengu heldur ekki eftir. Sláturfélag Suðurlands greiðir sínum innleggjendum hæsta verðið.

Landssamband sauðfjárbænda reiknar á hverju hausti út meðaðverð fyrir afurðirnar. Miðað er við verðskrár sláturhúsanna og tekið tillit til flokkunar og álagsgreiðslna í upphafi sláturtíðar. Til samanburðar er verðið í fyrra að meðtöldum þeim viðbótum sem fyrirtækin greiddu eftir sláturtíð.

Meðalverð fyrir lambakjöt er 387 krónur, eins og sést á töflu hér til hliðar, og 115 krónur eru greiddar fyrir kjöt af fullorðnu.

Los er að koma á bændur

Unnsteinn Snorri Snorrason, framkvæmdastjóri Landssamtaka sauðfjárbænda, segir að bændur geti ekki unað við þetta verð. Ef verðið hefði þróast í samræmi við almenna verðlagsþróun ætti meðalverðið að vera 620 til 630 krónur á kíló. Staðan sé hins vegar óbreytt frá síðasta ári.

„Margir sauðfjárbændur eru að reka bú sín án þess að hafa nokkra launagreiðslugetu. Menn verða að setja undir sig hausinn og reyna að ná alla leið. Bændur þola ekki mörg svona ár. Við heyrum það og finnum að los er að koma á menn. Bændur eru að fækka fé og einhver bú ætla að hætta framleiðslu í haust,“ segir Unnsteinn.

Hann segir að hópur bænda hafi verið að biða eftir aðgerðum stjórnvalda til að geta tekið ákvarðanir um framtíðina. Sérstaklega varðandi valkvæða hvata til að hætta framleiðslu. Telur Unnsteinn að margir hefðu tekið slíkum tilboðum í haust, ef þau hefðu verið í boði. Ákvarðanir um slíkt hefðu þurft að liggja fyrir í vor þegar bændur lögðu grunn að framleiðslu ársins. Þegar það gekk ekki eftir óskuðu Landssamtök sauðfjárbænda eftir því að þær yrðu tilkynntar í síðasta lagi fyrir upphaf sláturtíðar í haust. Samninganefndir ríkis og bænda hafa nú gefið það út að samningar um aðgerðir varðandi sláturtíðina í haust náist ekki. Við-



Morgunblaðið/RAX

Sláturtíð Slátrun er hafin hjá öllum stærstu sláturhúsum landsins. Síðustu verðskrárnar voru gefnar út rétt áður en byrjað var að taka við fénu.

SS greiðir
hæsta verðið

Sláturfélag Suðurlands greiðir hæsta afurðaverðið. Þótt verðskráin sé sú sama og í fyrra kemur út úr útreikningum LS, þegar tekið hefur verið tillit til annarra þátta, að verðið lækki um krónu að meðaltali. Sömu útreikningar sýna að Kaupfélag Skagfirðinga greiðir 5 kr. minna að meðaltali en á síðasta ári. Fjallalamb á Kópaskeri hækkar hins vegar verðið um 11 krónur.

Afurðaverð
lambakjöts

2017 og 2018

Sláturleyfishafi	2017	2018
Sláturfélag Suðurlands	424	423
Kaupfélag Skagfirðinga	400	395
Sláturhús KVH	400	395
Fjallalamb	370	381
Norðlenska	376	376
Sláturfélag Vopnfirðinga	356	355
SAH Afurðir	352	353
Meðalverð í landinu	387	387

Heimild: Landssamtök sauðfjárbænda

ræður halda hins vegar áfram og eru í góðum gangi, samkvæmt heimildum blaðsins.

„Tíminn er runninn út. Bændur geta ekki beðið í óvissu með sláturbílinn á hlaðinu,“ segir Unnsteinn um vonbrigðin í haust.

Vonast eftir uppbótum

Flestar afurðastöðvarnar gefa það út að þær muni greiða uppbót á afurðaverðið í haust ef markaðir þróast með þeim hætti að það verði unnt. Unnsteinn vonast til að einhver innistæða verði til þess.

Verðþróun á heimsmarkaði sé heldur í rétta átt og innanlandsmarkaður hafi ekki gefið eftir, ekki frekar en orðið var.

Samkvæmt samantek Landssamtaka sauðfjárbænda lækkaði verð á lambakjöti út úr búð nokkuð á árinu 2017 en hefur síðan haldist svipað. Það er nú um 10% lægra en það var á árinu 2014, á sama tíma og vísitala neysluverðs hefur hækkað um 9%. Talsvert gap hefur myndast. Aftur á móti hrapaði afurðaverðið til bænda á árunum 2016 og 2017 og er nú um 65% af 2014-verðinu.

Menntun er tækifæri fyrir alla

Það er mikilvægt að allir hafi jöfn tækifæri til menntunar og geti fundið nám við sitt hæfi. Við viljum tryggja öllum börnum og ungmennum slík tækifæri og er það leiðarljósið við gerð nýrrar menntastefnu fyrir Ísland til ársins 2030. Markmiðið er einfalt; íslenskt menntakerfi á að vera framúrskarandi og byggja undir samkeppnishæfni hagkerfisins til langrar framtíðar. Liður í því er að halda áfram með þróa menntun fyrir alla eða menntun án aðgreiningar sem reynst hefur vel að mörgu leyti.

Íslenskir skólar mæta fjölbreyttum þörfum nemenda sinna og innan þeirra er unnið frábært starf. Við vitum hins vegar að hægt er að gera betur þegar kemur að samþættingu skólastiga. Þannig er raunin að fötluðum ungmennum sem útskrifast af starfsbrautum framhaldsskóla bjóðast fáir mennta- eða starfskostir að því námi loknu. Þessi staða var rædd á nýlegum fundi Proskahjálpar með aðstandendum fatlaðra ungmenna á opinskáan og uppbyggilegan hátt og komu þar margar athyglisverðar hugmyndir fram.

Árið 2016 fullgiltu stjórnvöld samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og var það mikið

Pistill

Lilja Dögg
Alfreðsdóttir

þeirra sem að þurfa að spila saman í þessum efnum m.a. með velferðarráðuneytinu, sveitarfélögum sem og öðrum hagsmunaaðilum. Ljóst er að bætt yfirsýn, upp lýsingagjöf og aukin áhersla á samstarf og samfelli í skóla- og velferðarmálum mun hjálpa okkur að mæta þeim áskorunum sem biða okkar og stuðla að betra samfélagi og tækifærum fyrir okkur öll.

Höfundur er mennta- og menningarmálaráðherra.



Reykjavík Margir lögðu leið sína á markað sem haldinn var við Laugavegin í góða veðrinu á dögunum. Það er segin saga að í góðu veðri flykkist fólk út á götur og torg höfuðborgarinnar.

Þungi útlendingamála í evrópskum stjórnmálum

Eftir Björn Bjarnason

Annars vegar lifum við á tímum þegar fylgjast má með atburðum um leið og þeir gerast og hins vegar sjá þessa sömu atburði draga dilk á eftir sér mörgum árum síðar.

Allur heimurinn fylgdist með því árið 2015 þegar hundruð þúsunda manna streymdu frá Mið-Austurlöndum og Norður-Afríku til Evrópu. Sá kostur var fyrir hendi að hefta för þessa fólks norður eftir álfunni og gripa strax til ráðstafana á borð við þær sem nú er beitt af stjórn Ítalíu þegar hún neitar meira að segja fámennum hópum úr hjörgunarskipum um landvistarleyfi. Þessi kostur var ekki nýttur heldur var fólkinu heimilað að fara norðar í álfunni. Stjórnvöld Pýskalands og Svíþjóðar opnuðu landamæri sín.

Pýskaland

Kosið var til þýska sambandsþingsins í fyrra og þar galt Angela Merkel þess að hafa opnað landamærin árið 2015. Nú fyrir nokkrum vikum töldu margir að stjórn Merkel kynni að falla vegna þess að kristilegur samstarfsflokkur hennar í Bæjaralandi (CSU) segði skilið við stjórn hennar með vísan til ágreinings um útlendingamál. CSU-menn vilja sýna íbúum Bæjaralands, fyrir kosningar hjá sér í október, að þeir standi í lappirnar í útlendingamálum. Á þann veg reyna þeir að stöðva framgang stjórnmálaafla í Pýskalandi sem



Björn Bjarnason

hefur vaxið ásmegin vegna fjölgunar innflytjenda í landinu. Þar ber hæst flokkinn Alternative für Deutschland (AfD) (Annar kostur fyrir Pýskaland) sem upphaflega ætlaði að berjast gegn evrunni en snerist gegn útlendingum. Í vikunni birtist niðurstaða könnunar sem sýnir AfD annan stærsta flokk Pýskalands með 17% en Jafnaðarmenn í þriðja sæti með 16%.

Arftakar gamla kommúnistaflokksins í Austur-Pýskalandi hafa nú stofnað flokk, Aufstehen (Rísið upp), til að ná í fylgi frá AfD. Útlendingaóvildin hefur leitt til þess að kjósendur Die Linke (Vinstri) í austurhluta Pýskalands færa sig yfir á AfD.

Mótmælin undanfarnar vikur í Chemnitz (fyrrum Karl-Marx-Stadt) í Saxlandi í austurhluta Pýskalands eru sýnilegt merki um útlendingaólguna í Pýskalandi. Þar eru gamlir kommúnistar teknir til við að heilsa að nasistasíð fyrir framan risavaxna stytta af Karli Marx til að árétta stefnufestu sína og andúð á útlendingum.

Svíþjóð

Á sunnudag verður gengið til þingkosninga í Svíþjóð. Spár benda til þess að Svíþjóðardemókratarnir (SD) auki verulega fylgi sitt. Þeir mældust sl. sunnudag með 20% fylgi (fengu 13% 2014). Jafnaðarmenn mældust með 23,8% (fengu 31% 2014) og Moderaterna (mið-hægri) 17% (fengu 23% 2014). Fylgi uppnámsflokka mælist oft meira fyrir kosningar en úrslit

» Fylgisaukning SD hefur leitt til stefnubreytingar í útlendingamálum hjá hefðbundnu stóru flokkunum í Svíþjóð.

þeirra sýna. Hvort svo er í Svíþjóð kemur í ljós. SD hafa að minnsta kosti siglt öruggan byr í kosningarátturni og haldið trúverðuleika sínum þótt hart sé að þeim vegið og með þungum orðum. Baráttu þeirra hefur meðal annars leitt til harðari útlendingastefnu hjá hinum flokkunum í toppsætunum.

Margir sænskir jafnaðarmenn líta öfundaraugum til flokkssystkina sinna í Danmörku. Mette Frederiksen, formaður danskra jafnaðarmanna, segist ætla að fylgja harðri útlendingastefnu fram að kosningum á næsta ári og eftir þær hvað sem aðrir flokkar vinstra megin við miðju segja. Hún var um tíma dómsmálaráðherra og veit hvað við er að etja vegna innflytjendavandans.

Premur árum eftir að flótta- og farandfólkið streymdi til Svíþjóðar berast stöðugt fréttir af brenndum bifreiðum, sprengjukasti og skotbardögum (129 í Stokkhólmi í fyrra, 19 banvænir). Voðaverkin eru oftast unnin í félagslega óhrjálægum úthverfum þar sem margir innflytjendur búa. Stjórnmálamenn komast ekki hjá því að ræða þessi vandamál í aðdraganda kosninganna. Um langt skeið ríkti þöggun um þau. Í þessu andrúmslofti vex fylgi Svíþjóðardemókratanna. Um 400.000 manns – 163.000 árið 2015 – hafa sótt um hæli í Sví-

þjóð undanfarin sex ár. Hvergi í Evrópu er tala hælisleitenda jafnhá miðað við höfðatölu og í Svíþjóð. Undir lok síðasta árs fór íbúafjöldinn þar yfir 10 milljón manna markid.

Efnahagslega standa Svíar vel að vígi: atvinnuleysi er með því minnsta í áratug og hagvöxtur ætti að verða um 3% í ár með lítilli verðbólgu. Staða ríkissjóðs er góð. Líklega finnst kjósendum bara sjálfgefið að hagkerfið virki vel. Þetta á að minnsta kosti við um þá sem ræða ekki annað en útlendingamálin og ætla að leggja SD lið til að herða stefnuna og helst loka alveg á hælisleitendur.

Gamalgrónu stóru sænsku flokkarnir hafa hert útlendingastefnu sína. Vegna ráðstafana rauðgrænu ríkisstjórnar Svíþjóðar fækkaði hælisumsóknum í 26.000 í fyrra. Stefan Löfven, forsætisráðherra jafnaðarmanna, vill enn helminga þessa tölu. Honum er ljóst hve miklu stefna stjórnvalda einstakra landa ræður um hvort fólk leitar þar hælis. Straumnum er að verulegu leyti stjórnað af smygilurum sem taka stórfé fyrir þjónustu sína.

Nú boða stjórnvöld að sænskum lögreglumönnum verði fjölgað um 10.000 og refsingar hertar fyrir afbrot vegna meðferðar skotvopna og fyrir kynferðisafbrot. Hætt verði fjárhagslegri aðstoð við skilríkjalausa útlendinga og staðið hraðar að brottvísunum og brottflutningi þeirra sem neitað er um hæli. Moderatarnir hafa svo lofað að draga úr félagslegri aðstoð við flóttafólk.

Óvissa

Hér skal engu spáð um úrslit kosninganna í Svíþjóð eða hvers konar stjórn verður mynduð þar að

kosningum loknum. Reynslan frá Noregi, Danmörku og Finnlandi sýnir að ekki er auðvelt fyrir flokka með stefnu eins og þá sem SD boðar í útlendingamálum að skapa sér valdasess innan stjórnmála- og flokkakerfisins.

Þetta getur tekið nokkur kjörtímabil. Norski Framfaraflokkurinn á nú aðild að ríkisstjórn annað kjörtímabilið í röð eftir að hafa verið lengi úti í kuldanum.

Danski þjóðarflokkurinn hefur aldrei átt ráðherra í ríkisstjórn en forseti þingsins, Pia Kjaersgaard, er úr röðum flokksins. Hörð stefna flokksins í útlendingamálum er ráðandi í dönskum stjórnmálum.

Á þingi Norðurlandaráðs mynda Svíþjóðardemókratar, Danski þjóðarflokkurinn og að minnsta kosti hópur úr Finnaflokknum sérstakan þingflokk, Norrænt frelsi. Framfaraflokkurinn hefur ekki átt þar aðild en það kann að breytast.

Fylgisaukning SD hefur leitt til stefnubreytingar hjá hefðbundnu stóru flokkunum í Svíþjóð. Á sænska þinginu er hins vegar ekki léð máls á samvinnu við SD um stjórn landsins. Að þessu leyti hafa sænskir stjórnmálamenn ekki enn fetað í fótspor Dana, Norðmanna og Finna eða Austurríkismanna og Ítala. Hitt er ljóst að fái SD um 20% fylgi stenst ekki að nota öfgastimpilinn áfram á flokkinn.

Premur árum eftir að landamæri opnuðust fyrir farand- og flóttafólk í Evrópu fjölgar kjörnum fulltrúum þeirra sem er nóg boðið í útlendingamálum. Næsta ár verður kosið til ESB-þingsins í öllum ESB-ríkjunum samtímis þá skýrast þessar nýju línur evrópskra stjórnmála enn frekar.

Höfundur er fv. ráðherra.

20 | MINNINGAR

Adolf Jakob Berndsen

† Adolf Jakob Berndsen fæddist á Karls-skála, Skagaströnd, 28. desember 1934. Hann lést á dvalarheimilinu Sæborg á Skagaströnd 27. ágúst 2018.

Foreldrar hans voru Guðrún Laufey Helgadóttir, f. 6.11. 1903, d. 15.4. 1987, og Ernst Georg Berndsen, f. 2.6. 1900, d. 21.8. 1983.

Systkini Adolfs eru Helga Guðrún, f. 1931, eiginmaður hennar var Gunnlaugur Árason, d. 2016, og Karl Þórólfur, f. 1933, d. 12.2. 1995, eiginkona hans var Ingibjörg Fríða Hafsteinsdóttir.

Eftirlifandi eiginkona Adolfs er Hjördís Sigurðardóttir, f. 20.11. 1938, þau gengu í hjónaband á páskadag 1958. Foreldrar Hjördísar voru Sigurður Guðmonsson, f. 1904, d. 1981, og Hallbjörg Jónsdóttir, f. 1909, d. 1987. Börn þeirra eru: a) Sverrir Brynjar, f. 1981, sambyliskona hans er Steinunn Sigurgeirsdóttir. Sonur þeirra Hektor Hrafn en fyrir átti Sverrir dótturina Iðunni Ólöfu með Ingvaldi



Gísladóttur. b) Sonja Hjördís, f. 1986, sambylismaður Atli R. Þorsteinsson. Sonur þeirra er Sigmar Víkingur. c) Sigurbjörg Birta, f. 1996. 2) Guðrún Björg, f. 6.9. 1961, maður hennar er Lúðvík J. Ásgeirsson, f. 1959. Börn

þeirra: a) Adolf Þór, f. 1983, kona hans er Helga D. Jóhannsdóttir. Synir þeirra eru tvöbarnir Aron Breki og Oliver Atlas. b) Birgir, f. andvana 1990. c) Ásta Hallý, f. 1991, sambylismaður Friðrik M. Björnsson. Sonur þeirra Stefán Frosti. d) Hjördís Laufey, f. 1993, sambylismaður Reynir Magnússon. Fyrir átti Lúðvík soninn Stefán, f. 1980, d. 1998. 3) Steinunn Berndsen, f. 9.5. 1963, sambylismaður Gísli Snorrason, f. 1960. Synir þeirra eru: a) Birkir Rafn, f. 1981, kona hans er Margrét Rúnarsdóttir. Börn þeirra eru Snorri Rafnar og Arna Steinunn. b) Arnór Snorri, f. 1988, sambyliskona Inga Jóna Grétarsdóttir. Sonur þeirra er Baltasar Gísli. Fyrir átti Inga synina Anton Leví og Jón Axel. 4) Hendrik Berndsen, f. 20.7. 1966, sambyliskona hans er Bára Björnsdóttir, f. 1966. Börn

Pú varst kosinn í hreppsnefnd til 30 ára. Á þeim tíma var þungt í atvinnumálum og erfitt að fá lán til rekstrar. Ófáar ferðir fórstu suður að redda málum til halda hjólum atvinnulífsins gangandi, þú vildir gera sem best fyrir Skagaströnd. Vinnudagar þínir voru rosalega langir og ég skil ekki ennþá í dag hvernig þú komst yfir þetta allt saman, pabbi minn.

BP/Ólís var þitt ævistarf og síðar bættist söluskálinn við. Eitt sinn var ég í göðra vina hópi, ásamt Óla Kr. í Ólís, aðspurður af félaga mínum hverjir væru hans bestu umboðsmenn, nefndi hann þig. Svar hans kom mér ekki á óvart.

Pú tókst við umboðinu af afa, en vildir að hann væri áfram skráður umboðsmaður svo hann fengi greidd laun. Þú hugsaðir vel um þína foreldra og hjálpaðir fólki í vanda án þess að flika góðmennsku þinni.

Pú varst góð skytta, mér er minnisstætt þegar við fórum á veiðar á sjó eða landi. Þitt helsta áhugamál var harmonikkuleikur, spilaðir á böllum og mættir á ófáa tónleika til að heyra börnin mín spila. Harmonikkumótin með þér og Sigga syni eru mér eftirminnileg, þegar þið spiluðuð saman og þú brostir allan hringinn.

Við tveir áttum góðar stundir saman að smíða sumarþustaðinn í Borgarfirði, það var gott að vinna með þér. Bústaðurinn varð þinn yndisreitir,

þeirra eru: a) Sigurður Ernst, f. 1993, sambyliskona Salóme Sigurmons dóttir. b) Aníta Birna, f. 1998, c) Hendrik Snær, f. 2000, d. 2001. d) Hendrik Ingi, f. 2001. e) Gunnar Karl, f. 2003. 5) Sigurður Berndsen, f. 14.8. 1978, kona hans er Harpa Vigfúsdóttir, f. 1978. Börn þeirra eru: a) Embla Björt, f. 1999. b) Marín Björt, f. 2004. c) Bjartþór Daði, f. 2006. d) Dagbjört Drífa, f. 2008. e) Bjartey Hjördís, f. 2015.

Adolf ólst upp á Skagaströnd og bjó þar alla sína ævi. Hann eignaðist snemma eigin vörubíl og þjónustaði fyrirtæki og einstaklinga í héraðinu og sinnti olíudreifingu fyrir BP. Hann tók við starfi umboðsmanns Ólís árið 1973 af föður sínum og gegndi því til ársins 2004. Auk þess að sjá um umboðið rak hann um árabíl Söluskála Ólís á Skagaströnd. Má segja að hann hafi starfað fyrir olíufélagið í um 50 ár.

Adolf sat í sveitarstjórn á Skagaströnd fyrir Sjálfstæðisflokkinn frá 1964-1994, þar af var hann oddviti sveitarfélagsins 1978-1990. Hann var um árabíl stjórnamaður og stjórnarformaður frystihússins Hólaness hf., auk þess að vera um tíma einn af stærstu eigendum félagsins. Adolf var ágætur harmonikkuleikari og spilaði víða á dansleikjum á árum áður. Hann var áhugamaður um veiðimennsku, ekki síst á sjó.

Útför hans fer fram frá Hólaneskirkju á Skagaströnd í dag, 7. september 2018, og hefst athöfnin klukkan 14.

Þar var gaman að koma saman. Eftir að ég flutti suður töluðum við í símann á hverjum degi sem er dýrmætt í minningunni. Það var mikið högg fyrir mig þegar þú gast ekki lengur talað í síma vegna veikinda þinna.

Pú varst góður pabbi og einstaklega barngóður. Þú talaðir oft um að stórfjölskyldan væri þitt ríkidæmi sem vel þyrfti að hugsa um.

Þegar Hendrik Snær okkar veiktist komuð þið suður og tókuð yfir heimilið óumbeðin svo við Bára gætum verið hjá honum öllum stundum á spítalanum. Ég mun aldrei geta endurgoldið þann greiða og verð ykkur ævinlega þakklátur fyrir ykkar ómetanlega stuðning.

Elsku pabbi minn, ég hef alltaf kviðið fyrir þessum degi síðan ég man eftir mér. Takk, elsku pabbi, fyrir allt. Ég vona að þér líði vel núna, ég veit að foreldrar þínir, bróðir þinn og sonur minn taka vel á móti þér. Ég elska þig.

Pinn sonur

Hendrik (Hinni).

Meira: mbl.is/minningar

Pabbi kenndi mér svo margt og margt af því fattaði ég ekki fyrr en núna hin síðari ár.

Pabbi var einstakur maður. Hann vann alla tíð gríðarlega mikið. Meðfram störfum sínum vann hann mikið fyrir byggðarlag sitt og sat í hreppsnefnd í 30 ár. Hann unni alla tíð byggðarlagi sínu, stóð þar að atvinnurekstri og vildi hvergi annars staðar búa.

Á sínum yngri árum spilaði hann oft á harmoníkkuna fyrir dansi, ýmist einn eða með hljómsveit. Við áttum saman góðar stundir þar sem við tókum lagið saman. Þær eru ómetanlegar.

Hann hafði alla tíð gaman af veiði og stundaði mest veiðar á sjó. Hann var afbragðsskytta.

Börnin og barnabörnin voru pabba alla tíð einstaklega mikið hugleikin. Fylgdist hann alla tíð mjög náið með þeim öllum og hafði stöðugt hag þeirra og velferð í forgangi. Pabbi sagði oft og íðulega „börnin verða að ganga fyrir“.

Pabbi og mamma hafa stutt og aðstoðað okkur öll, ásamt því að aðstoða fjölda annarra í gegnum tíðina. Hann vildi aðstoða fólk ef á þurfti að halda. Fyrir þeirra stuðning og aðstoð í gegnum tíðina er ég óendanlega þakklátur. Ég á þeim svo margt að þakka.

Sólin hækkar dag frá degi, dimma vetrar minnka fer, líkt og fyrst á lífs þíns vegi í löngu horfnum desember.

Þú með ferli elju og anna ungur vannst þér sigurbaug. Alltaf reyndist seiglan sanna sitja þér í hverri taug.

Foreldrunum frá þú hefur fengið margt sem virða ber. Sjálfstæð hugsun sigur gefur, síst af öllu bregst hún þér.

Margt þú hafðir fram að færa, frá því segir gengið skeið. Engan léstu í þér hræra, ákvaðst sjálfur þína leið.

Skjótt við lærdóma góðra gilda greindir þú hvað hollast er. Allt sem var og verður skylda valdist snemma í för með þér.

Séð þú hefur bæinn breytast, borið víða að starfi hönd. Enn sem fyrr þitt hjarta heitast heldur tryggð við Skagaströnd. (Rúnar Kristjánsson)

Elsku pabbi, farðu í friði, við munum sakna þín, drottinn mun þig geyma og við þössum mömmu.

Sigurður Berndsen.

Í dag fylgi ég honum tengda föður mínum síðasta spölinn. Búin að smella kveðjukossinum á vanga hans og þakka honum fyrir allt. Sorg og söknuður leita á hugann en ljúfar og dýrmætar minningar sitja eftir. Minningar um veiðiferðir þar sem var alltaf var sól, gleði og gaman. Barnabörnin alsæl með afa að veiða, Hjödda tjaldaði bláa söltjaldinu, skellti upp veislu með fullan dunk af smurðu brauði og nýbökuð vínarbrauð með glassúr. Malt og Kit Kat í Olispoka og nikkan stundum með í för. Skipti svo sem ekki öllu hvort eitthvað væri veitt, aðalmálið að fjölskyldan væri saman.

Minningar um kennslustundir Adolfs, já ég lærði ýmislegt af tengdaföður mínum, enda var hann alltaf að segja okkur til og leiðbeina. Margt sem hefur komið sér afar vel í gegnum tíðina. En stundum var lærðómssvilið ekki fyrir hendi og þannig var það nú með jólarjúpunna. Ég hafði ekki vanist því að rjúpur væru borðaðar á jólnum, ég eða bara borðaðar yfir höfðuð. Adolf gerði heiðarlega tilraun til að kenna mér að verka rjúpur en þegar ég var búin að kúgast yfir lykt og tárast og fástast yfir villimennsku þá gafst hann upp og allar götur síðan verkaði hann rjúpur fyrir okkur í jólamatinn og oftan en ekki eldaði Hjödda. Hann taldi líka alveg nauðsynlegt að kenna mér á smurólúbilinn, hvernig dælurnar virkuðu og svo varð ég að lofa að fara varlega og muna svo að tengja slöngurnar rétt. Hann var passasamur og endalaust með varnaðarorð. Held satt að segja að það hafi verið hans aðferð til að láta í ljós væntumþykju. Það gat verið kostulegt að horfa á sjónvarpið með honum, athugasemdir sem hann hafði um menn og málefni gátu oft orðið ansi skrautlegar. Við vorum oft ósammála og áttum það til að rökræða hressilega. Oftan en ekki endaði það með því að við vorum sammála um að vera ósammála og við það sat og þá var það málefni ekki rætt meir.

Minningar um ljósrit af hollustugreinum og heilsurannsóknunum úr Mogganum. Þessi ljósrit afhenti hann okkur reglulega, skýr skilaboð um að við ættum að taka okkur á í þeim efnum. Adolf var hjálpsamur og gjafmildur, en fannst samt alveg óþarfi að vera að eyða í einhverja vitleysu. Honum var mjög svo umhugað um að allir fengju nóg að borða og ættu góðar skjólflikur. Hundskammaði rígfullorðið fólk fyrir að vera ekki með vettlinga og í ullarsokkum um hávetur og tékkaði iðulega á því hvort ekki væri nú örugglega skófla, kaðall, kuldagalli og vasaljós í bíl um okkar. Svo var það tilkynningaskyldan, láta vita þegar lagt var af stað í langferð og þegar áfangastað væri náo. Honum var sérstaklega illa við þegar fjölskyldumeðlimir voru að þvælast til útlanda. „Til hvers að vera á þessu flandri, nær að halda sig heima. Þið getið bara séð þetta allt saman í sjónvarpinu,“ voru oftan en ekki hans orð um ferðalög utanlands. Honum var mjög svo umhugað um fólkið sitt, hann fylgdist náið með börnum og barnabörnum og hafði alltaf hag þeirra og velferð í fyrirrúmi.

Minningarnar eru margar og ég minnst hans með hlýhug og þakka fyrir samfylgd, hjálpssemi og vináttu í tæp 40 ár. **Dagný Marín.**

Elsku afi. Það er erfitt að meðtaka það að þú sért farinn, en á sama tíma hughreystandi að vita af þér í ró og að þér líði betur á þeim stað sem þú ert núna. Þegar við systur hugsuðum um Skagaströnd kemur þú fyrst upp í huga okkar. Allar þær minningar sem við áttum saman eru ómetanlegar. Allt sem þú kenndir okkur og allar þær minningar frá því við vorum litlar og þar til dagsins í dag munum við ávallt varðveita og fylgja okkur inn í framtíðina.

Ein af okkar kærustu minningum er þegar þú leyfðir okkur og Sigga Ensa að standa á pallinum á litla oliubílum og keyra heim til ömmu frá Karls-skála, henni til mikillar óánægju, en alltaf leyfðirðu okkur að gera þetta aftur þegar amma sá ekki til. Þau ótal mörgu skipti sem þú fórst með okkur niður á bryggju til að dorga, allar veiðiferðir okkar úti á Skaga þar sem við vorum tímunum saman að rembast við að veiða lax með nesti með ferðis og auðvitað tímarir á Litlu Rauð, þar sem þú kenndir okkur krökkunum hvernig ætti að vitja um net og róa árabáti þegar við vorum rétt um fimm eða sex ára.

Þú kenndir okkur að hjarga okkur og þú gafst svo mikið af þér, meira en þú gerðir þér grein fyrir. Þú hafðir alltaf svo miklar áhyggjur af okkur öllum og elskaðir okkur skilyrðislaust. Þegar við fluttum til Reykjavíkur biðum við systur spenntar eftir pósti frá þér, þar sem þú lagðir það í vana þinn að senda okkur KitKat-súkkulaði og 500 króna seðil og smá bréf með. Allir þessir litlu hlutir sem þú gerðir og sýndir okkur eru svo dýrmætir og sýna hversu góður maður þú varst.

Elsku afi, söknuðurinn er óbærilegur en við hittumst aftur þegar okkar tími er kominn. Elskum þig alltaf. Þínar Guðrúnardætur, **Ásta Hallý og Hjördís Laufey.**

Elsku besti afi minn. Orð geta ekki lýst því hvað ég sakna þín mikið á hverjum einasta degi. Okkar stundir sem við áttum saman eru ómetanlegar og mun ég geyma þær eins lengi og ég lifi. Alveg frá því ég fæddist hefur þú veitt

mér skjól. Þú hefur passað mig og kennt mér svo ótal margt sem ég mun hafa með mér í gegnum lífið til að hjálpa bæði mér og öðrum.

Mínar fyrstu minningar um þig voru þegar þú komst í flýti suður til að sækja mig á leikskólann. Amma sagði alltaf að þetta hefðu verið einu skiptin sem þú ókst yfir leyfilegum hámarkshraða en þú varst þekktur fyrir að fara eftir lögum og reglum. Allir krakkarnir á leikskólanum vissu hver væri að renna í hlað á rauðum Pajero og hlupu þau til mín til að segja mér að amma mín og afi væru komin til að sækja mig. Ég man enn þann dag í dag þá tilfinningu að sjá ykkur koma og sækja mig, ekkert gat glatt mitt litla hjarta á þeim tíma eins mikið og að sjá ykkur tvö ganga inn fyrir hliðið.

Heimili þitt og ömmu á Skagaströnd var mér sem annað heimili. Ég sótti mikið í það að koma norður til ykkar á sumrin og vera með ykkur eins mikið og ég mögulega gat. Þar áttum við okkar bestu stundir saman. Við vorum miklir veiðimenn, bæði á sjó og í ám. Við lögðum líka svo ótal oft silunganet og komum aldrei tómhentir heim. Ég gleymi því aldrei þegar við lögðum við Höfðann. Við fórum svo nokkrum tímum seinna að vitja frá landi og þá sáum við að í netinu var það stór fiskur að við þurftum að drífa okkur niður Höfðann til að sækja hann. Það augnablik þegar við náðum að koma fiskinum í land kom upp eitt fallegasta bros sem þú hefur gefið mér. Þar héldum við á 106 cm laxi sem var yfir 26 pund. Við hlógum alla leiðina upp Höfðann og inn í bíl. Svo voru það veiðiferðirnar okkar út á Skaga í Fossá. Þar eyddum við heilum dögum saman bara við tveir einir, með malt í gleri og fullan dunk af skúffukökum og smurðu brauði frá ömmu.

Þegar fór að líða á þín seinni ár og ég að fullorðnast þá komstu samt alltaf með mér. Þá sástu bara inni í bíl og fylgdist með mér. Eftir að þú veiktist og hafðir ekki heilsu til að ferðast þessi síðustu ár þín hef ég alltaf hvert ár farið í Fossá. Það hefur verið skrítið að koma þangað einn og ég hugsu alltaf til þín, elsku afi minn, þegar ég stend þar einn við árbakkann, borða smurt brauð frá ömmu og drekk malt í gleri. Petta var áin okkar sem við höfum veitt saman í frá því ég var litill polli og mun ég halda áfram að fara þangað til að eiga góðar stundir og minna þín.

Pú varst einstakur harmóníkuspilari og þú gafst mér mína fyrstu harmóníku. Þú hvattir mig í nám og við spiluðum svo oft saman. Við fórum á nokkur landsmót harmóníkuleikara þar sem við fórum saman upp á svið og spiluðum saman. Af öllum hinum krökkunum sem spiluðu þar var ekkert þeirra jafn heppið og ég að fá að spila með afa sínum og hafa hann við hlið sér. Við vorum alltaf flottastir, þú varst alltaf svo glaður að fá að spila með mér og þú fylltist alltaf stolti. En núna ertu farinn mér frá og ég á ekkert nema góðar og fallegar minningar um þig, elsku afi minn. Þú varst besti vinur minn, veiðifélagi, samspilsfélagi og verndari minn. Þakka þér fyrir allt, elsku besti afi minn, þú munt alltaf eiga sérstakan stað í hjarta mínu. Ég mun aldrei gleyma þér og minning þín og okkar samvera mun lifa með mér til æviloka.

Ástarkveðja **Sigurður Ernst (Siggi Ensi).**

● **Fleiri minningargreinar um Adolf Jakob Berndsen bíða birtingar og munu birtast í blaðinu næstu daga.**

SVAFAR & HERMANN

útfararstofa

**Virðing,
reynsla
& þjónusta**

**Allan
sólarhringinn**

571 8222
Svafar:
820 3939
Hermann:
820 3938
Ingibjörg:
820 3937

WWW.KVEDJA.IS

Jóhannes Helgi Gíslason

✚ Jóhannes Helgi Gíslason fæddist í Grímsgerði, Hálshreppi í Fnjóskadal, 9. desember 1930. Hann lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri 21. ágúst 2018.

Foreldrar hans voru hjónin Þórey Jóhannesdóttir, f. 13. febrúar 1891, á Melum, Hálshreppi, d. 19. júní 1988, og Gísli Jónsson, f. 25. febrúar 1891, í Hrísgarði, Hálshreppi, d. 19. júní 1982. Þau bjuggu í Grímsgerði í Fnjóskadal. Systkini Jóhannesar: Sigrún Friðbjörg Gísladóttir, f. 23. október 1920, d. 26. maí 1942, Jón Kristinn Gíslason, f. 17. október



1923, d. 12. desember 2007, kvæntur Jónínu Helgadóttur, Sigríður Gumlaug Gísladóttir, f. 18. maí 1926, d. 13. júní 1974, húsfreyja á Hjalteyrri, gift Agnari Þórisyni sjómanni, þau eignuðust sjö börn.

Jóhannes Helgi kvæntist 3. júlí 1955

Ásgerði Lilju Holm frá Sýðra-Mallandi í Skefilsstaðahreppi á Skaga, f. 22. október 1933, d. 27. ágúst 2013. Hún var dóttir hjónanna Fanneyjar Margrétar Árnadóttur frá Víkum á Skaga, f. 26. nóvember 1899, d. 2. ágúst 1969, og Boye Thomsen Holm frá Kolding í Danmörku, f. 6. sept-

áttum þar gæðastundir.

Pú áttir alltaf til ópal eða mola til að lauma að okkur, líka þegar við vorum orðin fullorðin og farin að koma með okkar eigin börn í heimsókn til ykkar í Skessugilið. Og þótt amma hafi alltaf séð um að setja kræsingar á borðin bjóst þú til besta kakó sem við vitum um handa okkur. Alltaf þegar þið amma komuð í heimsókn til okkar komst þú alltaf með súkkulaðisnúða, kringlur og glassúr-köku með kaffinu.

Pú varst okkur og börnunum okkar ótrúlega góður afi og langafi, við erum svo þakklát fyrir allar stundirnar sem við áttum saman og dæmst að því hvað þú varst duglegur að mæta í öll afmæli og boð sama hvernig viðræði eða hvort þú værir hress. Við lofum að halda uppi minningunni um þig og ömmu um okomin tíma.

Þín afabörn og fjölskyldur, **Ásgeir Þór Sigurðsson, Alfreð Örn Sigurðsson, Stefán Ari Sigurðsson og Sandra Ósk Holm Sigurðardóttir.**

Elskulegi afi minn og nafni, Jóhannes Helgi Gíslason, hefur fengið hvíldina og er kominn til komu sinnar Ásgerðar Lilju Sigurlínu Fanneyjar Holm.

Elsku afi, þegar ég fékk simtalið um að komið væri að kveðjustund var það svo óraunverulegt, það er svo sárt að hugsa til þess að þú sért farinn.

Þegar ég hugsa um allar stundir sem við áttum heima í Grímsgerði og gegnum lífið þá koma orð eins og þakklæti, væntumþykja og virðing upp í hugann. Ég er svo óendanlega þakklátur fyrir þá fallegu og góðu samleið sem við höfum átt saman síðan amma kvaddi okkur fyrir fimm árum. Það var svo aðdæmarvert að sjá hvað þú varst sterkur og gafst okkur mikla huggun og styrk gegnum það erfiða ferli. Það var skritið að koma fyrst um sinn til þín í Skessugilið en þegar ég kom í heimsókn fór ég alltaf með stærri og betri mynd af þinni æsku og hvernig lífið var í gamla daga. Sumar sögunar voru ótrúlegar og fannst mér alveg stórmerkilegt að þú, elsku afi, hafir búið í torfbæ til 14 ára aldurs, þangað til þú fluttir í steinhús sem er Grímsgerði í dag.

Út á við varstu stór og sterkur, hörkutól og stundum skapamikill en þegar við sátum tveir saman fékk ég að sjá hinn eina, sanna, góða, ljúfa mann sem þú hafðir að geyma. Þar náði ég svo góðri og sterkri tenginu við þig. Þú hafðir alltaf áhuga á hvað fólkíð þitt væri að gera og varst með alltaf á hreinu til síðustu stundar.

Grímsgerði var mitt stærsta og best byggða virki í heiminum sem verndaði mig og þar varst

ember 1873, d. 8. október 1948.

Synir Ásgerðar Lilju og Jóhannesar eru: Gísli Bogi, maki Ásta Bára Pétursdóttir, og á Gísli tvö börn frá fyrri sambandi, einn tengdason og þrjú barnabörn: Eyþór Holm, maki Þóra Guðný Birgisdóttir og á Eyþór fjögur börn frá fyrri hjónabandi, eina tengdadóttir, einn tengdason og sjö barnabörn: Sigurður Baldvin Holm, maki Ágústa Guðrún Sigurðardóttir og eiga þau fjögur börn, þrjár tengdadætur, einn tengdason og tíu barnabörn, þar af eitt látið: Hinrik Máni Holm, maki Valborg Stefanía Karlsdóttir og eiga þau tvo syni.

Jóhannes Helgi og Ásgerður Lilja hófu búskap í Grímsgerði í júlí 1955 og voru með hann í fimmtíu ár eða þar til í september 2005 að þau flytja í Skessugil 7 á Akureyri.

Útför Jóhannesar Helga fer fram frá Akureyrarkirkju í dag, 7. september 2018, og hefst athöfnin klukkan 13.30.

Þú minn sterki virkisstjóri. Þegar ég var hjá ykkur ömmu í sveitinni gat ég sett allar varnir niður og þá fékk ég loksins að vera ég, þú tókst mér eins og ég var. Við áttum ófáar stundir saman að spila á spil inni í stofu meðan amma þrjónaði eða hekl-aði. Þú kenndir mér að spila hin ýmsu spil og eftir að þú kenndir mér mannganginn tefldum við líka. Þú hvattir mig til að ganga í Skákkfélag Akureyrar sem ég gerði við ágætan árangur.

Þær voru ófáar ferðirnar sem þú komst og náðir í mig, annað hvort að sveitaafleggjaranum eða þú keyrðir alla leið til Akureyrar og sóttir mig í Vana-byggðina svo ég gæti átt stund í sveitinni. Sumar helgar þegar þú varst í fríi frá Faglaslógi fékk ég að fara og aðstoða þig í skógararreit Sigga Gúm sem var austanmeigin við Fnjóská. Ég gerði nú kannski ekki mikið gagn en fannst mikið sport að vera með þér og þar voru engin vettlinga-tök. Þú varst skynsamur og hafðir öryggið númer eitt, tvö og þrjú. Passaðir að maður væri á réttum stað þegar þú varst að saga niður risa tré, varst með stóran vinnuhjál og góða hlífðarhanska.

Alveg sama hvar við vorum brasa í sveitinni, hvort sem við vorum tveir eða fleiri barnabörn með, passaðir þú alltaf upp á öryggi okkar og að við færum okkur ekki að voða. Ég hef það frá þér, skilning á mikilvægi öryggis og þess að fara eftir verkferlum,

þegar ég er í vinnu minni í dag í fluginu.

Elskulegi afi minn, nú er komið að kveðjustund að sinni. Frá mínum dýpstu hjartarótum þakka ég þér fyrir allan þann stuðning og góðu stundirnar sem við áttum saman Hvíl þú í friði.

Þinn, yngri

Jóhannes Helgi Gíslason.

Komið er að leiðarlokum hjá móðurbróður mínum, Jóhannesi Gíslasyni.

Ég kynntist Jóa frænda snemma og var marga sumarparta í sveit hjá honum. Grímsgerði var í þá daga hefðbundið sveitaheimili, þar sem mikið var lagt upp úr vinnusemi og dugnaði.

Mér leið vel þarna og fannst ég vera einn af fjölskyldunni, mikil gestrisni og húsmóðirin Lilja einstaklega kærleiksrík og barngóð. Það hvessti stundum snögglega í kringum Jóa, en lygndi jafn hratt.

Barnshjarta mitt var fljótt að skynja hið góða hjarta sem hann hafði til að bera, undir stundum hrjúfu yfirbragði.

Það gekk á ýmsu í sveitinni, og er mér minnisstætt hvað Jóa var skemmt þegar hann þurfti að draga mig á traktornum upp úr fjóshaugnum eitt sumarið. Ég var nokkuð fljótuga eins og ég átti ætt til, og ætlaði að stytta mér leið í eltingaleik við kvígu. Mér eru einnig minnisstæðar ferðirnar á fótboltaæfingar á sumrin, en þá lét Jóa gjarnan gamminn geisa á sléttum moldarvegi.

Hann var afburða bílstjóri eins og Jón bróðir hans, og aldrei vissi ég til að honum hlekkist á.

Leiðir skildi eins og gengur, en við fluttum báðir til Akureyrar á ákveðnum tímamarki og tengdumst þá aftur. Ég fór að taka Jóa á sjóinn með mér af og til, en það var líf hans og yndi.

Eftir að eiginkona hans, Ásgerður Lilja, féll frá 2013, fórum við að fara í heimsóknir til gamalla ættingja á sumrin. Þar var Jóa hrókur alls fagnaðar, enda trúr uppruna sínum og frændrækin vel.

Hann var nægtabrunnur fróðleiks, og hafði með eindæmum gott minni. Jóa hélt vel líkamlegum og andlegum styrk til loka, og fór síðast með mér á sjó tæplega 84 ára gamall.

Ég kveð kærnan frænda með þakklæti fyrir allar ánægjustundirnar, og votta aðstandendum samúð mína.

Þórir Páll Agnarsson.

Elías Bergmannsson

✚ Elías Bergmannsson fæddist á Ísafirði 1. desember 1962.

Hann lést á Landspítalanum í Fösvogi 30. ágúst 2018.

Foreldrar Elíasar voru hjónin Bergmann S. Þormóðsson, skipstjóri, f. 28. júní

1916, d. 20. nóvember 1989, og Kristjana Margrét Ólafsdóttir, húsmóðir, f. 17. júlí 1917, d. 25.



maí 2006. Systur Elíasar eru Soffía, f. 9 september 1951, og Ólöf, f. 31. maí 1957.

Elías fluttist árið 1968 á Skálátún í Mosfellsbæ og bjó þar alla tíð síðan, síðustu árin á litlu sambýli í Fögruhlíð.

Útför Elíasar fer

fram frá Lágafellskirkju í dag, 7. september 2018, og hefst athöfnin klukkan 14.

Elsku Elli.

Það er sárt að kveðja þig elsku frændi, eftir öll erfiðu veikindin þín ertu búinn að fá hvíld, ég hugga mig við það að amma og afi hafa tekið vel á móti þér með útbreidda arma.

Fyrstu minningarnar sem koma upp í hugann eru öll jóln sem við fjölskyldan áttum saman í Smíðjugötunni, amma og afi og þið systkinin. Ein af minningunum er þegar ég var bara mjög litill og óþolinmóð, en þú alltaf svo rólegur og ekki að flyta þér að hlutunum. Við börnin vorum farinn að tipla á tánum á meðan þú fægðir nánast hnífapörin þegar þú varst að þurrka þau eftir matinn og við að biða eftir að fá að opna pakkana sem við máttum gera þegar þú værir búinn að klára að þurrka leirtauið. Ekki leist þér á það þegar systurnar laumuðust og þurrkuðu smá til að flyta fyrir vegna óþolinmæði okkar.

Eins eru það minningarnar þegar við fórum með ykkur ömmu inn í Dagverðardal og kapphlaupið út að hliði, ekki vannstu þá en ef það hefði verið hundur á eftir þér þá hefðum við ekki haft roð í þig, elsku frændi.

Svo er það ferðin okkar til Hveragerðis, þegar ég og þú ásamt Sigga og Jónu fórum í Eden til að borða. Þú fékkst uppáhaldið þitt, hamborgara, franskur og kók, en það var samt eitthvað sem ekki var eins og það átti að vera.

Þú settir upp svip sem við þekktum og þýddi að eitthvað vantaði, eftir smá athugun þá var það bjórinn sem maðurinn á næsta borði var með, auðvitað vildir þú alveg eins. Þá þýddi ekkert annað en að kaupa litla

bjórflösku svo þú myndir borða matinn, ég hellti smá úr henni í glas sem þú drakktst kannski einn sopa af og labbaðir svo um Eden með flöskuna, hálf skakkur (góður leikari). Við skoðuðum blómin sem þér fannst alltaf gaman að gera. Þegar við vorum svo að fara í bílinn, sem var nú frekar litill og þú hálf stírdur að setjast svona langt niður, vildir þú halda með báðum höndum til að styðja þig við bílinn en þá var blessuð bjórflaskan fyrir og benti ég þér á að láta Jónu systur halda á henni. Eitthvað var nú bogið við það, þú leist á Jónu og svo flöskuna, tókst svo einn stór-an sopa og réttir henni svo tóma flösku, eftir það var hægt að setjast inn í bílinn.

Svo vorum við á sama tíma í Borgarholtsskóla, þú að læra matreiðslu og á tölvur, ég að læra rennismiði. Heyrði ég að þér hefði nú þótt matreiðslan skemmtilegri og stundum mætt bara í þá tíma þar sem tölvurnar voru ekki að slá í gegn, en matar-ástin var töluvert meiri.

Það er svo gott að eiga minningar um yndislega glóttið og brosið þitt, sem þú náðir oft að blikka marga með, t.d. mig þegar við fórum saman frá Ísafirði til Reykjavíkur, þá varstu ekki lengi að blikka frænku með því að fá eina litla Baileys-flösku á leiðinni heim á Skálátún, sem þú fékkst svo einstaka sinnum lítið staup af.

Elsku Elli, komið er að kveðjustund, við munum hittast aftur síðar í fjaskalandi. Ég vil þakka þér fyrir allar góðu stundirnar sem við höfum átt saman og fyrir þína yndislegu nærveru. Minning um góðan frænda lifir.

Ragnhildur Einarisdóttir.

✚

Faðir okkar og tengdafaðir,

STEFÁN KEMP, Skagfirðingabraut 23, Sauðárkróki,

lést þriðjudaginn 4. september. Útförin verður auglýst síðar. Fyrir hönd aðstandenda,

Elisabet Kemp Helga Kemp Kristbjörg Kemp Birna Kemp

Jón F. Hjartarson Jean Gudemann Guðni Kristjánsson Ragnar G. Þórðarson

✚

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

HULDA INGER KLEIN KRISTJÁNSSON, Hjallaseli 55, Reykjavík,

lést á Hjúkrunarheimilinu Seljahlið þriðjudaginn 4. september. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Seljahliðar fyrir frábæra umönnun.

Brynja Jóhannsdóttir Hjördís Jóhannsdóttir Pálmei Jóhannsdóttir tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn

Elín Margrét Jóhannsdóttir Ottó Ragnar Jóhannsson Sophus Klein Jóhannsson

✚

Móðir okkar,

VALDÍS GUÐMUNDSDÓTTIR frá Þorgrímsstöðum, V-Hún., Kambahrauni 21, Hveragerði,

lést á Hjúkrunarheimilinu Ási í Hveragerði þriðjudaginn 21. ágúst. Útför hennar hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þökkum auðsýnda samúð.

Guðmundur Jónsson Guðni Óskar Jónsson og aðrir aðstandendur

✚

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

ANNA ÁGÚSTSDÓTTIR, Höfðabraut 3, Hvammstanga,

lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Hvammstanga, fimmtudaginn 30. ágúst. Útförin fer fram frá Hvammstangakirkju föstudaginn 14. september klukkan 14.

Helga Hreiðarsdóttir Bára Guðbjartsdóttir barnabörn og barnabarnabörn

Daniel Karlsson Jón Haukdal Kristjánsson

Nú legg ég augun aftur, ó, Guð, þinn náðarkraftur mín veri vörn í nótt. Æ, virst mig að þér taka, mér yfir láttu vaka þinn engil, svo ég sofi rótt. (Sveinbjörn Egilsson.)

Minning þín lifir um allar góðu og skemmtilegu stundirnar sem við fjölskyldan áttum saman og ég veit að nú líður þér vel innan um alla hina englana.

Þinn elskulegi sonur, **Sigurður Baldvin Holm.**

Elsku afi, við sitjum hérna saman systkinin og rifjum upp allar minningarnar sem við eigum úr sveitinni og Skessugilinu. Við áttum svo ótrúlega margar góðar stundir með ykkur ömmu og eru þær stundir nú orðnar dýrmætar minningar sem hlýja okkur um hjartarætur.

Við bræðurnir eyddum ófáum dögnum í sveitinni hjá ykkur ömmu þar sem við brólluðum ýmis prakkarastrik en fengum þó sjaldan einhverjar skammir fyrir. Okkur eru minnisstæð laugardagskvöldin þegar við söfnuðumst öll frændsystkinin ásamt þér og ömmu saman fyrir framan sjónvarpið í stofunni og

22 | MINNINGAR

Ingibjörg Gísladóttir

† Ingibjörg Gísladóttir fæddist á Sól-bakka, Garði í Gerðahreppi, 4. ágúst 1926. Hún lést að Hrafnistu, Nesvöllum, Reykja-nesbæ, 22. ágúst 2018.

Foreldrar Ingibjargar voru hjónin Steinunn

Stefanía Steinsdóttir húsfreyja, f. 18.10. 1895, d. 31.1. 1944, og Gísli Sighvatsson, formaður og útgerðarmaður í Garði, síðar í Keflavík, f. 4.5. 1889, d. 19.9. 1981. Systkini Ingibjargar eru Guðrún Steinunn, f. 25.2. 1916, d. 21.11. 2007, Þorsteinn, f. 7.10. 1917, d. 25.8. 1939, Sig-hvatur Jón, f. 16.6. 1920, d. 7.7. 2001. Hálfbróðir Ingibjargar er Hörður Gíslason, f. 11.6. 1948. Ingibjörg giftist 8. nóvember 1947 Bjarna V. Albertssyni, bæjarbókara, f. 28.3.1922, d.



21.12. 1981. For-eldrar Bjarna voru hjónin Lísbet Gestsdóttir, f. 3.7. 1900, d. 12.2. 1994, og Albert Bjarna-son, f. 27.11. 1897, d. 20.7. 1967. Son-ur Ingibjargar og Bjarna er Þor-steinn, forstöðu-maður innkaupa-deildar Olís, f. 22.3.

1957. Maki (30.6. 1984) Krist-jana B. Héðinsdóttir, f. 19.4. 1957, einkaleyfafulltrúi. Börn þeirra eru tvíburar f. 18.11. 1988, Bjarni lækniir og Ingi-björg sálfræðingur. Sambýlis-kona Bjarna er Embla Ugga-dóttir, f. 21.11. 1987, verkefnastjóri á Mennta-vísindasviði HÍ, og eiga þau soninn Heimi, f. 15.4. 2018. Sambýlismaður Ingibjargar er Sölvi Dúnn Snæbjörnsson, f. 23.5. 1987, myndlistarmaður. Ingibjörg ólst upp á Sól-

Mín kæra tengdamóðir, Ingi-björg Gísladóttir, hefur kvatt þessa jarðvist 92 ára.

Ingu kynntist ég 1977 þegar við Steini, einkasonurinn, fórum að vera saman. Hún og Bjarni tóku mér vel frá fyrstu tíð enda ekki við öðru að búast af slíku sómafólki. Inga bjó manni sínum og syni fagurt heimili þar sem listaverk og tónlist voru í hávegum höfð og hver hlutur átti sinn stað. Hún bar fram mat og drykk á þann hátt að hver hversdags-máltíð varð að veisluborði.

Inga var falleg kona og glæsileg. Hún var smekkvís í fatavali, hafði klassískan stíl og elti ekki tiskustrauma en bar af hvar sem hún kom, sannkölluð heimskona í fasi.

Inga ólst upp á menningarheimili á Sólbakka í Garði, þar sem söngur og hljóðfærsláttur var í fyrirrúmi. Hún var náttúrubarn sem naut þess að skauta á sikinu þegar það lagði á veturna og synda í því á sumrin. Inga var hrókur alls fagnaðar á góðra vína fundi og söng og spilaði á gítar þegar stemningin var slík. Hún var selskapsdama og alltaf til þegar mannamót voru annars vegar. Hún var ljóðelsk og hafði yndi af tónlist og bókmenntum.

Heimili Ingu og Bjarna stóð öllum opið enda hjónin góð heim

að sækja. Var oft ansi gest-kvæmt, fólk fann hve innilega það var velkomið. Systkinabörn Ingu áttu á heimili þeirra Bjarna at-hvarf um lengri eða skemmri tíma og þótti ekki nema sjálfsagt. Þau voru henni svo undur kær og væntumþykja þeirra leyndi sér ekki og töluðu þau um Ingu frænku af virðingu og stolti. Hún var upphaldsfrænkan þeirra.

Enginn fer í gegnum lífið án áfalla og það átti svo sannarlega við um mína kæru tengdamóður. Ung missti hún bróður sinn, Þorstein, sem lést af slysförum og varð öllum harmdauði og móður sína missti Inga 17 ára gömul. Markaði missirinn hana og fjöl-skylduna alla tíð.

Fráfall Bjarna var mikið högg sem varpaði skugga á líf Ingu; hann var kletturinn sem hún treysti á. En dagnaðurinn var fyrir hendi að halda áfram og með árunum fann hún sinn takt í lífinu og naut sín eins og hún frekast gat. Hún sótti listviðburði og fór í ferðalög til útlanda með vinkonum sínum en hún hafði alla tíð haft yndi af að dvelja á sólar-strönd. Þar var náttúrubarnið í essinu sínu.

Inga fann sig svo sannarlega í ömmuhlutverkinu þegar börnin okkar Steina, tvíburarnir Bjarni og Ingibjörg, fæddust. Hún hafði

bakka sem var mikið menning-arheimili og söngur og tónlist í hávegum höfð. Eftir lát móður sinnar dvaldi Ingibjörg um tíma við nám að Laugarvatni. Þá vann hún ýmis störf, m.a. í gróðrarstöð að Syðri-Reykjum. Einnig stundaði Ingibjörg einn vetur nám við Húsmæðraskóla Reykjavíkur.

Ingibjörg og Bjarni bjuggu allan sinn búskap í Keflavík. Ingibjörg sinnti húsmóður-störfum auk þess sem hún vann við síldarsöltun, í rækjuvinslu og önnur störf tengd ört vax-andi sjávarpláss. 1974 hóf hún störf á Bæjarskrifstofum Kefla-víkur við ræstingar og starfaði þar óslitið út starfsævina. Í nokkur ár leysti hún af og sá um kaffistofu bæjarskrifstof-unnar.

Ingibjörg var stofnfélagi í Lionseskúlbíði Keflavíkur og sótti fundi meðan heilsan leyfði. Árið 2004 fór Ingibjörg á Hjúkrunarheimilið Garðvang í Garði. Síðan bjó hún á Hrafnistu Nesvöllum í Reykjanesbæ og naut þar fráberrar umönn-unar. Þar lést hún 22. ágúst sl. Útför Ingibjargar fer fram frá Keflavíkurkirkju í dag, 7. september 2018, klukkan 13.

mikið dálæti á þeim, sagði þeim sögur, las fyrir þau, söng og spil-aði fyrir þau á gítarinn.

Og Ingu þótti vænt um öll börn, hafði gaman af þeim og sýndi þeim áhuga. Börn löðuðust að henni, þeim sýndi hún virð-ingu sem fullorðin væru og gaf þeim sinn tíma.

Hin síðari ár fór að halla undan fæti hjá Ingu og andleg veikindi sem lengi höfðu fylgt henni lögð-ust á hana af fullum þunga. Það var okkur sem stóðu Ingu næst þungbært að sjá hana verða að lúta þeim örlögum og fara á mis við það sem lífið hefur upp á að bjóða og njóta til fulls samvista við fólkið sitt sem var henni svo kært.

Ég kveð mína kæru tengda-móður með virðingu og þökk fyr-ir allt og allt og óska henni góðrar heinkomu í sumarlandið.

Blessu sé minning Ingibjarg-ar Gísladóttur.

Kristjana B. Héðinsdóttir.

Nú þegar Inga amma hefur kvatt streyma minningar fram. Sumar tengdar því sem okkur þótti gaman af sem börn en aðrar tengdar því sem við metum mik-ils í dag.

Amma átti tvö barnabörn, okk-ur tvíburana, og nutum við góðs af óskiptri athygli hennar. Það var alltaf gott að fara í heimsókn til ömmu á Sunnubrautina. Ósjaldan fórum við inn í þvotta-hús þar sem ýmist góðgæti var geymt. Við klifruðum upp í hillu og nældum okkur í hraun, salt-stangir eða skrufusnakk. Inni í isskáp var vanalega grape eða djúshjykki sem við blönduðum alltof sterkt. Síðan settumst við í mjúka brúna sófasettíð fyrir framan sjónvarpið og horfðum á Stöð 2, alsæl. Á Sunnubrautinni upplifðum við öryggi en um leið var allt svo spennandi. Við dund-uðum okkur við að byggja stönd-ugar spilaborgir, taka í sundur babúskuna, leika okkur að blæ-vængjunum og máta hattana, feldina og slæðurnar sem hún átti uppi í skáp. Við glömrðum á gít-arinn sem Þorsteinn bróðir hennar átti, spiluðum á bongótromm-urnar og reyndum að finna út úr því hvernig kastanetturarn virk-uðu. Á meðan var ekki ólíklegt að amma legi úti á svölum í sólbaði eða hlustaði á Roger Whittaker-plötu.

Amma var ýmsum hæfileikum gædd. Stundum fórum við tvíbur-arnir með henni í göngutúr, niður á bókasafn eða í heimsókn. Á leið-inni átti hún til að slíta upp strá, strekkja það á milli þumalfin-granna og blása á milli, þannig úr myndaðist hátt hljóð. Við reynd-um líka, með misjöfnum árangri.

Amma var söngelsk og mikill tón-listarunnandi sem spilaði á gítar, flautaði fallega og sýndi okkur krökkunum hvernig kastan-etturarn virkuðu. Stundum lét hún flamenco-dansspor fylgja með.

Hún var með lúmskan húmor, glotti í stað þess að skellihlæja þegar henni þótti eitthvað fyndið, fór með ýmsar vísur (sumar ekki ætlaðar börnum) og jóðlaði. Lengi vel héldum við að það væri algengt að fólk kynni að jóðla, en svo er auðvitað ekki. Amma var náttúrlega einstök.

Okkur þykir sérstaklega vænt um minningarnar af því þegar við gistum hjá ömmu á Sunnubraut-inni. Fyrir svefninn gaf hún sér alltaf góðan tíma til að sitja á rúmstokkunum í gestaherberginu, syngja og fara með bænir. Stund-um furðuðum við okkur á því að hún skyldi hafa þolinmæði í þetta á hverju einasta kvöldi, en vorum því afskaplega fegin. Þetta var ljúf stund. Amma var enda ein-staklega barngóð og þykir okkur dýrmætt að hún hafi lifað að hitta fyrsta langömmubarnið sitt, Heimi Bjarnason, í sumar.

Amma hafði alla tíð gott minni. Minnið gerði henni kleift að fylg-ast með okkur barnabörnunum, mökum og nú nýlega barna-barnabarni. Þegar amma hringdi vildi hún íðulega heyra fréttir af okkar fólki. Nöfnu sína spurði hún gjarnan um unnustann, Sólva Dún, og vissi amma alltaf að hvaða verkefnum listamaður-inn vann hverja stundina. End-urspeglar þetta ekki sist þá virð-ingu sem hún bar fyrir fjölbreyttum hæfileikum og list-um.

Við erum þakklát fyrir að hafa átt ástríka ömmu sem kenndi okkur svo margt.

Bjarni Þorsteinsson og Ingibjörg Þorsteinsdóttir.

Inga systir mín óx upp í Garð-inum, fædd á athafnasömu menn-ingarheimili foreldra sinna, Sól-bakka í Garði. Þar bjuggu Steinunn og Gísli með þremur eldri börnum sínum. Móðurfor-eldrar skammt undan í Gerðum. Bernskuárin voru henni góð. Steinunn var menningarsinnuð, burðarás í félagsmálum og orgel á heimilinu. Gísli með útgerð, fiskverkun og aðra athafnasemi. Er Inga var 13 ára fyrst Þor-stein bróðir hennar af slysför-um og fáum misserum síðar lést Steinunn móðir Ingu. Það voru þung högg og fylgdu þeim sem eftir stóðu. Inga var þá eitt barna eftir heima og efdust þá enn sterk tengsl þeirra feðgina. Á efri árum sínum sagði Gísli gjarnan Inga mín er hún var nefnd.

Inga var óvenju glæsileg og vel gerð. Bjarni kom snemma inn í hennar líf. Saman hófu þau bú-skap í Keflavík, byggðu sér ein-býli við Suðurtún og síðar annað við Hrauntún. Þar sköpuðu þau afar falleg heimili, þangað sem við ættingjar komum ætíð að opnum dyrum. Bjarni var dugn-aðarmaður og Inga sá um heim-ilið af einstökum myndarskap. Hún gekk til vinnu eins og til féll, þauvön síldarsöltun og fisk-vinnslu.

Þorsteinn sonur þeirra var þeim einstaklega kær og góður og Inga gaf honum alla þá umönnun og athygli sem frekast má vænta. Enda galt hann þeim uppeldið með sinni góðu fram-göngu í hvívetna. Bjarna misstu þau of snemma, Inga einungis 55 ára gömul. Það var henni þungt, svo að á sá. Hún flutti í þægilegra húsnæði, vann þjónustustörf og ræktaði vináttu og ættartengsl sem fyrr.

Hún fór til dvalar á heimili eldri borgara á Suðurnesjum og hefur mætt þar góðri aðbúð í hví-vetna.

Að leiðarlukum er mikilvægt að fá að þakka Ingu fyrir góða umhyggju og athygli sem við yngra fólkið í ættinni nutum. Það var gott að eiga hana að. Megi

Ingibjörg systir mín í friði fara og bjart mæta henni á nýjum lend-um.

Hörður Gíslason.

Það var bara ein Inga frænka og með henni eru nú öll Sól-bakkasystkinin horfin af braut. Minningar um glæsilega konu lifa, bráðskörp og meinfyndin þegar hún var á þeim buxunum. Inga frænka kemur til mín í minningabrotum sem alltaf tengdust tónlist, gítarleik og fal-legum söng eða jóðli og ósjaldan var sérríglas við hönd. Mér fannst Inga alltaf svo skemmtileg og flott, óaðfinnanlega klædd eins og hefðarkona sem bjó í einu fallegasta húsi Keflavíkur, þar sem hönnun var í forgrunni. Þeg-ar inn í húsið var komið tók við þessi reisulegi stigi sem mér fannst sem barni algjör heiður að fá að þróa upp, svo tók við annar stigi upp í stofuna og þar snark-aði eldurinn í arninum og í minn-ingunni fannst mér ótrúlega mörg sófasett þarna inni, en hagalega raðað í þessari höll sem mér fannst hús Ingu og Bjarna vera. Sl. 15 ár hefur Inga fylgst með lífinu úr sinni stofu, bæði á Garðvangi og síðast Nesvöllum. Þessi þröngi heimur kom þó ekki í veg fyrir að hún vissi nákvæm-lega hvað var í gangi þarna úti eða hvað fjölskyldan hennar hafðist að. Ég var ekki tíður gest-ur í stofunni hennar en þegar ég kom þá vissi hún allt um mína, spurði hárrétta spurninganna og það er mér minnisstætt að síðast þegar ég tók í höndina á henni þá fór hún með fallegt ljóð og gerði það svo óaðfinnanlega og glæsile-ga. Inga frænka var Sólbakka-ættinni kær, hún var pabba mín-um einstaklega kær, því hann átti henni líf sitt að þakka. En ósjald-an rifjar pabbi upp daginn ör-lagaríka sem hann sjó ára datt niður um vök við Sólbakka. Inga heyrði köllin hans og kom í hend-ingsköstum á skóhlífum pabba síns nr. 47 og togaði systurson sinn upp úr ískaldri tjörninni. Parna varð til kærleiks taug sem aldrei slitnaði.

Minningin um góða konu lifir. Una Steinsdóttir.

Ég hef verið svo lánsamur að vera samferða Ingu frænku í líf-inu yfir átta áratugi. Inga var góð kona og reyndist mér alltaf vel og ég er þakklátur fyrir stundir okk-ar saman.

Inga fæddist í Garðinum og ól æskuár sín þar. Hún var dóttir hjónanna Gísla Sighvatssonar út-vegsbónda og Steinunnar Steins-dóttur. Fyrstu minningar mínar um Ingu eru þegar hún passaði mig sem smá gutta á Sólbakka, sem var mikið menningarheimili, þar var tíður gestagangur og tón-list lék stóran sess. Inga var fal-leg stúlka, var stór hluti af heim-ilinu, spilaði á gítar og hafði fallega söngródd.

Inga giftist Bjarna sínum og voru þau tignarleg og samrýnd hjón. Hún bjó þeim fallegt heimili í Suðurtúni og síðar í Hrauntúni, sem þótti framúrsteftnulegt hús. Þangað var gaman að koma og tóku þau hjónin ávallt vel á móti vinum og ættingjum. Inga var glæsileg, vingjarnleg og vel liðin. Hún var röleg en þó glaðlynd og athugul og eiga margir góðar minningar um hana, þar sem hún gaf sér alltaf tíma fyrir unga fólk-ið og gítarinn og söngurinn var aldrei langt undan.

Inga vann við ýmis störf víða um land og í Keflavík. Hún tók m.a. þátt í síldarævintýrinu með Íslandsbersa. En lengi skal manninn reyna og svíplegur dauði Þorsteins bróður hennar og ótímabært fráfall móður Ingu höfðu mikil áhrif á hana og aðra fjölskyldumeðlimi.

En Inga og systkini hennar, Sighvatur og Guðrún, mynduðu sterkt þríeyki og stóðu saman í gegnum erfiðleikana. Einkasonurinn Steini var

himnasending í lífi Ingu og Bjarna. Hann er góður drengur, mikill íþróttamaður, vel gerður á allan hátt og kletturinn í lífi Ingu. Þegar Bjarni lést fyrir aldur fram breyttust hagir Ingu. Steini og fjölskylda hans, ættingjar og vinir fylltu að hluta skarðið sem myndaðist við brottfarf Bjarna. Inga flutti síðar á Sunnubrautina, varð tíðari gestur í Lyngholtinu og áttu drengirnir þar margar góðar stundir með henni. Henni þótti vænt um Lyngholtsfjöl-skylduna og strákana þar og þeim um hana.

Ég sem elsta barnabarn Sól-bakkahjóna og Inga sem yngsta barn þeirra áttum margar sam-eiginlegar minningar, æskuár mín voru samtíma unglingársárum Ingu. Síðustu orðin sem Inga sagði við mig brosandí voru mér mikils virði og staðfestu vináttu okkar.

Innilegar samúðarkveðjur til Steina og fjölskyldu.

Örn.

Þú gengin ert hugglóð á frelsarans fund og fagnar með útvaldra skara, þar gleðin er eilíf, þar grær sérhver und. Hve gott og sælt við hinn hinsta blund í útbreiddan faðm Guðs að fara. (Hugrún)

Ingibjörg Gísladóttir, tengda-móðir dóttur minnar Kristjönu, hefur nú kvatt okkur eftir erfið síðustu ár.

Leiðir okkar Ingu og Bjarna heitis eiginmanns hennar lágu fyrst saman í gegnum Lions-klúbb Keflavíkur þar sem Bjarni og Héðinn minn störfuðu saman. En 1982 vorum við Inga í hópi kvenna sem stóð að stofnun Lio-nessuklúbbs Keflavíkur og starf-aði Inga með okkur á þeim vett-vangi meðan heilsan leyfði.

Á þeim árum var Inga afar félagslynd og naut þess að sækja fundi og gleðjast með okkur þeg-ar tilefni gafst til og er hennar oft minnst af okkur sem góðs félaga þegar við rifjum upp gleðistund-irnar með henni.

Oftast var hún hrókur alls fagnaðar, greip gjarnan í gítar-inn, söng og jóðlaði fyrir okkur en þá list kunni hún betur en nokkur annar sem við þekktum. Alltaf tilbúin að bregða á leik í ferðalögum og fundum okkar.

Margs er að minnast eftir fjörotúra ára vináttu og fjölskyldu-bönd.

Mér er ofarlega í huga minn-ingar um ferðalag til Madison, Wisconsin, með Ingu, Kiddý, Steina og tvíburunum þeirra, Ingibjörgu og Bjarna, sem þá voru sjó mánaða. Í þessari ferð kom svo vel í ljós hve dýrmæt þessi litla fjölskylda einkasonar-ins var henni. Inga minntist þessa ferðar ávallt með mikilli gleði er við rifjuðum hana upp.

Þrátt fyrir veikindi Ingu var ávallt skemmtilegt að sækja hana heim og eftir að hún fór á hjúkr-unarheimili varð þar engin breyt-ing á.

Hún hafði skemmtilegan húm-or, var vel lesin, stálminnug og fylgdist vel með okkur öllum nán-ast til síðasta dags.

Það var skemmtilegt að hlusta á Ingu segja frá æsku- og ung-lingsárum í Garðinum. Gjarnan fór hún með ljóð og kvæði fyrir mig og oft eitthvað sem ég hafði ekki heyrt áður, spurði fréttu, hvað ég ætlaði að hafa í matinn þann daginn og hvenær ég hefði fengið mér flíkina sem ég var í. Hún undi sér vel á hjúkrun-arheimilinu Garðvangi og síðar á Hrafnistu, Nesvöllum, þar sem hún fékk mikla og góða umönnun

Ég kveð vinkonu mína og mun sakna þess að heyra hana ekki framar segja mér kímilegar sög-ur af fyrri tíðar kórlum og kerl-ingum þar sem smáatriðin voru gerð ljóslifandi.

Guð blessi minningu Ingi-bjargar Gísladóttur.

Bergþóra G. Bergsteinsdóttir.

Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

HALLDÓR SKAFTASON
veitingastjóri,

lést á Landspítalanum laugardaginn 25. ágúst. Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 10. september klukkan 13.

Ína Gissurardóttir
Arna Björk Halldórsdóttir
Hallur Halldórsson **Petra Sigurðardóttir**
Sigurveig Halldórsdóttir **Hermann Haukur Aspar**
barnabörn og barnabarnabarn



Maðurinn minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

SVEINN SNORRASON,
hæstaréttarlögmaður,

andaðist á heimili sínu mánudaginn 3. september. Útför hans verður gerð frá Neskirkju miðvikudaginn 12. september klukkan 14. Blóm og kransar vinsamlegast afþökuð.

Ellen Snorrason
Helga Sveinsdóttir Sebah **Alain Sebah**
Regína Sveinsdóttir **Jóhann Friðjónsson**
barnabörn og barnabarnabörn



Kristján Aðalsteinsson

† Kristján Að-alsteinsson fæddist í Reykjavík 29. desember 1948. Hann lést á krabba-meinsdeild Land-spítalans 28. ágúst 2018.

Foreldrar hans voru Aðalsteinn Sigurðsson bók-bindari, f. 26. febr-úar 1910, d. 19. ágúst 1969, og Sigurleif Þór-hallsdóttir, f. 11. desember 1917, d. 7. janúar 1984. Systkini Kristjáns eru 1) Þórhallur Aðal-steinsson, f. 16. febrúar 1944, maki Svanhildur Sigurjónsdótt-ir, f. 1. apríl 1944, þau eiga þrjú börn, 2) Sigrún Edda Að-alsteinsdóttir Crowe, f. 14. mars 1953, maki Alan Roy Crowe, f. 11. febrúar 1954, þau eiga eina dóttur.

Kristján giftist Guðrúnu Pét-ursdóttur íþróttakennara 17. október 1970. Foreldrar hennar voru Pétur Guðmundsson bóndi, f. 8. júlí 1912, d. 9. apríl 1997, og Anna Guðjónsdóttir, f. 9. júní 1922, d. 23. júlí 2012.



Börn Kristjáns og Guðrúnar eru: 1) Georg Pétur Kristjánsson, f. 23. maí 1972, unnusta Ósk Sigþórsdóttir, þeirra börn eru Kristján Jarl og Agatha; 2) Silla Þóra Kristjánsdótt-ir, f. 8. október 1975, gift Hálfðáni Kristjánssyni,

þeirra börn eru Kristófer Hauk-ur og Baltasar Haukur; 3) Anna Kristjánsdóttir, f. 3. maí 1978, gift Gústafi Steingrímssyni, þeirra börn eru Grímur Kári og Ari Steinn.

Kristján ólst upp í Reykjavík, gekk í Melaskóla, því næst Laugarnesskóla, útskrifast úr Verzlunarskóla Íslands 1969 og lauk Cand. Oecon í viðskipta-fræði við Háskóla Íslands 1974. Hann var forstjóri Bókfells hf. frá 1969 til 1972 og 1974 til 1988. Sumarið 1974 vann hann í fjármáladeild menntamála-ráðuneytisins. Jafnhliða for-stjórarastarfinu hjá Bókfelli kenndi hann á fjölmörgum bók-

færslunámскеiðum hjá Stjórn-unarfélagi Íslands á árunum 1974 til 1982. Á meðan hann var forstjóri Bókfells hf. tók hann einnig þátt í félagsmálum og var átta ár í stjórn Félags íslenska prentíðnadarins, m.a. sem ritari stjórnar og síðasta árið varafor-maður. Stjórn Félags íslenska prentíðnadarins fól Kristjáni ýmis stjórnar- og nefndarstörf, m.a. stjórnarsetu í Lífeyrissjóði bókagerðarmanna 1979 til 1988, í sambandsstjórn Vinnu-veitendasambands Íslands, í samninganefnd félagsins og í Öryggisnefnd prentíðnadarins. Á árunum 1988 til 2000 var hann fjármálastjóri Máls og menningar eða þar til félagið sameinaðist Vöku-Helgafelli í hlutafélaginu Eddu miðlun og útgáfu hf. þar sem hann var einn af yfirmönnum bókhalds-sviðsins. Á vegum Máls og menningar var hann í stjórn Fé-lags íslenskra bókaútfendna í tvö ár og endurskoðandi þess fé-lags í þrjú ár. Kristján hætti störfum hjá Eddu miðlun og út-gráfu hf. og tók við sem fjár-málastjóri Miðbaugs, sem rekur þrjár gleraugnaverslanir, þang-að til hann hætti að vinna í lok maí á þessu ári.

Útför Kristjáns fer fram frá Fossvogskirkju í dag, 7. sept-ember 2018, og hefst athöfnin klukkan 15.

Þú hafðir mjög einfaldan smekk, jakkaföt voru lengi vel við nánast öll tækifæri enda lit-ið til af öðrum fatnaði í skápn-um. Það var jafnframt lýsanu fyrir þig að klæðast alltaf skyrtum við ýmiss líkamleg verk eins og garðslátt, mál-niðurvinnu eða hvað annað sem þurfti að gera. Háttvisi og kurteisi lýsir þér vel ásamt því að búa yfir miklu jafnaðargeði. Þegar þú varst óánægður tækl-aðir þú það svo snyrtilega að ekki var hægt að merkja það enda förstu rólegu leiðina að hlutunum. Árið í ár var erfitt svo sökum sjúkdómsins sem tók eðlilega mikinn toll af þér en þú hélt ótrauður áfram enda ætlaðir þú þér svo miklu meira. Ég er svo þakklát og ánægð að þú skyldir geta verið mér við hlið á brúðkaupsdaginn í maí og geta tekið þátt í þeim degi.

Það er dýrmæt minning. Þú varst líka ánægður og umhugað að lyfjameðferð myndi ekki skyggja á gleðina. Betri föður er ekki hægt að óska sér. Þið

mamma áttuð svo fallett sam-band, dansandi saman nær alla tíð og naust þú þín einna best að ferðast með mömmu sem sér nú á eftir sínum lífsförunaut. Við kveðjum þig með sorg í hjarta og verður þín sárt sakn-að. Takk, elsku pabbi, fyrir allt saman!

Anna Kristjánsdóttir.

Elsku pabbi. Ég minnst yndislegs tíma með þér. Kapphlaup síðasta spölinn heim sem krakki. Ég man ekki hvort okkar vann en brosið, gleðina og hláturinn í okkur til hvort annars man ég vel, sem var á meðan kappinu stóð. Og svo heldur fólk að það sé ekki keppnisskap í þér, við tvö vitum betur.

Margra klukkutíma spila-mennska við fjölskyldan, með bróður þínum og fjölskyldu hans með tilheyrandi hlátra-sköllum, sem heyrðust vist í næsta raðhús. Auk góðs fé-lagsskapar er það aðeins keppnisskapið og vonin um að vinna í næsta leik sem heldur manni í spilamennsku langt fram á nótt.

Með einstaklega gott skap svo umtalað er og sást ekki ástæðu til að æsa þig við fólk, þótt þér þætti gaman að rök-ræða við fólk var það alltaf í góðu. Þú áttir gott með að skapa vellíðan meðal fólks, finna fleti og sjá sanngjarna niðurstöðu.

Þið mamma bjugguð okkur systkinunum einstaklega ljúft og gott heimili. Þið rifust aldr-ei, heldur töluðuð saman á yf-irvegaðan hátt til að komast að niðurstöðu og virtust þannig bæði eiga gott með að bakka eins og nauðsynlegt er. Virtist svo auðvelt að sjá, enda báruð þið virðingu fyrir hvort öðru, stóðuð ekki og sussuðuð hvort á annað, né töluðuð hvort ann-að niður, heldur vilduð allt fyrir hvort annað gera. Ég vil meina að þetta hafi verið einstakt samband og til mikillar eftir-breytni.

Þú áttir stóran þátt í að skapa heimili þar sem ekkert skorti og tókst með miklum ágætum að uppfylla óskir okk-ar, með glöðu geði. Við fjöl-skyldan skiptum þig miklu máli, eins og þú okkur, það var okkur augljóst enda fór frítími þinn aðallega í að vera með okkur og vera okkur öllum til handa.

Aldrei hefur vantað upp á hvatninguna. Jafnvel þegar ég var orðin 28 ára stóðstu með mömmu úti á Nesi að hvetja mig og vinkonuna áfram í hálf-maraboni, þið keyrðuð síðan og voruð mætt á Kleppsveginn til að hvetja okkur þar og svo mætt á undan okkur í mark til að hvetja og taka á móti okkur þar. Þetta er bara dæmi um hvernig þið foreldrarnir hafíð stutt og hvatt mig á svo óeig-ingjarnan hátt, út í gegnum allt lífið.

Gat alltaf treyst á hjálp við lærdóminn hjá þér ef ég þurfti á því að halda. Man að ég hugs-aði oft að hver fjölskylda þyrfti að eiga einn svona virkilega kláran og umhyggjusaman að. Hvattir og hughreystir þegar þurfti til.

Með hlýju faðmlagi sem þú áttir sem betur fer núg af og hughreystingu breyttir þú tár-um í aðstæður þar sem ekkert var ómögulegt. Þegar þú sást að ég var óróleg fyrir þau próf sem ég hafði gjarnan hvað mestan metnað fyrir gafstu þér jafnan marga klukkutíma þar sem þú sast hjá mér, bara til að róa mig og hjálpa mér. Mér þykir mjög vænt um þann tíma. Sakna þess að geta ekki lengur komið til þín eftir ráðum fyrir mig og mína og inn í hlýja faðmlagið þitt.

Elsku pabbi, þú skilaðir öllu sem skiptir máli að skila inn í

þessa veröld, og meira til. Elska þig, dái og sakna þín. Silla Þóra.

Elsku pabbi minn, það er erfitt að hugsa til þess að eiga ekki eftir að hitta þig í þessari og þá streyma inn allar minn-ingarnar sem við áttum saman. Þú hafðir einstaka nærveru og alltaf var gott að vera í kring-um þig.

Það var alveg sama hvaða lítilræði maður reyndi stundum að endurgjalda fyrir þá miklu hjálp og stoð sem þið mamma hafíð ávallt sýnt og veitt okkur, aldrei var skilið við mann án þess að „takk fyrir“ kæmi sterklega fram. Þú varst þakk-látur fyrir fjölskyldu þína og svo umhugað um að allir hefðu það gott.

Elsku pabbi, það var alltaf gaman að koma út á Nes í kaffi og spjalla, enda þið mamma miklir gestgjafar og tókuð allt-af svo vel á móti okkur. Það voru yfirleitt skemmtilegustu umræðurnar í eldhúskróknum. Og ekki má gleyma öllum flottu matarboðunum með stórfjöl-skyldunni þar sem þú dekraðir við alla og hjálpaðir mömmu við eldamennsku eins og þið væruð eitt. Og fjölskylduboðið milli jóla og nýárs á afmæl-isdeginum þínum, þar sem vinir þínir og fjölskylda komu saman til að gleðjast með þér, þá var gaman.

Ferðalögin sem við áttum saman, skíðaferðirnar í Skála-fell og ekki má gleyma Ak-ureyrarferðinni eftirminnilegu. Gaman var að fylgjast með ykkur bræðrum við aksturinn. Þótt það væri vont skyggni og ekki sæist út úr augum kom-umst við alltaf á leiðarenda með ykkar góðu ratvísi og oft var gert gaman að.

Svo allar útilegurnar og þá sérstaklega í Galtalæk þar sem þú varst flottur í „kammer-ráðinu“ og mamma að stейja hamborgarana. Það var sko ekki lítið lagt á sig fyrir krakk-ana. Enda fullt af góðum minn-ingum tengdum útileguferðun-um okkar.

Allt það sem þú tókst þér fyrir hendur gerðir þú vel. Hafðir allt svo snyrtilegt í kringum þig, hvort sem það var úti á Nesi, sumarbústaðurinn eða bílarnir þínir sem alltaf voru eins og nýir úr kassanum. Hægt var að spegla sig í lakk-inu á þeim.

Smá bíladellu hafðir þú og þekktir vel til allra fornbíla og þakka ég alla þolinmæðina og umburðarlyndið þitt þegar ég fékk að vera í bílskúrnum að dytta að mínum misgöðu jeppa-kostum og alltaf hélstu samt með manni.

Þú keyptir þér nýjan bíl í sumar og náðir að fara á hon-um í ferðalag með mömmu um landið og meðal annars til Ak-ureyrar.

Ég gleymi aldrei fallega brosinu þínu þegar við heim-söttum þig í síðasta skipti út á Nes. Þú varst svo sterkur og barsi þig vel þrátt fyrir að þú ættir erfitt með að ganga upp tröppurnar heima. Þú varst lit-ið fyrir að kvarta og kveina enda ætlaðir þú þér að ná bata. En svo varstu tekinn svo snöggt frá okkur. Ferðalögin þín með mömmu verða að bíða betri tíma. Þín verður sárt saknað. Þú skilur stórt skarð eftir þig.

Elsku pabbi, við munum passa mömmu vel fyrir þig því hennar er mestur missir. Þú varst ástin og kletturinn í hennar lífi.

Ég er svo þakklátur fyrir að hafa átt þig sem föður, flott fyrirmynd og góður vinur. Með þakklæti og söknuði kveð ég þig, elsku pabbi.

Guð geymi þig.

Pinn

Georg Pétur.

Ég var þeirrar gæfu aðnjót-andi að fá að kynnst þér, elsku tengdapabbi, fyrir 17 árum síð-an. Þú varst einstakur maður, hlýlegur, góður og allir sem kynntust þér heilluðust af þér. Þú varst mikil gæðapersóna og fjölskylda þín var þér allt. Þú varst alltaf svo tignarlegur og flottur og alltaf höfuð fjölskyld-unnar með Guðrúnu þína, sem þú elskaðir svo heitt, þér við hlið.

Þú hugsaðir alltaf til fólksins þíns og vildir alltaf fá fregnir af barnabörnunum og varst stolt-ur af öllu því sem þau tóku sér fyrir hendur.

Vildir allt fyrir okkur og þau gera og gerðir alltaf þetta auka extra sem einmitt er svo erfitt að útskýra, en þeir sem þekktu þig vita hvað það var. Þú fylgd-ist með þeim með bros á vör – þú hafðir svo fallett bros, brostir með öllu andlitinu og það var sko alveg ekta.

Þú varst svo góður afi. Man eftir skírn Kristjáns Jarls þeg-ar ég spurði þig hvernig þér lit-ist á nafnið. Þú varst fljótur að svara: „Kristján Jarl Georgsson“. Þú varst svo stolt-ur, það er ekki hægt að hafa það flottara og því fylgdi þakk-lætissvipurinn þinn sem maður greindi svo vel og ég man svo sterkt eftir. Þú varst tilfinn-ingaríkur maður og þá sérstak-lega er kom að þeim sem voru þér næstir.

Spurðir alltaf mikið um nafna þinn og vildir að honum liði vel og gerðir svo mikið fyrir hann með ást þinni og um-hyggu, fyrir það verð ég þér ævinlega þakklát.

Þú varst hómoristi og sagðir skemmtilega frá. Kynntir mig oftan en einu sinni sem uppá-haldstengdadóttur þína og höfðum við bæði gaman af því, þurftum ekki að útskýra það neitt frekar þótt reiknisdæmið væri alveg klárt.

Svo ef eitthvað var „magnað eða flott “ kom alltaf „jibbikól-að“ þitt.

Fæ það stundum lánað frá þér ef mig vatnar eitthvað virkilega gott lýsingarorð yfir „magnaðar“ aðstæður og hugsa þá alltaf til þín með hlýju.

Samband ykkar Guðrúnar var einkar fallett og sterkt, það vissu og sáu allir hversu mikið þú elskaðir tengda-mömmu. Manni fannst þú mundir gera allt fyrir ástina þína, hana Guðrúnu. Enda var yfirleitt talað um ykkur í sömu setningu.

Þú barst þig vel í veikindum þínum og tókst á við það verk-efni af æruleysi og dugnaði. Þig langaði í meiri tíma með okkur. Guðrún stóð og studdi sinn mann eins og klettur og hjálpaði þér í einu og öllu, til að þú gætir verið meira heima þegar veikindin þín voru orðin alvar-legri og við sáuum vel hversu þakklátur þú varst henni, sem alltaf var ósérhlífín og þinn annar helmjorgur.

Elsku tengdapabbi, ég er óendanlega þakklát fyrir að hafa fengið að kynnst þér. Ég þakka fyrir allt það góða sem þú hefur gefið mér og fjöl-skyldu minni. Söknuður okkar er mikill. Við munum passa vel upp á elsku tengdamömmu fyr-ir þig og hvort annað í stórfjöl-skyldunni þinni.

Við munum halda virðingu þinni og minningu á lofti fyrir barnabörnin sem ég veit að þú munt fylgjast með og leiðbeina áfram í lífinu og ekki síst fyrir okkur sem þú varst svo kær.

Með sorg í hjarta og full þakklætis kveð ég þig minni hinstu kveðju.

Guð geymi þig. Þín tengda-dóttir,

Ósk Sigþórsdóttir.

● *Fleiri minningargreinar um Kristján Aðalsteins-son bíða birtingar og munu birtast í blaðinu næstu daga.*

Gréta Pálsdóttir

† Gréta Pálsdótt-ir fæddist í Reykjavík 9. des-ember 1938. Hún lést á líknaardeild Landspítalans í Kópavogi 30. ágúst 2018.

Foreldrar henn-ar voru Páll Pálsson og Jóhanna Guðríður Jóhann-esdóttir. Systkini Grétu eru Páll Pálsson, giftur Margrėti Ingvadóttur, og Jó-hannes H. Pálsson, giftur Krist-ínu Gunnarsdóttur.

Gréta giftist Ragnari Ar-inbjarnar lækni árið 1963. Börn þeirra eru Arnar Arinbjarnar, Guðrún Arinbjarnar og Halldór O. Arinbjarnar.

Gréta ólst upp á Kárs-



nesbrautinni í Kópavogi og gekk einnig í barnaskóla þar í bæ. Hún á ætt-ir að rekja norður á Árskógsströnd. Hún vann ýmis störf, í Vogue, Reykjavíkur Apó-teki og víðar.

Gréta var mjög listræn og sótti ým-is námskeið í gegn-um tíðina. Mesta unun hafði hún af að teikna og mála, sem hún stundaði alla tíð. Garðyrkja átti líka allan hennar hug mátti það glöggst sjá á garðinum hennar á Sunnubraut.

Jardarförin fer fram frá Digraneskirkju í dag, 7. sept-ember 2018, og hefst athöfnin klukkan 13.

ræktina. Hún bjó meira að segja til vermireit, líklega með hjálp afa síns sem var sjómaður að vestan en sestur í helgan stein með Margrėti konu sinni í skjóli Jóhönnu og Páls, foreldra Grétu.

Það var mikill friður í húsinu við Kársnesbrautina því að íbú-ar þess voru sannarlega frið-elskandi fólk og glatt í sinni.

24 | MINNINGAR

Steinunn Jóna Sveinsdóttir

† Steinunn Jóna Sveinsdóttir fæddist í Reykjavík 31. júlí 1945. Hún lést 28. ágúst 2018.

Foreldrar hennar voru Sveinn Jón-atansson, vélstjóri frá Vestmannaeyjum, síðar yfirverkstjóri í Vélsmíðjunni Héðni, f. 7.7. 1917, d. 15.3.

1998, og Finnbjörg Ásta Helga-dóttir frá Ísafirði, f. 27.6. 1921, d. 19.7. 2005. Steinunn átti einn hálfbróður, Gunnar Hinriksson, f. 23.7. 1943, samfeðra.

Steinunn giftist eftirlifandi eiginmanni sínum Reyni Tómasi Geirssyni, fyrrverandi prófessor við Háskóla Íslands og yfirlækni á kvennadeild Landspítalans hinn 21.3. 1971. Dætur þeirra eru: 1) Ásta Kristín Reynisdóttir Parker, dyralæknir, f.



13.10. 1971, gift Justin Allen Parker verkfræðingi, f. 30.4. 1973. Börn þeirra eru: Benedict Tómas James Parker, f. 7.10. 2000, og Katherine Elisabeth Parker, f. 19.3. 2006. 2) María Reynisdóttir, markaðs- og ferðamálafræðingur, f. 1.7.

1976, gift Brynjólfri Borgari Jónssyni, tölfræðingi, f. 1.11. 1974. Börn þeirra eru: Sveinn Marínó, f. 2.7. 2007, og Vigdís, f. 26.7. 2010.

Steinunn ólst upp í Vesturbænum í Reykjavík. Ung fór hún að stunda útivist, gekk á fjöll og fór í útilegur með foreldrum sínum. Bjó hún að þessu alla tíð og var mikil útivistarkona. Hún stundaði skíðaþróttina og fjallgöngur og í 20 ár

kom sér vel síðustu mánuðina sem mamma lifði og það er gott að eiga hann áfram til að geta rifjað upp ferðalög og samverustundir.

Ömmuhlutverkinu sinni hún einnig af alúð. Hún lýsti því að verða amma eins og að verða ástfangin í annað sinn og sýndi það í verki. Alltaf til taks og til í að fara með ömmubörnin út á róló, á leiksýningar, lesa með þeim, baka, spila og dansa. Hún var þakklát fyrir að geta séð þau vaxa. Þau munu ávallt muna eftir einstakri ömmu.

Ég á mömmu minni margt að þakka. Hún studdi mig í öllu sem ég gerði, huggaði, hughreysti og hvatti. Hún var líka stóri reddarinn minn. Hvort sem það þurfti að leysa úr einhverju varðandi saumaviðgerðir eða skattframtalsgerð, mamma hafði ráð undir rífi hverju. Það er skrítið til þess að hugsa að „hvernig á ég að gera þetta, mamma“ sé spurning sem ég muni aldrei aftur fá svar við.

Mamma sýndi mikið æðruleysi í veikindum sínum. Hún hélt í jákvæðnina þótt það hafi verið ljóst snemma í ferlinu í hvað myndi stefna. Þetta var alltaf spurning um tíma en við náðum að njóta margra góðra stunda saman á síðustu árum.

voru þau hjónin í kajakróðrum víða um land og erlendis. Þau voru valin sjókaajakmenn ársins 2002 af Kajakklúbbnum í Reykjavík.

Hún gekk í Menntaskólann í Reykjavík og útskrifaðist þaðan stúdent vorið 1966. Steinunn og Reynir kynntust í menntaskólanum og hafa verið saman síðan. Eftir stúdentspróf stundaði Steinunn nám við heimspeki-deild Háskóla Íslands 1966-1968 og var flugfreyja hjá Loftleiðum. Hún hóf svo nám í líf-eindafræði við Tækniskóla Íslands og útskrifaðist þaðan 1970. Árið 1977 flutti fjölskyldan til Skotlands. Þau dvöldu í Bretlandi við nám og störf til ársins 1984, þegar þau fluttu aftur heim til Íslands. Hún starfaði í sínu fagi á Borgarspítalanum í Fossvogi, Sjúkrahúsinu á Akureyri, Sjúkrahúsinu á Ísafirði, á rannsóknastofu hjá Krabbameinsfélagi Íslands og síðustu árin á rannsóknastofu Heilsugæslunnar í Lágmúla, Reykjavík.

Útför Steinunnar fer fram frá Dómkirkjunni í dag, 7. september 2018, klukkan 13.

Stendur þar upp úr litla óvænta veislan sem var haldin í tilefni sjötugsafmælis hennar.

Mamma átti tryggan vinahóp og það var ómetanlegt að finna stuðninginn frá honum á þessum erfiðu tímum. Hún var líka afar þakklát starfsfólki Landspítalans, sem gerði sitt ýrasta til þess að henni líði sem best í gegnum allt ferlið. Við fjölskyldan þökkum einnig kærlega fyrir hina alúðlegu og faglegu þjónustu þess. Það veitti mömmu ekki sist styrk undir það síðasta að kunna að njóta þess smáa í lífinu. Að lokum fór hún óhrædd, sátst og friðsælega frá þessum heimi og ég er þakklát fyrir að hafa getað fylgt henni síðasta spólinn.

Mamma skilur eftir sig stórt skarð í okkar litlu fjölskyldu og hennar verður sárt saknað um ókomin ár. En hún mun lifa áfram í hjarta mínu og allra sem hana þekktu.

Elsku mamma, takk fyrir allt.

Pín dóttir,

María.

„Ég hitti hana fyrst á nákvæmlega þessum degi á Hótel Borg fyrir 53 árum,“ sagði Reynir bróðir þegar hann til-

kynnti andlát Steinunnar. Hvar annars staðar!

Mággona mín var glæsileg stúlka, snaggaraleg í hreyfingum og með glaðlegt bros á vör. Fáir höfðu skarpari eða betri kinnigáfu.

Ég fékk þann heiður, ungur að árum, að vera veislustjóri í brúðkaupi Reynis og Steinunnar og var það upphafið að 50 ára farsælu hjónabandi þeirra. Við Sirrý sáu fjölskylduna dafna og blómstra, hvort heldur var á Íslandi, Skotlandi eða Englandi. Virtust þau eiga vini um allan heim enda hlýjungi þau bæði yfir hafsjó af fróðleik og var Steinunn með einstaklega skemmtilega frásagnargáfu.

Margs er að minnast. Fyrir tveimur árum dvöldum við með þeim hjónum á skosku sveitasetri, Roman Camp, þar sem meðal annars Bítlarnir gistu stundum á árum áður. Þar var Steinunn á heimavelli og hrókur alls fagnaðar. Minnst ég þess að hún sat á gluggasýllu á efri hæð og horfði yfir skosku sveitina, þá kallaði ég: Ó, Júlía og fékk auðvitað Ó, Rómeó til baka. Mággona mín hafði ekki nokkurn áhuga á að yfirgefa þennan heim, eiginmann, fjölskyldu eða vini og því barðist hún af miklum dugnaði til hinstu stundar.

Blessuð sé minning Steinunnar.

Elmar Geirsson.

Steinunn Sveinsdóttir bekkjarsystir okkar er fallin frá eftir erfið veikindi. Við vorum í A-bekk í árgangi sem útskrifaðist 1966 úr MR.

Menntaskólaárin voru eftirminnilegur og mótandi tími. Fyrir Steinunni og nokkrar fleiri voru þau sérstaklega afdrifarík því hún fann sér lífsförunaut í B-bekknun, Reyni Tómas Geirsson, sem stóð síðan henni við hlið allt til enda ævinnar.

Steinunn og Reynir voru samrýnd svo eftir var tekið. Þau lögðu oft land undir fót og fóru saman í ýmsar ævin-týraferðir, um framandi slóðir á Indlandi, í kajakaróður bæði hér heima og erlendis, og heim-sóttu börnin og vini sína í Skotlandi, Oman og enn víðar.

Eftir stúdentspróf tók við framhaldsmenntun bæði hér heima og ytra og samskipti urðu minni um tíma en fyrir allmörgum árum endurnýjuðum

við bekkjarsysturnar gömlu kynnin og vinskapinn og hittumst reglulega tvisvar til þrív- ar á ári. Steinunn var þar virkur þátttakandi og alltaf tilbúin að koma og hitta okkur, líka þegar heilsan vart leyfði eftir að veikindin sóttu á hana. Það stafaði alltaf sömu hlýjunnar frá henni og með kankvísu brosi og sínu kunnuglega blíki í auga bætti hún oft við þegar hún heilsaði okkur: Hann Reynir biður að heilsa. Hann hefði svo vel viljað vera með okkur.

Við bekkjarsysturnar fylgdu- umst með baráttu Steinunnar við krabbameinið mörg undan- farin ár. Þá kom vel í ljós hve mikinn sálárstyrk hún hafði til að bera, við sáum hugrekki hennar og úthald. Í veikindunum urðum við vitni að því hvernig hún tókst á við hið óumflýjanlega án þess að bug- ast og með mildi, ást og um- hyggju í garð sinna nánustu en einnig til okkar hinna. Við eigum alltaf eftir að muna það.

Hjá okkur bekkjarsystur er skarð fyrir skildi við andlát Steinunnar. Hún er sú fyrsta sem hverfur úr hópnum okkar. Við munum sakna hennar sárt en söknuðurinn er mestur hjá Reyni skólabróður okkar, dætrum þeirra, tengdasonum og barnabörnum. Við sendum þeim okkar innilegustu samúðar- kveðjur.

Fyrir hönd 6-bekkar A 1966, Björg Kristjánsdóttir.

Elskuleg vinkona okkar, Steinunn Sveinsdóttir, hefur kvatt þessa jarðvist hljóðlega og fallega eins og hún lifði lífi sínu. Hún hefur lokið hetjulegri baráttu við illvígán sjúkdóm og laus úr veikinda viðjum. Hún bjó yfir aðdáunarverðu æðruleysi og styrk til hinstu stundar.

Hún var einstök perla. Afar fágæt perla, skreytt fegurstu gimsteinum sem glitraði á og gerðu líf samferðamanna hennar innihaldsrikara og fegurra. Fáar perlur eru svo ríkulega búnar, gæddar svo mörgum af dýrmætustu gjöfum Guðs.

(Sigurbjörn Þorkelsson.)

Við munum sakna hennar og góðu samverustundanna sem við áttum með henni og Reyni. Eftir stíja góðar minningar sem ylja.

Elsku Reynir og fjölskylda, við vottum ykkur dýpstu samúð, missir ykkar er mikill og sorgin djúp. Megi góðar minningar umlykja ykkur og umvefja í þeim kærleika sem Steinunni fylgdi.

Nína og Pétur.

Eitt sinn verða allir menn að deyja eftir bjartan daginn kemur nótt. Ég harma það, en samt ég verð að segja

að sumarið liður allt of fljótt. (Vilhjálmur Vilhjálmsson.)

„Í dag kveðjum við yndislega vinkonu. Við eigum ómetanlegar minningar um samveru í meira en hálfa öld.

Við vinirnir fylgdumst með langri baráttu Steinunnar okkar við illvígán sjúkdóm og dádumst að hugrekki hennar, þrautseigju og lífsvilja. Steinunn var gegnheil manneskja og traustur vinur vina sinna. Hennar verður sárt saknað og sendum við Reyni, dætrum og fjölskyldum þeirra okkar dýpstu samúðarkveðjur.

Megi minning Steinunnar lifa, hvíli hún í friði.

Ása og Jóhannes, Hildur og Bergþór, Hrafnhildur og Garðar.

● *Fleiri minningargreinar um Steinunni Jónu Sveinsdóttur bíða birtingar og munu birtast í blaðinu næstu daga.*

Björg Sveinsdóttir.

Hallgrímur Sigurður Sveinsson

Hallgrímur Sigurður Sveinsson fæddist í Reykjavík 19. mars 1954. Hann lést á heimili sínu 28. ágúst 2018.

Foreldrar hans voru Margrét H Sigurðardóttir, f. 2. júlí 1928, d. 26. maí 2010, og Sveinn Hallgrímsson, f. 25. desember 1928, d. 13. september 1988. Þau voru bæði Reykvikingar. Systir Hallgríms er Björg Sveinsdóttir, f. 20. júlí 1956.

Hallgrímur bjó ætíð í Hlíðunum í Reykjavík. Hann gekk í Hlíðaskóla, tók landspróf frá Gagnfræðaskóla Austubæjar og lauk verslunarprófi frá Verslunarskóla Íslands árið 1972.

Halli bróðir er að kveðja. Hann lést eftir margvíslegan heilsubrest til margra ára og er sjálfsgagt hvíldinni feginn, en ég sakna hans og mun gera um ókomna tíð.

Halli kom í þennan heim á fæðingardeildinni – tosaður með



Nam síðan endurskoðun og starfaði lengi vel sem bókar- og endurskoðandi með eigin rekstur. Vann jafnframt ýmis störf. Var dyravörður um skeið og sá um ýmsan rekstur auk ráðgjafastarfa. Var virkur í þeim félögum sem hann kom

að, svo sem Stéttarfélagi starfsfólks í veitingahúsum og Félagi sykursjúkra. Hann starfaði einnig með R-listanum að borgarmálum. Kynnti sér borgarmál vel svo og rekstur í kringum ferðamál.

Kveðjuathöfn verður frá Fossvogskirkju í dag, 7. september 2018, klukkan 13.

töngum vegna höfuðstærðar. Held hann hafi alveg verið til í að fæðast og eiga móður okkar að, en þau voru mjög tengd. Fyrstu tíu æviárin bjó hann í fjölskylduhúsi með fjórum ættliðum í Varmahlíð við Reykjanesbraut. Hús þetta var reist af móðurafa

Bækur

Bókaveizla
30% afsláttur af bókum
Aðeins þessa helgi
Hjá Þorvaldi í Kolaportinu
opið kl. 11-17

Bátar



Cobra Rib-bátar
Seljum þessa vönduðu báta 5,8 m og 6,6 m hypalon í slöngum og flothólf í bát, 2 falt örtoggi. Útvegum einnig kerur og mótora á finum verðum.
Holt Vélasala S 895-6662
www.holt1.is

Sumarhús



Sumarhús – Gestahús – Breytingar
• Framleiðum stórglæsileg sumarhús í ýmsum stærðum.
• Tökum að okkur stækkun og breytingar á eldri húsum.
• Smíðum gestahús – margar útfærslur.
• Sjáum um almennt viðhald á sumarhúsum og sólpöllum.
• Setjum niður heita potta og smíðum palla og skjólveggi.
Áratugareynsla – endilega kynnið ykkur málið.
Trésmíðja Heimis, Þorlákshöfn, sími 892-3742 og 483-3693, www.tresmidjan.is

Húsviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK
FLOTUN - SANDSPARSL
MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum

Tímavinna eða tilboð

Strúctor
byggingaþjónusta ehf.
S. 893 6994

VIÐHALD
FASTEIGNA

JÁ
ÍÐNAÐARMENN

Lítill sem stór verk
Tímavinna eða tilboð

Allir iðnaðarmenn á einum stað
piparar, múrarar, smíðir, málara, rafvirkjar
þakmenn og flísarar.

544 4444
777 3600
jaidnadarmenn.is
johann@2b.is

Smá- og raðauglýsingar

569 1100

Bókhald

NP Þjónusta
Byð fram liðveislur við bókanir, reikningsfærslur o.fl.
Hafið samband í síma 649-6134.

mbl.is

alltaf - allstaðar

Nauðungarsala

Uppboð

Einnig birt á [www.naudungarsolur.is](#).

Framhald uppboðs á eftirfarandi eignum verður háð á þeim sjálfum, sem hér segir:

Barðavogur 22, Reykjavík, fnr. 202-2744 , þingl. eig. Sigursteinn Sverrir Hilmarsson og Sýlvía Karen Másdóttir, gerðarbeiðendur Tryggingamiðstöðin hf. og Reykjavíkurborg, þriðjudaginn 11. september nk. kl. 11:00.

Blönduhlið 13, Reykjavík, fnr. 203-0436 , þingl. eig. Þórður Guðmundur Hermannsson, gerðarbeiðendur Íbúðalánasjóður, Landsbankinn hf., Arion banki hf., Orkuveita Reykjavíkur-vatns sf., Reykjavíkurborg og Tryggingamiðstöðin hf., þriðjudaginn 11. september nk. kl. 10:00.

Lindargata 50, Reykjavík, fnr. 200-3393 , þingl. eig. Laugavegur ehf., gerðarbeiðendur Reykjavíkurborg, Orkuveita Reykjavíkur-vatns sf. og Silafur ehf., þriðjudaginn 11. september nk. kl. 14:45.

Lindargata 50, Reykjavík, fnr. 200-3394 , þingl. eig. Laugavegur ehf., gerðarbeiðendur Orkuveita Reykjavíkur-vatns sf., Reykjavíkurborg og Silafur ehf., þriðjudaginn 11. september nk. kl. 15:00.

Skipholt 55, Reykjavík, fnr. 201-3294 , þingl. eig. Jonathan Paul Soriano Aquino og Karen Joy Aquino, gerðarbeiðandi Íbúðalánasjóður, þriðjudaginn 11. september nk. kl. 10:30.

Stekkjarberg 6, Hafnarfjörður, fnr. 222-5724 , þingl. eig. Elín Ósk Þorsteinsdóttir, gerðarbeiðandi Stekkjarberg 6,húsfélag, þriðjudaginn 11. september nk. kl. 12:00.

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu
6. september 2018

Uppboð

Einnig birt á [www.naudungarsolur.is](#).

Framhald uppboðs á eftirfarandi eignum verður háð á þeim sjálfum, sem hér segir

Litlahlið, Eyjafjarðarsveit, fnr. 215-9941 , þingl. eig. Friðrik Sigtryggur Bjarnason og Anna Hafdis Theodórsdóttir, gerðarbeiðendur Arion banki hf. og Eyjafjarðarsveit, þriðjudaginn 11. september nk. kl. 11:00.

Staðarhóll lóð, Eyjafjarðarsveit, fnr. 232-2226 , þingl. eig. Reykjavík West Apartments ehf., gerðarbeiðandi Vátryggingafélag Íslands hf., þriðjudaginn 11. september nk. kl. 11:30.

Gránufélagsgata 16, Akureyri, fnr. 214-6604 , þingl. eig. Reynir Kristinn Þórhallsson, gerðarbeiðendur Íbúðalánasjóður og Íslandsbanki hf., þriðjudaginn 11. september nk. kl. 10:00.

Austurvegur 1, Langesbyggð, fnr. 222-5921 , þingl. eig. Jónas Lárusson, gerðarbeiðendur Langesbyggð og Vátryggingafélag Íslands hf., miðvikudaginn 12. september nk. kl. 13:00.

Óseyri 4, Akureyri, fnr. 227-3461 , þingl. eig. Neptune ehf., gerðarbeiðendur Akureyrarkaupstaður og Vátryggingafélag Íslands hf., þriðjudaginn 11. september nk. kl. 10:20.

Óseyri 4, Akureyri, fnr. 227-3460 , þingl. eig. Neptune ehf., gerðarbeiðendur Akureyrarkaupstaður og Vátryggingafélag Íslands hf., þriðjudaginn 11. september nk. kl. 10:15.

Ránarbraut 4A, Dalvíkurbyggð, fnr. 215-5132 , þingl. eig. Reykjavík Seafood ehf., gerðarbeiðendur Arion banki hf. og Tollstjóri og Sjóvá- Almennar tryggingar hf., miðvikudaginn 12. september nk. kl. 14:10.

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra
6 september 2018

Tilkynningar

Holly Beach S.A.
Company Number: 1411787
incorporated in the British Virgin Islands
(the “Company”)

NOTICE OF APPOINTMENT OF LIQUIDATOR

NOTICE is hereby given, pursuant to Rules 180 (1) and (2) of the BVI Insolvency Rules, that Mr. Mark Byers of Grant Thornton UK, LLP 30 Finsbury Square, London EC2P 2YU has been appointed as Joint Liquidator of the Company in place of Mr. Stephen Akers formerly of Grant Thornton UK, LLP 30 Finsbury Square, London EC2P 2YU.

Mr. Akers has ceased to hold office.

Dated this 22 August 2018.

Mark McDonald,
Joint Liquidator.

Charbon Capital Ltd.
Company Number: 586659
incorporated in the British Virgin Islands
(the “Company”)

NOTICE OF APPOINTMENT OF LIQUIDATOR

NOTICE is hereby given, pursuant to Rules 180 (1) and (2) of the BVI Insolvency Rules, that Mr. Mark Byers of Grant Thornton UK, LLP 30 Finsbury Square, London EC2P 2YU has been appointed as Joint Liquidator of the Company in place of Mr. Stephen Akers formerly of Grant Thornton UK, LLP 30 Finsbury Square, London EC2P 2YU.

Mr. Akers has ceased to hold office.

Dated this 22 August 2018.

Mark McDonald,
Joint Liquidator.

Chesterfield United Inc.
Company Number: 1454159
incorporated in the British Virgin Islands
(the “Company”)

NOTICE OF APPOINTMENT OF LIQUIDATOR

NOTICE is hereby given, pursuant to Rules 180 (1) and (2) of the BVI Insolvency Rules, that Mr. Mark Byers of Grant Thornton UK, LLP 30 Finsbury Square, London EC2P 2YU has been appointed as Joint Liquidator of the Company in place of Mr. Stephen Akers formerly of Grant Thornton UK, LLP 30 Finsbury Square, London EC2P 2YU.

Mr. Akers has ceased to hold office.

Dated this 22 August 2018.

Mark McDonald,
Joint Liquidator.

Eliza Limited
Company Number: 1410742
incorporated in the British Virgin Islands
(the “Company”)

NOTICE OF APPOINTMENT OF LIQUIDATOR

NOTICE is hereby given, pursuant to Rules 180 (1) and (2) of the BVI Insolvency Rules, that Mr. Mark Byers of Grant Thornton UK, LLP 30 Finsbury Square, London EC2P 2YU has been appointed as Joint Liquidator of the Company in place of Mr. Stephen Akers formerly of Grant Thornton UK, LLP 30 Finsbury Square, London EC2P 2YU.

Mr. Akers has ceased to hold office.

Dated this 22 August 2018.

Mark McDonald,
Joint Liquidator.

Glenalla Properties Limited
Company Number: 1002995
incorporated in the British Virgin Islands
(the “Company”)

NOTICE OF APPOINTMENT OF LIQUIDATOR

NOTICE is hereby given, pursuant to Rules 180 (1) and (2) of the BVI Insolvency Rules, that Mr. Mark Byers of Grant Thornton UK, LLP 30 Finsbury Square, London EC2P 2YU has been appointed as Joint Liquidator of the Company in place of Mr. Stephen Akers formerly of Grant Thornton UK, LLP 30 Finsbury Square, London EC2P 2YU.

Mr. Akers has ceased to hold office.

Dated this 22 August 2018.

Mark McDonald,
Joint Liquidator.

Oscatello Investments Limited
Company Number: 1410795
incorporated in the British Virgin Islands
(the “Company”)

NOTICE OF APPOINTMENT OF LIQUIDATOR

NOTICE is hereby given, pursuant to Rules 180 (1) and (2) of the BVI Insolvency Rules, that Mr. Mark Byers of Grant Thornton UK, LLP 30 Finsbury Square, London EC2P 2YU has been appointed as Joint Liquidator of the Company in place of Mr. Stephen Akers formerly of Grant Thornton UK, LLP 30 Finsbury Square, London EC2P 2YU.

Mr. Akers has ceased to hold office.

Dated this 22 August 2018.

Mark McDonald,
Joint Liquidator.

Trenvis Limited
Company Number: 1490368
incorporated in the British Virgin Islands
(the “Company”)

NOTICE OF APPOINTMENT OF LIQUIDATOR

NOTICE is hereby given, pursuant to Rules 180 (1) and (2) of the BVI Insolvency Rules, that Mr. Mark Byers of Grant Thornton UK, LLP 30 Finsbury Square, London EC2P 2YU has been appointed as Joint Liquidator of the Company in place of Mr. Stephen Akers formerly of Grant Thornton UK, LLP 30 Finsbury Square, London EC2P 2YU.

Mr. Akers has ceased to hold office.

Dated this 22 August 2018.

Mark McDonald,
Joint Liquidator.

Thorson Investments Limited
Company Number: 366774
incorporated in the British Virgin Islands
(the “Company”)

NOTICE OF APPOINTMENT OF LIQUIDATOR

NOTICE is hereby given, pursuant to Rules 180 (1) and (2) of the BVI Insolvency Rules, that Mr. Mark Byers of Grant Thornton UK, LLP 30 Finsbury Square, London EC2P 2YU has been appointed as Joint Liquidator of the Company in place of Mr. Stephen Akers formerly of Grant Thornton UK, LLP 30 Finsbury Square, London EC2P 2YU.

Mr. Akers has ceased to hold office.

Dated this 22 August 2018.

Mark McDonald,
Joint Liquidator.

Fundir/Mannfagnaðir



Félagsfundur

Almennur félagsfundur V.b.f. Próttar verður haldinn í húsi félagsins, Sævarhöfða 12, þriðjudaginn 11.september n.k. kl. 20:00

Vörubilstjórafélagið **Próttur**
Sævarhöfða 12,
110 - Reykjavík
Sími: 577 5400 Fax : 577 5408

Uppboð

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra
Hafnarstræti 107, 600 Akureyri, s. 458 2600

UPPBOÐ

Eftirtalin ökutæki og annað lausafé verða boðin upp við lögreglustöðina við Þórunnarstræti, á Akureyri, mánudaginn 17. september 2018, kl. 14:00 eða á öðrum stað eftir ákvörðun uppboðshaldara, sem verður kynnt á staðnum:

1 Bifreiðar og önnur ökutæki:

SG511	PO459	NH700
DE034	EDT66	AMD88
SZ526	HAL52	YH325
SE356	AP053	OH610
VY280	PX538	AEF78
OL198	OTD36	KXR31
DY893	ME558	

Krafist verður greiðslu við hamarshögg og verða ávísanir ekki teknar gildar nema með samþykki gjaldkera. Ekki er tekið við greiðslukortum. Uppboðsskilmálar eru til sýnis á skrifstofu embættisins og þar verða einnig veittar frekari upplýsingar ef óskað er.

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra
6. september 2018
Halla Einarsdóttir, ftr.

Félagsstarf eldri borgara

Árskógar Smíðar, útskurður, pappamódel með leiðb. kl. 9-16. Boccia með Guðmundi kl. 10. Opið hús kl. 13-16. Bíó kl. 13:30. Bókabíllinn kemur við Árskóga 6-8 kl. 16.15-17. Opið fyrir úti- og innipútt. Hádegismatur kl. 11.40-12.45. Kaffisala kl. 15-15.45. Heitt á könnunni. Allir velkomnir. S. 535-2700.

Bólstaðarhlíð 43 Opin handverksstofa kl. 9-16. Morgunkaffi kl. 10-10:30. Leikfimi kl. 12:50-13:30. Opið kaffihús kl. 14:30-15:15.

Bústaðakirkja Félagsstarfið hefst miðvikudaginn12. september með haustferð, nánari upplýsingar og skráning er hjá Hólmfriði djákna í síma 5538500. Hlökkum til að sjá ykkur sem flest.

Félagsmiðstöðin Vitatorgi Morgunkaffi frá 9-10 í setustofu 2. hæð. Föstudagshópurinn hittist kl. 10 í handverkstofu. Handaband, skapandi vinnustofa með textilhönnuðum frá 13:00-15:30, ókeypis vinnustofa sem er öllum opin. Bingó kl. 13:30-14:30, spjaldið kostar 250 kr. og eru allir velkomnir í bingó, óháð aldri og búsetu. Vöflukaffi kl. 14:30-15:30. Verið velkomin á Vitatorg, Lindargötu 59, sími 411-9450

Garðabæ Dansleikfimi Sjál. kl.9:30. Gönguhópur frá Jónshúsi kl. 10:00. Félagsvist FEBG í Jónshúsi kl. 13:00. Bíll fer frá Litlakoti kl. 12:20, Hleinum kl. 12:30, og frá Garðatorgi 7. kl. 12:40 og til baka að loknu félagsvist ef óskað er.

Gerðuberg Opin handavinnustofa kl.08:30-16:00. Glervinnustofa m. leiðb. kl 09:00-12:00. Þrjónakaffi kl. 10:00-12:00. Leikfimi gönguhóps kl. 10:00-10:20. Gönguhópur um hverfið kl.10:30. Bókband m. leiðb. kl. 13:00-16:00. Kóræfing kl.13:00-15:00. Allir velkomnir.

Gjábakkí Kl. 9.00 handavinna, kl. 14.00 HAUSTKYNNING - Kynnt verður dagskrá komandi vetrar í Gjábakka! Við hlökkum til að sjá sem flesta. kl. 20.00 Félagsvist.

Hraunbæ 105 Kaffiklúbbur og spjall, allir velkomnir í fritt kaffi kl. 9. Opin handavinna kl. 9-12. Hádegismatur kl. 11:30. Bíó kl 13, allir velkomnir, kostar ekkert að horfa.

Hvassaleiti 56-58 Félagsmiðstöðin er opin frá 8-16, blöðin og púsl liggja frammi. Morgunkaffi kl. 8.30-10.30, jóga með Carynu kl. 9, útvarpsleikfimi kl. 9.45 og hádegismatur kl. 11.30. Bridge í handavinnustofu kl. 13 og tónleikar með Martón, jazz pianóleikara, og Bernadett, óperusöngkonu, kl. 13.30, eftirmiðdagskaffi kl. 14.30.

Hæðargarður 31 Félagsmiðstöðin opnar kl. 8.50, við hringborðið kl.8.50, boccia kl.10.15 myndlistanámskeið hjá Margréti Zophonías-dóttir kl.12.30. Zumba dansleikfimi með Auði kl.13, allir velkomnir óháð aldri. Nánari upplýsingar í Hæðargarði 31 eða í síma 411-2790.

Korpúlfar Ganga kl. 10 frá Borgum, sundleikfimi í Grafarvogssund-laug kl. 9 í dag, BRIDGE kl. 12:30 í Borgum í dag, allir nýjir velkomnir aðeins hafa með sér spilafélaga. Hannyrðahópur hittist kl. 12:30 í Borgum og vöflukaffi í Borgum frá kl. 14:30 til 15:30.

Seltjarnarnes Kaffispjall í króknum kl. 10.30. Leikfimi með Evu í salnum á Skólbraut kl. 11.00. Syngjum saman í salnum á Skólbraut kl. 13.00. Spilað í króknum kl. 13.30. Bridge í Eiðismýri 30, kl. 13.30. Skráning stendur yfir í óvissuferðina sem farin verður þriðjudaginn 18. september í Eldfjallasetrið, Fljótshlíðina ofl. Skráningarblöð liggja frammi á Skólbraut, í kirkjunni og í Eiðismýri 30.

Sléttuvegur 11-13 Selið á Sléttuvegi er opið frá kl. 10-14. Heitt á könnunni frá kl. 10-11 og hægt er að líta í blöðin. Hádegismatur er frá kl. 11:30-12.15 og panta þarf matinn daginn áður. Allir velkomnir. Síminn í Selinu er: 568-2586.

Stangarhylur 4 Dansað sunnudagskvöld kl. 20.00-23.00. Hljómsveit hússins leikur fyrir dansi. Allir velkomnir.

Vesturgata 7 Sungið v/flygillinn kl.13:00 undir stjórn Gylfa Gunnars-sonar. Kaffi kl.14:00. Enska byrjar 21. sept. Uppl. og skráning í síma 535-2740.

Daði Þór Einarsson er sextugur í dag

Stórsveitir troða upp í afmælinu

Daði Þór Einarsson, stjórnandi Skóla-hljómsveitar Mosfells-bæjar, á 60 ára afmæli í dag. Hann sér um daglegan rekstur hljómsveitarinnar, en um 100 nemendur eru í hljómsveitinni í þremur hópum. „Þetta eru nemendur upp allan grunn-skólann og svo er einn og einn sem er kominn í menntaskóla en heldur tryggð við hljómsveitina sína og svo reynum við að stýra þeim áhugasömu inn í fullorðins lúðrasveitirnar.“

Daði er sjálfur básúnuleikari og kennir básúnunemendum, en sex kennarar starfa við hljómsveitina. Daði leiðir einnig Stórsveitina Óðlinga, sem er átján manna big-band. „Sú hljómsveit hefur fengið fjölda verkefna og við höfum spilað mikið fyrir félagsstarf eldri borgara. Hjördís Geirsdóttir hefur verið að syngja með okkur, en hún er landsþekkt söngkona og fagnar hún 60 ára söngferli núna í vetur.“

Ég spila á básúnuna mína í Lúðrasveit Þorlákshafnar, sem varð landsþekkt fyrir leik sinn með Jónasi Sigurðssyni og Rítvélum fram-tíðarinnar. Ég flutti til Þorlákshafnar í desember síðastliðnum og við hjónin erum kominn á fullt í félagsstarfið þar, en konan mín er í hestamennskunni. Svo erum við í Félagi húsbílaeigenda og höfum verið dugleg að ferðast með þeim í gegnum árin. Einnig tókum við þátt í Íslandsmóti í Kínaskák sem fram fer á Akureyri í byrjun október. Eftir að við fluttum til Þorlákshafnar varð ég að segja skilið við félagi mína í Karlakór Kjalnesinga og Stormsveitinni.“

Daði heldur 190 manna stórveislu á morgun í Þorlákshöfn og þar ætla m.a. Lúðrasveit Þorlákshafnar, Stormsveitin, sem er rokkkór, og Stórsveit Óðlinga að troða upp.

Eiginkona Daða er Elín Fanndal, aðstoðarmaður tannlæknis og leiðsögumaður. Þau eiga þrjú börn hvort; börn Daða eru Bjartmar, Kristjón og Birna og börn Elínar eru Eyþór Elmar Berg, Guðrún Ósk og Elísabet Eir. Barnabörnin eru samtals ellefu. Fósturdóttir Daða og Elínar er Annalísa Ósk Rodriguez, nfu ára.



Við Svinafellsjökul Daði, Elín og Annalísa Ósk á ferðalagi í sumar.

Íslendingar Kjartan Gunnar Kjartansson, Pétur Atli Lárusson islendingar@mbl.is
Ábendingar um brúðkaup, afmæli, barnsfæðingar og önnur tímamót í lífi fólks má senda á netfangið islendingar@mbl.is. Einnig geta þeir, sem óska eftir því að nafn þeirra birtist ekki í þessum dalkum, sent beiðni þar að lútandi á sama netfang.

• Unnið í samvinnu við viðmælendur.

Edvard Júlíusson, skipstjóri og fv. framkvæmdastj. – 85 ára



Fjölskyldan Edvard og Elín með börnunum og tengdabörnunum í stórskemmtilegri afmælisferð á Tenerife.

Fann eiginkonuna og gæfuna í Grindavík

Edvard Júlíusson fæddist á Dalvík 7.9. 1933 og ólst þar upp til 15 ára aldurs. Hann flutti þá, ásamt fjölskyldu sinni, til Akureyrar. Þar hóf hann sjósókn sem háseti á togaranum Harðbak. Þaðan lá leiðin í Stýrimannaskólann þar sem hann stundaði nám í tvo vetur, 1953 og 1954.

Edvard kom til Grindavíkur sem stýrimaður á vertíð í ársbyrjun 1955. Þar kynntist hann eiginkonu sinni, Elínu, settist þar að og hefur búið þar síðan.

Edvard stundaði sjómennsku, lengst af sem skipstjóri, til ársins 1975. Þá kom hann í land til að sinna framkvæmdastjórn í Hópsnesi ehf, sem var á þeim tíma ört vaxandi fyrirtæki er hann hafði stofnað, árið 1965, ásamt þeim Guðlaugi Óskarssyni og Jens Óskarssyni. Hann hafði verið skipstjóri á skipum félagsins til 1975 og var



Útgerðarmaðurinn Edvard ræðir við fréttamann um útgerðarhorfur.

framkvæmdastjóri þess til 2010. Þá tók Sigmar, sonur hans, við sem framkvæmdastjóri. Á þessum árum óx fyrirtækið úr því að eiga einn

lítinn og gamlan vertíðarbat í að eiga nýtskulegan vertíðarbat smíðaðan í Stálvík, frystitogara smíðaðan í Póllandi og fiskvinnslu í

TRI
WWW.TRI.IS

Tacx

Hlutavelta



Linda Björk Vilmundardóttir hélt tombólu á Akureyri og safnaði 560 krónum ásamt systur sinni, **Sólku Maríu Vilmundardóttur**. Þær gáfu Eyja-fjarðardeild Rauða krossins söfnunarféð og Linda Björk afhenti starfsmanni Rauða krossins peninginn.

Börn og brúðhjón


Á opnunni „Íslendingar“ í Morgunblaðinu er sagt frá merkjum viðburðum í lífi fólks, svo sem stórafmælum, hjónavigslum, barnsfæðingum og öðrum tímamótum.

Allir þeir sem senda blaðinu mynd af nýjum borgara eða mynd af brúðhjónum fá fría áskrift að Morgunblaðinu í einn mánuð.

Hægt er að senda mynd og texta af slóðinni mbl.is/islendingar eða á islendingar@mbl.is



Morgunblaðið



landi fyrir saltfisk, síld og skreið þegar mest var.

Edvard lét til sín taka í bæjar-málum í Grindavík og var bæjar-fulltrúi fyrir Sjálfstæðisflokkinn í 12 ár samfellt, þar af forseti bæjar-stjórnar í sex ár.

Edvard kom að stofnun Bláa lónsins og var stjórnarformaður fé-lagsins frá stofnun til 2010 og sat áfram í stjórn Bláa lónsins til 2017. Á stjórnarformannsárum Edvarðs fór félagið úr því að vera lítið ný-sköpunarfyrirtæki nokkurra bjart-sýnismanna í að vera eitt þekktasta fyrirtæki landsins í ferðaþjónustu. Edvard sat einnig í stjórn Síldar-útvegsnefndar í fjölmörg ár og var formaður hagsmunanefndar SIF í fjögur ár.

Edvard var veitt heiðursviður-kenning frá bæjarstjórn Grindaví-ur, árið 2014, fyrir framúrskarandi störf á vettvangi atvinnulífs og bæjarmála.

Edvard hefur ávallt verið mikill útivistarmaður og ástríðufullur lax-veiðimaður og einungis eru örfáir dagar síðan síðasti lax sumarsins var dreginn á land. Hann spilar einnig golf flesta daga, bæði sumar og vetur. Hann fylgist vel með íþróttum og er heiðursfélagi í Ars-enal-klúbbnum og knattspyrnudeild UMFG.

Fjölskylda

Edvard kvæntist 25.12. 1956, El-ínu P. Alexandersdóttur, f. 30.8. 1932, húsfreyja.

Börn Edvarðs og Elínar eru: 1) Alexander Georg, f. 30.9. 1957, end-urskoðandi hjá KPMG, búsettur í Reykjavík, en kona hans er Þur-íður Dóra Ingvarsdóttir og eiga þau fjögur börn og 10 barnabörn; 2) Kristín Pórey, f. 23.6. 1959, fjár-málastjóri hjá Hópsnesi ehf., búsett í Garðabæ, en maður hennar er Ottó Hafliðason og eiga þau sex börn og 11 barnabörn, og 3) Sig-mar Júlíus, f. 2.9. 1961, fram-kvæmdastjóri hjá Hópsnesi ehf., búsettur í Grindavík, en kona hans er Linda Oddsdóttir og eiga þau fjögur börn og níu barnabörn.

Systkini Edvarðs eru Brynjar Júlíusson, f. 9.1. 1935., fyrrverandi framkvæmdastjóri, búsettur í Nes-kaupstað, og Hildur Júlíusdóttir, f. 7.7. 1941, húsfreyja í Kópavogi.

Foreldrar Edvarðs voru Júlíus Halldórsson, f. 2.9. 1911, d. 25.11. 1983, og Pórey Kristín Sigmars-dóttir, f. 2.2. 1916, d. 26.2. 1997, húsfreyja..

Til hamingju með daginn



Halldór Freyr Sveinbjörnsson

30 ára Halldór lauk lög-gildingu fasteignasala og rekur, ásamt föður sínum, Fasteignasöluna Garð.

Maki: Íris Dögg Vignis-dóttir, f. 1988, nemi í við-skiptafræði við Bifröst.

Synir: Alexander Ívar, f. 2005; Dagur Freyr, f. 2014, og Daniel Fannar, f. 2017.

Foreldrar: Sveinbjörn Halldórsson, f. 1963, og Ingibjörg Erna Sigurð-ardóttir, f. 1964.

Guðni Þór Pétursson

30 ára Guðni Þór ólst upp í Eyjum, býr þar og er sjómaður.

Maki: Kristjana Sif Högnadóttir, f. 1990, nemi.

Stjúpdætur: Thelma Lind, f. 2009, og Andrea, f. 2011.

Foreldrar: Henný Dröfn Ólafsdóttir, f. 1948, og Stefán Pétur Sveinsson, f. 1948. Stjúpmóðir: Matt-hildur Sveinsdóttir, f. 1956.

Róbert Unnþórsson

40 ára Róbert býr í Kópa-vogi, lauk MSc-prófi í tölvuverkfræði og starfar hjá Curio í Hafnarfirði.

Maki: Sæunn Kolbrún Þorólfsdóttir, f. 1987, skipulagsfræðingur hjá Orku náttúrunnar.

Synir: Ragnar Már, f. 2001, og Brimar Nói Wi-um, f. 2014.

Foreldrar: Guðmundur Unnþór Stefánsson, f. 1948, og Margrét Guð-laugsdóttir, f. 1949.

90 ára
Lilja Enoksdóttir
Una Runólfsdóttir

85 ára
Erlingur Ellertsson
Höskuldur Goði Karlsson
Perla Kristjánsdóttir

80 ára
Auður Stella Þórdardóttir
Benedikt Benediktsson
Guðbjörg Haraldsdóttir
Hafðís H. Sigurbjörnsdóttir
Lind Ebbadóttir

75 ára
Ásta Alfreðsdóttir
Björn Stefán Þórarinnsson
Hannes Jóhannesson
Konráð Foster
Sigurveig H. Eiríksdóttir
Súsanna Jóna Möller

70 ára
Ágústína Hlíf Traustadóttir
Eygló H. Ibsen
Guðbjörg Sveinbjörnsdóttir
Guðmundur I. Jónsson
Inga Jóna Stefánsdóttir
Ingibjörg Eysteinsdóttir

Jóhann E. Þórarinnsson
Lilja Karlsdóttir
Mirjana Trifunovic
Ragnheiður Grétarsdóttir
Sveinn Jónsson
Sveinn Jónsson
Þórir Þórhallsson

60 ára
Anna Fjeldsted
Gísli Jóhannsson
Guðmundur Jóhannesson
Ína Dóra Hjálmarsdóttir
Jóhann Ingi V. Magnússon
Jóhann Jóhannsson
Kristinn Andersen
Sigríður Ástvaldsdóttir

50 ára
Anna Elzbieta Bajkowska
Bjarni Jónasson
Bryndís Ólafsdóttir
Constantin Ciovina
Guðrún Elísa Þorkelsdóttir
Jón Ingvar Garðarsson
Regina Markevicienė
Unnur Guðrún Unnarsdóttir
Vasile Cogalniceanu

40 ára
Ásdís Erla Jónsdóttir

Dagbjört Í. Guðmundsdóttir
Fanney Rós Þorsteinsdóttir
Guðbjörg H. Hjartardóttir
Heiðrún Ólöf Jónsdóttir
Herdís Þóra Snorradóttir
Hildur Imma Jónsdóttir
Hildur Ýr Hjálmarsdóttir
Ívar Meyvantsson
Oddgeir Már Ingþórsson
Óskar Þórðarson
Péter Garajszki
Renata Emilsson Pesková
Sigurður Grétar Viðarsson
Zbigniew Kalinowski

30 ára
Arnar Harðarson
Bryndís Helga Björnsdóttir
Bryndís Jónsdóttir
Brynjar Þór Kristinnsson
Christian Lolo Sumalinog
Dagný Harðardóttir
Eiríkur Viljar H. Kúld
Evaldas Antanaitis
Heiða María Angantýsdóttir
Jakub Konrad Kruzcek
Katrín Ósk Grétarsdóttir
Kristján I. Kristjánsson
Lára Björg Grétarsdóttir
Margrét D. Gunnarsdóttir
Svala Margrét Bjarnadóttir

Merkir Íslendingar

Þorsteinn Jóhannsson

Þorsteinn Jóhannsson fæddist á Hnappavöllum í Öræfum 7.9. 1918. Foreldrar hans voru Jóhann Ingvar Þorsteinsson og Guðrún Jónsdóttir, er bjuggu á Hnappavöl-lum. Foreldrar Jóhanns voru Þor-steinn Pálsson og Guðrún Þorsteins-dóttir er bjuggu á Hnappavöllum, en foreldrar Guðrúnar voru Jón Árna-son og Katrín Sigurðardóttir er einn-ig voru húsbændur þar.

Bræður Þorsteins: Jón og Sig-urður, bændur á Hnappavöllum.

Eiginkona Þorsteins var Sigrún Pálsdóttir frá Svínafelli sem lést 2004, dóttir Páls Pálssonar og Hall-dóru Sigurðardóttur er þar bjuggu. Börn Þorsteins og Sigrúnar: Guðjón, f. 1949, d. 2010, bóndi á Svínafelli; Jó-hann, f. 1952, bóndi á Svínafelli, Pál-ína, f. 1955, fyrrv. skólastjóri, kennari og nú ferðaþjónustubóndi á Svínafelli og Halldór, f. 1957, rútubílstjóri í Kópavogi..

Þorsteinn varð ungur bókhneigður enda alinn upp á menningarheimili, lauk hefðbundnu barnaskólanámi, var vel sjálfmenntaður og nýtti sér bréfaskóla. Hann var bóndi á Svína-felli frá 1947, ásamt mági sínum, Jóni Páli Pálssyni, og síðan börnum. Hann var kennari og skólastjóri í Öræfum á 1943-88, var verkstjóri og reiknings-haldari fyrir Vegagerð ríkisins í



Öræfum 1947-86, sláturhússtjóri og kjötmatsmaður í Öræfum um árabil, formaður Ungmennafélags Öræfa, sat í stjórn Búnaðarfélags Hofs-hrepps og gjaldkeri þess í 30 ár, sat í sóknarnefnd 1958-97, í hreppsnefnd 1962-94 og var oddviti 1981-94, sat í stjórn Búnaðarsambands Austur-Skaftafellssýslu 1966-84 og stjórn-arformaður þess í níu ár, var fulltrúi á þingi Stéttarsambands bænda, sat í skólanefnd Nesjaskóla, var formaður Jarðarnefndar Austur-Skaftafells-sýslu og sat í stjórn Kaupfélags Aust-ur-Skaftafelllinga.

Þorsteinn var góður hagyrðingur og árið 2010 kom út ljóðasafn hans, ásamt minningarþáttum, Undir Breðans fjöllum.

Þorsteinn lést 26.9. 1998.

Fallegar vörur fyrir heimilið

Sendum um land allt

BÚSTOÐ
býður betur!

Tjarnargötu 2 | 230 Reykjanesbæ | Sími 421 3377 | bustod@bustod.is | www.bustod.is

Þetta gerðist...

7. september 1933

Stórrigningu gerði á Suð-vesturlandi. Ár flæddu út fyrir farvegi og mikið tjón varð, meðal annars á vegum og brúm í Borgarfirði. Norðurárdalur „var allur eins og hafsjór,“ sagði í Morgunblaðinu.



Morgunblaðið/Porkell

7. september 1973

Mósaíkmýnd Gerðar Helga-dóttur á Tollstöðinni í Reykjavík var afhjúpuð. Myndin er 142 fermetrar og í henni eru milljónir marglitra mósaíksteina.

7. september 1985

Ljósleiðarastrengur var lagður frá símtöðinni við Austurvöll í Reykjavík að stöðinni við Múla, um fimm kílómetra leið. Þetta var sögð vera ný gerð síma-strengja sem kæmu í stað koparstrengjanna og væru úr gleri. „Upplýsingarnar fara eftir strengjunum sem ljósmerki,“ sagði í NT.

Dagur Íslands | Jónas Ragnarsson

Því að hann er friður okkar...

www.versdagsins.is

Sudoku

2		3		7		9	5	
					8	6		
				2	3	1		
6	9				2		7	
1		7		5				6
		5		9		3	8	
		2	1					
			9		7		2	

Frumstig

1			7		3		6	8
		8						
3			4			5	9	
							3	
9	1	4		6			8	
7						1		
							5	7
		7				3	1	
	5	6						

Miðstig

			1			2		7
4						1		
	3		7				4	
		9						4
		6	4				1	8
				2	6			3
			6		7	8		1
6				3	1			
	7							

Efsta stig

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3-reit birtist tölurnar 1-9. Það verður að gerast þannig að hver níu reita lína bæði lárétt og lóðrétt birti einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Orðarugl

C	R	F	G	G	O	F	J	V	W	Q	B	T	U	W	N	A	P
P	V	Q	Z	E	A	M	A	D	F	Z	Q	A	U	U	B	K	S
S	N	N	E	A	I	N	A	S	G	Q	Y	D	M	K	E	A	S
D	A	U	C	X	J	S	N	Q	I	T	I	G	N	A	Ð	I	B
E	J	O	I	G	C	K	U	A	G	S	O	Y	G	Q	L	Þ	A
D	S	B	T	Z	E	Y	I	Ð	K	N	T	L	Y	A	E	V	M
E	C	L	L	B	V	Z	C	E	U	O	A	A	D	J	Y	Ö	U
W	Q	M	C	G	A	P	C	R	L	P	L	L	N	B	R	G	N
N	G	A	M	R	U	Ð	A	J	F	B	A	A	F	A	E	U	K
V	A	Y	F	U	T	R	V	D	C	Ð	A	H	D	F	J	N	K
V	P	Q	M	T	R	U	N	A	A	Q	E	L	B	N	K	A	O
U	F	O	T	S	Ð	A	B	U	L	T	I	L	I	H	E	R	R
R	Z	P	Ó	L	S	T	J	Ö	R	N	U	N	A	S	D	D	H
Q	O	F	A	Q	P	A	T	T	Ó	S	P	E	R	D	S	R	V
L	A	D	N	I	L	V	V	U	Q	H	K	A	H	P	V	O	E
M	Q	Q	K	Z	P	H	E	I	M	T	I	N	G	U	C	Y	B
Y	G	V	M	U	N	N	Ö	M	S	L	A	V	R	Ú	C	E	Y
U	A	X	W	X	L	E	O	V	K	R	U	M	P	A	S	T	S

Líndal

Aðaldal

Drepsóttá

Endalokanna

Fasistana

Fjaðurmagn

Geisuðu

Heimtingu

Hrokknum

Krumpast

Litlubaðstofu

Pólstjörnuna

Síableikja

Tignaði

Úrvalsmönnum

Þvöguna

Krossgáta

Lárétt:

- 3) Naum
- 5) Tuska
- 7) Úrinn
- 8) Gjött
- 9) Hamla
- 12) Uglá
- 15) Batna
- 16) Þróum
- 17) Yndis
- 18) Ólmur

Lóðrétt:

- 1) Linan
- 2) Hörð
- 3) Tarfa
- 4) Siðla
- 6) Ilma
- 10) Máfar
- 11) Skeleggur
- 12) Aða
- 13) Orkan
- 14) Angan

Lausn síðustu gátu

Lárétt: 1) Ísstykki 7) Óþrif 8) Toll 9) Unnt 11) Ber 14) Dáð 15) Reik 18) Náum 19) Orgel 20) Innritun Lóðrétt: 2) Sprund 3) Tófa 4) Kúttur 5) Illt 6) Hópur 10) Tálmun 12) Rengdu 13) Skáld 16) Máki 17) Sori

Skák

Helgi Áss Grétarsson | ritstjorn@mbi.is



Svartur á leik

1. e4 e5 2. Rf3 Rc6 3. Bb5 a6 4. Ba4 Rf6 5. 0-0 Be7 6. He1 b5 7. Bb3 d6 8. a4 Bd7 9. c3 Ra5 10. Bc2 c5 11. d4 Db8 12. Bg5 Be6 13. Rbd2 0-0 14. Rf1 h6 15. Bh4 cxd4 16. cxd4 Hc8 17. axb5 Dxb5 18. d5 Bg4 19. Re3 Bd8 20. h3 Bxf3 21. Dxf3 Rb3 22. Bxb3 Dxb3 23. Bxf6 Bxf6 24. Dg4 g6 25. Hxa6 Hd8 26. Hc6 Dxb2 27. Df3 Bg5 28. Hc7 Hf8 29. Rg4 h5 30. Rf6+ Kg7 31. Rd7 Hfc8 32. Hc6 Hxc6 33. dxc6 Hc8 34. Dg3 Dd2 35. Hf1 Hxc6 36. Db3 Hc7 37. Rb6 Hb7 38. Hb1 Dd4 39. Dg3

Staðan kom upp atskákhla einvíg- is á milli rússneska stórmeistarans **Peters Svidlers (2.753)**, svart, og kínverska kollega hans, **Yangyi Yu (2.759)**. **39... Hxb6!** og hvítur gafst upp enda taflíð gjörtapað eftir 40. Hxb6 Dd1+! 41. Kh2 Bf4. Einvígi stórmeistaranna tveggja fór fram í Shenzhen í Kína í júní síðastliðnum. Yangyi er á meðal bestu skákmanna Kína.

Lausn sudoku

2	4	3	6	7	1	9	5	8
9	7	1	5	4	8	6	3	2
5	8	6	2	3	9	1	4	7
6	9	8	3	1	2	5	7	4
1	3	7	8	5	4	2	9	6
4	2	5	7	9	6	3	8	1
7	5	2	1	8	3	4	6	9
8	6	9	4	2	5	7	1	3
3	1	4	9	6	7	8	2	5
1	4	9	7	5	3	2	6	8
5	6	8	2	1	9	4	7	3
3	7	2	4	8	6	5	9	1
6	2	5	8	7	1	9	3	4
9	1	4	3	6	2	7	8	5
7	8	3	5	9	4	1	2	6
4	3	1	9	2	8	6	5	7
8	9	7	6	4	5	3	1	2
2	5	6	1	3	7	8	4	9
9	6	5	1	4	3	2	8	7
4	8	7	5	6	2	1	3	9
1	3	2	7	8	9	5	4	6
7	5	9	3	1	8	6	2	4
3	2	6	4	7	5	9	1	8
8	1	4	9	2	6	7	5	3
2	4	3	6	5	7	8	9	1
6	9	8	2	3	1	4	7	5
5	7	1	8	9	4	3	6	2

Brids

Guðmundur Páll Arnarson | ritstjorn@mbi.is

Einföld skýring. S-Allir

Norður

♠G973
♥72
♦D92
♣AK54

Austur

♠D1042
♥98653
♦Á3
♣107

Suður

♠Á5
♥KDG4
♦KG75
♣DG9

Suður spilar 3G.

Enska bridskonan og leikjahönnuðurinn Maureen Hiron segir skemmtilega sögu af spili dagsins. Hún var í suður í hverfisklúbbnum og opnaði á grandni. Makker hennar spurði um háliti, hún sýndi fjórlit í hjarta og sögnum lauk í 3G. Tígulfjarkinn út, fjórða hæsta.

Austur drap á ♠Á og skipti yfir í spáða – lítið og kóngur. Vestur spilaði ♠8 til baka, Maureen lét níuna loka-andi, en austur dúkkaði fumlaut og áinn sló vindhögg. Maureen læddi ♥G á borðið í von um að sleppa framhjá ásn-um en vestur var á tánum, drap strax og spilaði spáða. Einn niður.

Andstæðingarnir voru nýliðar í klúbbnum og þessi góða vörn kom Maureen á óvart. En það stóð ekki á skýringu: „Skiptingin lá kristaltært fyrir í fyrsta slag,“ sagði austur, nokkuð drjúgur með sig. Bætti svo við í hálfum hljóðum: „Það spillti ekki að við spil-uðum þetta sama spil í gær – það hefur gleymst að gefa upp á nýtt.“

Arctic Star Sæbjúgnahylki



Sæbjúgu innihalda mikið kollagen og yfir 50 tegundir af næringarefnum sem hafa öll mjög jákvæð áhrif á lífeðlisfræðilega starfsemi mannslíkamans.



Sæbjúgu eru þekkt fyrir:

- Hátt prótíninnihald og lágt fituinnihald
- Að minnka verki í liðum og liðamótum
- Að byggja upp brjóska og draga úr tíðni liðskemmda
- Að bæta ónæmiskerfið og mótstöðu líkamans gegn ýmsum sjúkdómum
- Að auka blóðflæði sem minnkar líkur á blóðtappa
- Að koma í veg fyrir æðakölkun
- Að auka orku líkamans, stuðla að myndun húðpróteins og insúlíns



ÍSLENSKA FRAMLEIÐSLA: Framleiðandi sæbjúgna er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fást á arcticstar.is

Arctic Star sæbjúgnahylki fást í flestum apótekum og heilsubúðum og í Hagkaupum.

Stjörnuspá

21. mars - 19. apríl

Hrútur Það er ekki nóg að hugsa um hlutina ef ekkert verður úr framkvæmdinni. Þú gengur með grasið í skónum á eftir einhverjum en er manneskjan þess virði?

20. apríl - 20. maí

Naut Er ekki kominn tími til þess að slaka á? Þú þarft að lyfta þér upp endrum og sinnum. Veikindi ættingja hafa áhrif á þig en ekki missa móðinn.

21. maí - 20. júní

Tvíburar Eitthvað er að vefjast fyrir þér en þú átt erftið með að fá á hreint hvað það er. Gefðu þér tækifæri og víkkaðu út sjóndeildarhring þinn.

21. júní - 22. júlí

Krabbi Það eru einhver atriði sem þú þarft að fara betur í gegnum áður en þú ert tilbúin/n til nýrra átaka. Gríptu tækifæri sem býðst og treystu á innsæi þitt.

23. júlí - 22. ágúst

Ljón Þú hefur lent upp á kant við mann-skju sem þú vilt umfram allt hafa góð samskipti við. Greiddu skuldir þínar.

23. ágúst - 22. sept.

Meyja Nú er komið að því að finna nýjar leiðir til þess að koma skoðunum þínum á framfæri. Taktu upp þráðinn við gamla vini og fjölskyldumeðlimi sem þú hefur ekki hitt lengi.

23. sept. - 22. okt.

Vog Þú getur gert svo til hvað sem er í dag. Tileinkaðu þér auðmýkt og gefðu eins mikið og þú getur til baka. Orka þín er áberandi og fleytir þér á endastöð.

23. okt. - 21. nóv.

Sporðdreki Mikil tíðindi berast og þú þarft að taka á öllu sem þú átt til að bregðast rétt við þeim. Reyndu að útskýra mál þitt vel fyrir fólki svo að engar ranghugmyndir komist á kreik.

22. nóv. - 21. des.

Bogmaður Þú ættir að reyna að hvíla þig eitthvað í dag, því þú hefur satt að segja gengið ansi mikið á orkuna. Samskiptin ganga betur í stórfjölskyldunni.

22. des. - 19. janúar

Steingeit Gættu þess að taka engu sem sjálfsgöðum hlut. Vertu betri við sjálfa/n þig. Þú laðar að þér athyglina sem þú leitar.

20. jan. - 18. febr.

Vatnsberi Talaðu við fólk sem er á sömu bylgjulengd og lestu bækur um andleg málefni. Það sigur á ógæfuhliðina í ástálfinu.

19. feb. - 20. mars

Fiskar Frelsi felst í því að gera það sem mann langar til. Búðu þig undir að þurfa að fresta hlutum og jafnvel að afskrifa þá.

Vísnaðhorn

Bikarvísan og fleiri stökur

Af rælni fór ég að fletta Sýn-
isbók af verkum Einar's Bene-
diktssonar sem Almenna bóka-
félagið gaf út árið 1957. Þar er
„Bikarvísa til Matthíasar Joch-
umssonar“. Tildrög hennar eru þau
að í ágústmánuði 1916 hélt Einar
veislu mikla á heimili sínu Héðins-
höfða í Reykjavík. Þar færði hann
þjóðskáldinu silfurbikar fagran og
var á vísa þessi:

Eins og gulli gegnum sáld
gneistum slær þinn andi.
Höfðingja og helgiskáld,
hátt þín minning standi.

Séra Matthías launaði gjöfina
með „Bikarrímu“ til Einar's, 15 er-
indi, og er þetta niðurlag:

Allar gættir opnist þér,
allar vættir dugi þér!
Hörpuslætti úr höndum mér
hrumum mætti eg fel svo þér!

Hér yrkir Einar til Svölu litlu
dóttur sinnar:

Hverri nýjárnsóttu á
nú og seinni tíða,
mundu, að árin eru fá
og ósköp fljót að líða.

Vel má þessi hringhenda vera ort
á Héðinshöfða á Tjörnesi:

Stjörnur signa hvelin hálf,
höfin lygna augum,
jörðin skyggir, sér hún sjálf
sunnu stigna af laugum.


Grettir



Hrólfur hræðilegi



Ferdinand



Í klípu

eftir Mike Baldwin




„ÉG NÁÐI AD TJASLA SAMAN SAMBANDINU VIÐ KUNNANN – EN ÞAD VAR EKKI HÆGT AD LÁTA SENDINGARKOSTNAÐINN NÁ SAMAN.“

Hermann

eftir Jim Unger



„ÞU ÞARFT AD FARA Í KLIPPINGU. ÞAD ER FARID AD SNERTA AXLIRNAR Á ÞÉR.“



ást er...
... þegar hann ber mynd þína á sér hvar sem er!

Víkverji

Víkverji er skynsamur maður, já, eða kona eftir því hvernig á það er litið. Þegar sumarið bregst væntingum og kemur eiginlega aldrei almennilega er gott að nota skynsemina og undirbúa sig fyrir haust og vetur.

x x x

Það er ákveðinn léttir að sumarið sé búið og haustið tekið við. Í það minnsta á dagatalinu. Nú þarf Víkverji ekki lengur að burðast með væntingar dag eftir dag um að geta spókað sig á bikinið eða sundskýlu allt eftir því hvernig á það er litið, á pallinum eða í sundlauginni. Nú er kominn september og það er löglegt að vænta ekki fleiri sumardaga.

Á meðan Víkverji skrifar þennan pistil gægist sólin fram úr skýjunum og fyrir utan gluggann lítur út fyrir að sumarið sé komið aftur. Ef það væri sumar myndi Víkverji setja í fjórða gir til þess að komast sem fyrst heim og kveikja á grillinu. En af því að sumarið er fornlega búið situr Víkverji í ró og næði og klárar pistilinn. Það er ekki að búast við því eftir 1. september að það sé hlýtt úti.

x x x

Víkverji er ágætur í rökhusun og hann telur að botninum í lélegu sumri hafið verið náð árið 2018. Það er jákvætt að botninum hafi verið náð að því gefnu að festa sig ekki þar. Víkverji er þroskaður eins og af grönnum má sjá, já eða grárir hárrót, og hann veit sem er að það er hægt að spyrna sér frá botninum og þá liggur leiðin upp á við. Ef sumarið staldrar ekki við á botninum verður það betra á næsta ári og það eru ekki nema sjö og hálfur mánuður í sumardaginn fyrsta, í það minnsta samkvæmt dagatalinu.

x x x

Einn margra góðra kosta sem prýða Víkverja er jákvæðni. Víkverji fagnar haustinu með sínum fallegu litum og festunni sem kemur þegar dagskráin í líkamsræktinni og félagsstarfinu hefst. Víkverji er fagurkeri og hlakkar til að kveikja á kertum og kúra sig undir teppi í sófanum af því að það má á haustin. vikverji@mbi.is

Því að laun syndarinnar er dauði en náðargjöf Guðs er eilíft líf í Kristi Jesú, Drottni vorum.

(Rómverjabréfið 6.23)

Ljósmyndakeppni

Bílablaðs Morgunblaðsins

Kosning og nánari upplýsingar á [Facebook.com/bilafrettir](https://www.facebook.com/bilafrettir)

Leiðbeiningar fyrir ljósmyndara:

- Ljósmyndir skal senda í tölvupósti á bill@mbi.is
- Frestur til að skila inn myndum í keppni september er til **kl. 23:59 þriðjudaginn 11. sept.**
- Myndina skal senda sem viðhengi, á jpg-sniði og skal myndin vera í hámarksupplausn
- Fullt nafn rétthafa myndarinnar og símanúmer skal fylgja með auk lýsingar á myndefninu
- Keppt verður í fjórum lotum, næstu þrjá mánuði og fyrir þrjár bestu myndir hvers mánaðar eru veittar gjafakörfur með **Meguiar bón- og bílapvottavörum frá Málningarvörum**
- Hver þátttakandi getur aðeins sent inn eina mynd í hverjum mánuði
- Sérstök dómnefnd velur síðan bestu ljósmyndina í desember

TOYOTA

Fyrsti vinningur er ferð fyrir tvo á bílasýninguna í Genf í mars. Í boði Toyota á Íslandi

www.mbi.is/bill



Samstarf Miro Herak víbrafónleikari frá Slóvakíu og Andrés Þór gítarleikari koma fram á öðrum tónleikunum á Akranesi í kvöld.

Djasstónleikar á tveimur stöðum á Akranesi

Tvennir djasstónleikar verða haldnir á Akranesi í kvöld, á vegum listafélagsins Kalmans, og eru tónleikastaðirnir óhefðbundnir. Fyrst halda Sigurður Flosason saxófónleikari og sænski píanóleikarinn Lars Jansson „heimatónleika“ að Grundartúni 8. Þeir Sigurður og Jansson hafa spilað talsvert saman og verður á tónleikunum lögð áhersla á tónsmíðar þeirra beggja. Þó er sagt líklegt að „vel valdir, sígildir og sígrænir“ ópusar fylgi með. Nánd og heimilisleg stemning munu ramma inn

eftirminnilegan fund þessara tveggja listamanna. Tónleikar þeirra hefjast kl. 19.15.

Seinni tónleikar kvöldsins hefjast kl. 21.15, í gula húsinu að Kirkjubraut 8. Þar koma fram þeir Andrés Þór gítarleikari og Miro Herak víbrafónleikari frá Slóvakíu. Þeirra samstarf á sér líka nokkra sögu. Á tónleikunum hyggjast þeir leika ljúfan, melódískan nútímadjass og samanstendur efnisskráin af blöndu af lögum þeirra beggja og samtíma djasstónsmíðum.



„Rækta kvenlega eiginleika og orku“

● **Slagverksleikarinn Marilyn Mazur leiðir hljómsveit sína Shamania á tónleikum á Jazzhátíð Reykjavíkur á morgun**

VIÐTAL

Silja Björk Huldudóttir
silja@mbi.is



„Ég hlakka til að koma aftur og fá tækifæri til að spila á Íslandi, enda heillandi land,“ segir slagverksleikarinn, hljómsveitarstjórinn og tónskáldið Marilyn Mazur sem ásamt hljómsveit sinni, Shamania, kemur fram á Jazzhátíð Reykjavíkur. Tónleikarnir verða á Grand hóteli annað kvöld, laugardag, kl. 19.30.

Sveitina skipa auk Mazur þær Lotte Anker á saxófón, Josefíne Cronholm, söngkona og slagverksleikari, Sissel Vera á saxófón og syngur einnig, Hildegunn Øieth á trompet, Lis Wessberg á básúnu, Makiko Hirabayashi á píanó og hljómborð, Ida Gormsen á kontrabassa, Anna Lund á trommur og Lisbeth Diers á slagverk auk þess sem Tine Erica Aspaas dansar í frjálsum spuna með tónlistarkonunum.

Drottning slagverksins

Mazur hefur einu sinni áður spilað hérlandis, það var vorið 2010 þegar Listahátíð var fertug og Jazzhátíð Reykjavíkur tvítug. Þá kom hún m.a. fram með trompetleikaranum Nils Petter Molvær og gítarleikaranum Eivind Aarset sem hún spilar reglulega með. Í dómi sínum um tónleikana sem birtist í *Morgunblaðinu* 18. maí 2010 skrifaði Vernharður Linnét að Mazur væri „einn fremsti slagverksleikari okkar tíma, sem gert hefur garðinn frægan með Miles Davis, Jan Garbarek og Wayne Shorter auk eigin sveita [...] Marilyn Mazur er drottning slagverksins og maður verður helst að sjá hana sitjandi við settið umkringda óteljandi trommum, gjöllum, hristum, krúsum, dollum og dóti til að undirbúa sig undir hljóðgosið er hún framkallar. [...] Allt verður henni að hljóði og settið, gjöllin og bjöllurnar gella svo salurinn er töfrum sleginn.“ Þegar

blaðamaður náði tali af Mazur símaleiðis fyrr í vikunni lá beint við að spyrja hvort hún ferðaðist sjálf með öll hljóðfæri sín milli landa, en því svaraði hún neitandi. „Hér áður fyrr meðan flugfélögin studdu betur við okkur var það hægt. Í dag þakka ég aðeins því nauðsynlegasta í eina til tvær töskur og sendi síðan með góðum fyrirvara lista yfir það sem mig vantar – og vona að ég fái spennandi gripi,“ segir Mazur og bendir á að hún hafi á löngum ferli komið sér upp góðu safni af alls kyns bjöllum og trommum. Á óskalista hennar rata fyrst og fremst stórir og þungir hlutir sem erfitt er að ferðast með milli landa, s.s. kongatrommur og ýmiss konar statív. „Ég hlakka alltaf til að sjá úr hverju ég hef að móða á nýjum tónleikastað,“ segir Mazur kímín.

Stefna á plötu fljótlega

Shamania er tiltölulega ung hljómsveit, en hún þreytti frumraun sína á Copenhagen Jazz Festival árið 2015. Spurð um tilurð kvennasveitarinnar rifjar Mazur upp að stjórnendur Copenhagen Jazz Festival hafi átt hugmyndina. „Þeir óskuðu eftir því að ég kallaði saman samstarfskonur mínar úr Primi Band,“ segir Mazur, en umrædd kvennasveit sem starfaði á 9. áratug síðustu aldar var fræg fyrir leikræna nálgun, kraft og hrynjunga.

„Það var hins vegar vandkvæðum bundið að kalla sveitina saman aftur, þar sem margar kvennanna voru hættar að koma fram. Ég gat þó ekki hafnað boðinu og bauðst í staðinn til að stofna nýja sveit sem ynni eftir sömu hugmyndafræði,“ segir Mazur, sem kallaði til liðs við sig tíu norrænar tónlistarkonur sem allar eru virtar jafnt í heimalöndum sínum sem og á alþjóða djasssenum.

„Nú til dags eru fáar sveitir svona fjölmennar, sem helgast af því að það er bæði dýrt og vandasamt að skipuleggja tónleikahald 11 einstaklinga sem allir eru mjög virkir í tónlistar-

sköpun sinni og tónleikahaldi,“ segir Mazur. Engu að síður hefur Shamania komið fram á mörgum af stærstu djasshátíðum í Evrópu á síðustu árum. „Í fyrra héldum við níu tónleika en í ár verða þeir aðeins þrennir. Við stefnum þó á fleiri tónleika á næsta ári, ekki sist til að fylgja eftir plötu sem við hyggjumst senda frá okkur fljótlega.“

Fleiri konur hasli sér völl

Þú minntist á hugmyndafræði. Hver er hugmyndafræði Shamania?

„Þegar ég byrjaði að koma fram sem tónlistarkona á áttunda áratug síðustu aldar voru konur rétt að byrja að taka meira pláss á djasssenum og skoða hvers þær væru megnugar í þessum geira. Ég velti því miklu fyrir mér hvort konur nálguðust tónlistina öðruvísi en karlar og hefðu annan tón og aðrar áherslur í tónsköpun sinni. Þegar ég stofnaði Primi Band á sínum tíma var markmiðið að búa til tónlistarlegt samfélag kvenna þar sem færi gæfist á því að rækta kvenlega eiginleika og orku sem ekki tæki útgangspunkt í karllægri djasshefð. Við sömdum okkar eigið efni, gerðum miklar tilraunir með rytma, líkamann og röddina. Við höfum þessa sömu nálgun að leiðarljósi í Shamania. Eins og hljómsveitar nafnið gefur til kynna vinnur sveitin líka með helgiathafnir með vísan í samfélög fyrri alda þar sem konur unnu náið saman innan heimilisins.“

Fundið þið fyrir skýrti þörf fyrir annars konar tónlist en þá sem hefðin býður upp á?

„Já, tvímælalaust. Það er þörf fyrir að konur láti til sín taka á sínum forsendum í stað þess að ganga inn í hefðina sem mótuð er af körlum. Fleiri eru orðnar meðvitaðar um mikilvægi þess að fleiri konur nái að hasla sér völl sem hljóðfærleikarar í djassspuna. Sögulega séð hafa konur mun meira séð um söng en hljóðfærleik í djassinum,“ segir Mazur og bendir á að í því ljósi sé Shamania




Góð þjónusta
byrjar með
flottu útliti.

MARTEX

Fatnaður fyrir fagfólk



Spennandi „Margar kvennanna í sveitinni eru ungar og að gera spennandi hluti í tónlistarsköpun sinni. Mér finnst ég hafa fengið sterkar og áhugaverðar konur til liðs við mig,“ segir Marilyn Mazur.



Heilluð „Ég hef alltaf verið heilluð af hugmyndinni um hvers tónlistin er megnug og langað að skoða hvaða áhrif tónlistin getur haft á áheyrendur,“ segir Marilyn Mazur. Í bakgrunni má sjá hluta slagverksins sem hún notar.

tímabær, þar sem sveitin sé skipuð frábærum tónlistarkonum.

„Margar kvennanna í sveitinni eru ungar og að gera spennandi hluti í tónlistarsköpun sinni. Mér finnst ég hafa fengið sterkar og áhugaverðar konur til liðs við mig.“

Líkamleikinn heillaði

Sem barn lærðir þú að spila á pí-anó og að dansa ballett. Hvers vegna urðu trommurnar síðan fyrir valinu?

„Þegar ég stofnaði mína fyrstu hljómsveit lék ég enn á píanóið. Á þeim tímapunkti var ekki hægt að mennta sig í spunu, bara í klassískum píanóleik. Ég vissi að ég vildi ekki verða klassískur píanóleikari og sá í hendi mér að ég yrði þá að velja mér annað hljóðfæri,“ segir Mazur, sem lærði á slagverk í Konunglega tónlistarskólanum í Kaupmannahöfn .

„Slagverkið er mjög líkamlegt hljóðfæri og krefst ákvedðs krafts. Af þeim sökum eru færri konur sem helgað hafa sig slagverkinu. En það er einmitt þessi líkamleiki sem ávallt hefur heillað mig. Þegar ég byrjaði hafði ég engar kvenkyns fyrirmyndir og fannst spennandi að rannsaka hvað ég gæti gert með slagverkið. Ég velti fyrir mér hvort hægt væri að nalgast slagverkið með kvenlegum

hætti, án þess þó að það kæmi niður á kraftinum. Það er t.d. hægt að spila á slagverk með lýrískari hætti. Ég hef í gegnum tíðina sankað að mér alls kyns klukkum, bjöllum og gongum sem búa yfir mun meira dreymandi hljóðheimi en trommur.“

Þú starfar ekki aðeins sem hljóð-færaleikari heldur einnig sem tón-skáld. Hvenær byrjaðir þú að semja þína eigin tónlist?

„Ég var ekki eldri en 10 eða 12 ára þegar ég fór að semja mína eigin tón-list. Ég hef alltaf verið heilluð af hug-myndinni um hvers tónlistin er megnug og langað að skoða hvaða áhrif tónlistin getur haft á áheyr-endur.“

Hvað einkennir tónmál þitt? „Í ljósi þess að ég ólst upp við klassíska tónlist held ég að hún hafi ávallt haft mótagandi áhrif á mig. Mér finnst tónlistin búa yfir þeim eigin-leika að geta miðlað frásögn og skap-að myndir. Á táningsárum fór ég að hlusta á rokk og djass í auknum mæli og þá fór takturinn að skipta mig meira máli. Markmið mitt þegar ég er að semja er að tónlistin sé allt í senn lagræn, þróttmikil og lifandi en á sama tíma lítrík og fjölbreytt. Sennilega er djass ekki besta skil-greiningin á tónlist minni nema í

» Þegar mér bauðst að spila með Miles fólst í því ákveðinn gæða-stimpill mér til handa og sýnileiki í bransanum.

þeim skilningi að tónlistin tekur tillit til allra meðlima bandsins og veitir þeim pláss til að tjá sig og spinna inn-an þess ramma sem ég skapa – sem mér finnst mjög mikilvægt. Ég sem því tónlistina, en við sköpum hana saman á sviðinu,“ segir Mazur, sem einnig hefur samið nokkuð af kór-tónlist. „Í augnablikinu er ég að semja umfangsmikið verk fyrir Stór-sveit Danska ríkisútvarpsins.“

Ég á Miles mikið að þakka

Þegar Mazur var þrítug árið 1985 tók hún þátt í upptökum á verkinu Aura, sem Palle Mikkelborg tileink-aði Miles Davis. Í framhaldinu bauð Davis henni að spila með sér, en Maz-ur var eina konan sem spilaði með hljómsveit hans. Hún lék með Davis með hléum árin 1985 til 1989. Í fram-haldinu vann hún með tónlistar-mönnum á borð við Wayne Shorter, Gil Evans og Jan Garbarek, en sam-starf þeirra entist í 14 ár.

Hvaða þýðingu hafði samstarfið við Miles Davis fyrir þig?

„Þegar mér bauðst að spila með Miles fólst í því ákveðinn gæðastimp-ill mér til handa og sýnileiki í brans-anum sem gerði það að verkum að þegar ég valdi að snúa aftur heim og einblína á eigin verkefni og stofna nýjar sveitir hafði ég möguleika á að fara í tónleikaferðir víðs vegar um heiminn með eigið efni. Ég á því Miles mikið að þakka, en einnig Jan Garbarek sem ég starfaði með í 14 ár. Á þeim tíma eignaðist ég stóran aðdáendahóp t.d. í Þýskalandi sem hefur haldið tryggt við mig þegar ég túra með eigin sveitir. Miles og Jan höfðu báðir verið í miklu uppáhaldi hjá mér sem tónlistarmenn áður en ég gekk til liðs við sveitir þeirra. Með þeim hætti hafa þeir báðir veitt mér mikinn tónlistarlegan innblástur,“ segir Mazur, sem hlotið hefur fjöl-margar viðurkenningar á löngum ferli. Þeirra á meðal má nefna Ben Webster-verðlaunin 1983, Jazzpar-verðlaunin 2001, EWH-tónskálda-verðlaunin 2004, Django D’Or-verðlaunin 2006, Grethe Kolbe-stjórnendaverðlaunin 2013 og heið-ursverðlaun Wilhelm Hansen-stofnunarinnar 2017 auk þess sem hún hefur frá árinu 1998 hlotið heið-urslistamannalaun frá danska ríkinu.

BORGARLEIKHÚSIÐ

Ert þú á leið í leikhús? Pantaðu ljúffengar veitingar til að njóta fyrir sýningu eða í hléi á borgarleikhus.is

Rocky Horror (Stóra sviðið)

Lau 8/9 kl. 20:00	54. s	U	Lau 15/9 kl. 20:00	56. s	G	Fös 21/9 kl. 20:00	58. s	G
Fös 14/9 kl. 20:00	55. s	G	Fim 20/9 kl. 20:00	57. s	G	Lau 29/9 kl. 20:00	59. s	G

Besta partyið hættir aldrei!

Elly (Stóra sviðið)

Fös 7/9 kl. 20:00	141. s	U	Lau 22/9 kl. 20:00	146. s	U	Sun 30/9 kl. 20:00	151. s	U
Sun 9/9 kl. 20:00	142. s	U	Sun 23/9 kl. 20:00	147. s	U	Fim 4/10 kl. 20:00	152. s	U
Mið 12/9 kl. 20:00	143. s	U	Mið 26/9 kl. 20:00	148. s	G	Lau 6/10 kl. 20:00	153. s	G
Fim 13/9 kl. 20:00	144. s	U	Fim 27/9 kl. 20:00	149. s	G	Sun 7/10 kl. 20:00	154. s	G
Sun 16/9 kl. 20:00	145. s	U	Fös 28/9 kl. 20:00	150. s	G	Lau 13/10 kl. 20:00	155. s	G

Síðasta upplappið.

Allt sem er frábært (Litla sviðið)

Fös 14/9 kl. 20:00	Frams.	U	Fös 21/9 kl. 20:00	4. s	G	Sun 23/9 kl. 20:00	5. s	G
Sun 16/9 kl. 20:00	2. s	G	Lau 22/9 kl. 20:00	4. s	G	Fim 27/9 kl. 20:00	6. s	U

Gleðileikur um depurð.

Dúkkuheimili, annar hluti (Nýja sviðið)

Fös 21/9 kl. 20:00	Frams.	U	Fim 27/9 kl. 20:00	4. s	G	Fös 5/10 kl. 20:00	7. s	G
Lau 22/9 kl. 20:00	2. s	G	Fös 28/9 kl. 20:00	5. s	G	Lau 6/10 kl. 20:00	8. s	G
Sun 23/9 kl. 20:00	3. s	G	Lau 29/9 kl. 20:00	6. s	U	Sun 7/10 kl. 20:00	9. s	G

Velkomin heim, Nóra!

Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is



AFP

Einstakt Mynd tekin í einum sal Þjóðminjasafns Brasílu fyrir brunann.

Safna myndefni frá brunna safninu í Brasilíu

Sérfræðingar Þjóðminjasafns Brasíliu meta þessa dagana skaðann sem varð á safneigninni í eldsvoðanum mikla á mánuðaginn var, þegar í fornfrægri safnbyggingunni í Rio de Janeiro brann nánast allt sem brunnið gat. Komið hefur fram að viðhaldi byggingarinnar var stórlega ábótavant, þrátt fyrir ábendingar þar um síðustu áratugi og boð erlendra stofnana um aðstoð, en í safninu voru geymdar um 20 milljónir gripa af öllu tagi, að stórum hluta

einstakir og ómetanlegir, frá 11 þúsund ára sögu manna og náttúru. Háskólanemar í safnafræðum í Rio de Janeiro hafa í samstarfi við safnastofnun í Perú hafið átak í að byggja upp stafrænt safn um gripina sem brunnu. Biðja þeir gesti sem hafa komið á safnið að senda ljósmyndir sem þeir tóku þar inni. Söfn víða um lönd styðja verkefnið og kynna það á samfélagsmiðlum, með það að markmiði að ná sem mestu myndefni inn.

Höfðar mál gegn Sacha Baron Cohen

Sjónvarpsþættir breska grínistans Sacha Baron Cohen, *Who Is America?*, hafa verið sýndir að undanfögnu og vakið athygli. Í þeim hittir Cohen, í ólíkum dulargervum, ýmsa málsmetandi Bandaríkjamenn, oftast af hægri væng stjórnmálanna, og lætur þá gera sig að fífl í þeirri trú að þeir séu gestir í alvarlegum sjónvarpsþáttum. Nokkrir þeirra sem hafa orðið fyrir bardinu á Cohen hafa kvartað opinberlega yfir því að hafa verið gabbaðir til þátttöku og nú hefur Roy Moore frá Alabama, fyrrverandi frambjóðandi til öldunga-deildarinnar, farið fram á 95 milljónir dala í miskabætur frá Cohen og framleiðslufyrirtækinu Showtime. Cohen leikur þar meintan ísrælskan leynipjónustumann sem ber að Moore rafrænt amboð sem á að væla ef það kemur nærri barnaníðingi, sem tækið gerir. Viðmælendur The New York Times telja



AFP

Beittur Sacha Baron Cohen bregður sér í ýmis hlutverk er hann gabbar fólk.

ólíklegt að Moore vinni málið, þar sem hann hafi undirritað skjal þar sem hann samþykkti að koma fram í þættinum, hvernig sem hann verði settur fram, en án þess að hafa lesið smáa lettrið.

RIFF um alla borg og hádegisdagskrá

Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík, RIFF, sem hefst 27. september og lýkur 7. október, fer ekki eingöngu fram í Bíó Paradís heldur víðar um höfuðborgina og þá m.a. í strætisvagni sem mun kynna hátíðina á ferð sinni um borgina og verða RIFF-myndir sýndar í honum, aðallega einnar mínútu langar stuttmyndir, sem hentar farþegum vel þar sem þeir dvelja mislengi í vagninum.

Með dagskrárliðnum „RIFF um alla borg“ er ætlunin að gera hátíðina sýnilegri og mun hátíðin m.a. eiga í samstarfi við The One Minutes, alþjóðlegt tengslanet sem helgað er kvikmyndum.

Í tilkynningu frá RIFF segir að frá árinu 1998 hafi The One Minutes framleitt og dreift yfir 17.000 mínútulöngum vídeóverkum eftir listamenn frá yfir 120 löndum og verða myndir á vegum tengslanetsins sýndar í nokkrum bókasöfnum á höfuðborgarsvæðinu, á veitingastaðnum Mandí, í strætó og víðar.

Þrjár stuttar í bókasöfnum

Eystrasaltlöndin fagna á þessu ári 100 ára sjálfstæðisafmæli sínu



Lundinn Tákni RIFF, lundinn, á merki RIFF í ár sem vísar í merki Metro Goldwyn Mayer.

og í tilefni af því verður boðið upp á kynningardagskrá í bókasöfnum um borgina þar sem sýndar verða þrjár stuttmyndir frá löndunum. Þær eru *By the Pool* eftir Laurynas Bareiša frá Litháen, *Manivald* eftir Chintis Lundgren frá Eistlandi og *Blueberry Spirits* eftir Astra Zoldnere frá Lettlandi. Stuttmyndadagskráin fer fram klukkan 12.15 í Bókasafni Kópavogs, Borgar-bókasafninu í Grófinni og Bókasafni Seltjarnarness á völdum hátíðardögum.

Óværir og friðsamir hljóðheimar

Tónlistarmennirnir Andrew Kirschner og Forest Management halda tónleika í Mengi við Óðinsgötu í kvöld. Kirschner skapar hljóðheima sem eru jafnt óværir og friðsælir, eins og því er lýst í tilkynningu, og rekur útgáfuna *Mistake by the Lake* sem hefur m.a. gefið út tónlist Oneohtrix Point Never.

Tónlist Forest Management er rafmögnuð og tilfinningaþrungin og einkennist einkum af lágstemmdum drónum sem virðast geta dregist út í eilífðina, eins og segir í tilkynningu. Tónleikarnir hefjast kl. 21.



Rafmagnaður Forest Management.

Bíófrumsýningar



Fíkn Úr kvikmyndinni *Lof mér að falla* sem sýningar hefjast á í dag.

Illska í ólíkum myndum

Lof mér að falla

Nýjasta kvikmynd leikstjórans Baldvins Z, gerð eftir handriti hans og Birgis Arnar Steinarssonar. Í henni segir af tveimur táningsstúlkum, Magneu sem er 15 ára og Stellu sem er 18 ára. Þær ánetjast fíkniefnum og kynnast hörðum heimi fíkla og þeirra sem misnota þá. Örlögin leiða þær hvora í sína áttina og 12 árum síðar liggja leiðir þeirra óvænt saman. Með aðalhlutverk fara Þorsteinn Bachmann, Lára Jóhanna Jónsdóttir, Sólveig Arnarsdóttir, Björn Stefánsson, Elín Sif Halldórsdóttir, Eyryn Björk Jakobsdóttir, Álfrún Laufeyjardóttir, Kristín Þóra Haraldsdóttir og Sigurbjartur Atlason.

The Nun

Hrollvekja í leikstjórn Corin Hardy. Í myndinni segir af ungri nunnunni sem er send til Rúmeníu með presti til að rannsaka sjálfsvíg nunnunni í þekktu klaustri í Transylvaníu. Þau komast fljótlega að því að ekki er allt sem sýnist í klaustriinu þar sem nunna gengur aftur. Með aðalhlutverk fara Demián

Bichir, Taissa Farniga og Jonas Bloquet. Enga gagnrýni að finna enn sem komið er.

Útey, 22. júlí

Norsk kvikmynd um fjöldamorð hryðjuverkamannsins Anders Behring Breivik í Útey 22. júlí 2011, en þá skaut hann til bana 69 ungmenntu. Áður hafði hann drepið átta manns og sært yfir 200 með bílsprengju í miðborg Óslóar. Kvikmyndin var gerð með einni töku sem er 72 mínútna löng, jafnlöng áráð Breivik frá því hann hóf skothríð og þar til hann var handtekinn. Kvikmyndin er byggð á hinum raunverulegu atburðum. Með aðalhlutverk fara Andrea Berntzen, Aleksander Holmen, Brede Fristad, Elli Rhiannon og Müller Osbourne og leikstjóri er Erik Poppe.

Kvikmyndin verður frumsýnd í Bíó Paradís í kvöld og verða Andrea Berntzen, aðalleikkona myndarinnar og Khamshajiny Gunaratnam, varaborgarstjóri Óslóar, sem lifði af áráðina í Útey, viðstaddar frumsýninguna og ávarpa gesti. *Metacritic: 75/100*

Kvikmyndir bíóhúsanna
mbl.is/bio

The Meg 12

Eftir að hafa komist lífs af eftir áráð 20 metra hákarls, þá þarf Jonas Taylor að horfast í augu við átta sinn, til að bjarga fólki sem er fast í neðansjávarrannsóknarstöð.

Metacritic 46/100

IMDb 6,2/10

Sambíóin Álfabakka 17.30, 20.00, 22.30

Sambíóin Egilshöll 17.30, 20.00, 22.30

Sambíóin Kringlunni 21.30

Sambíóin Akureyri 22.00

Sambíóin Keflavík 22.30



The Nun 16

Presturinn séra Burke er sendur til Rómar til að rannsaka dularfullan dauðdaga nunnu.

Metacritic 55/100

IMDb 6,9/10

Sambíóin Álfabakka 17.10,

17.40, 19.30, 20.00, 21.50,

22.20

Sambíóin Egilshöll 17.40,

20.00, 22.10

Sambíóin Kringlunni 17.30,

19.40, 21.50

Sambíóin Akureyri 17.30,

20.00, 22.20

Sambíóin Keflavík 17.40,

20.00, 22.20



Lof mér að falla 16

Þegar 15 ára Magnea kynnist 18 ára Stellu breytist allt. Stella leiðir Magneu inn í heim fíkniefna sem hefur alvarlegar afleiðingar fyrir þær báðar.

Laugarásbíó 16.45, 19.50, 22.40



KIN 12

Sambíóin Álfabakka 20.00, 22.20

Sambíóin Egilshöll 17.40



Alpha 12

Metacritic 63/100

IMDb 7,0/10

Borgarbíó Akureyri 22.00



Crazy Rich Asians

Þegar Rachel Chu fer með kærastanum til Singapore til að vera viðsödd brúðkaup kemst hún að því að hann á fátækanlega ríka fjölskyldu með myrka sögu.

Sambíóin Álfabakka 17.30,

20.00, 22.30

Sambíóin Egilshöll 20.00,

22.30

Sambíóin Kringlunni 17.00,

19.30

Sambíóin Akureyri 19.30

Sambíóin Keflavík 20.00



Mile 22 16

Hér segir frá sérsveitarmanninum James Silva sem fær það erfiða og vandasama verkefni að smygla asískum lögreglumanni úr landi sínu., en sá hafði leitað til bandaríska sendiráðsins um vernd þar sem hann býr yfir leyningum upplýsingum. **Laugarásbíó** 22.40



The Spy Who Dumped Me 16

Audrey og Morgan eru bestu vinkonur sem lenda óvænt í njónsævintýri eftir að önnur þeirra kemst að því að fyrirverandi kærastinn hennar er í raun njónsni.

Metacritic 51/100

IMDb 6,4/10

Laugarásbíó 20.00, 22.25

Mamma Mia! Here We Go Again 1

Nú hefur Sophie tekið við rekstri gistiheimilisins og lærir um fortíð móður sinnar á sama tíma og hún er ófrísk sjálf.

Morgunblaðið ★★★★★

Metacritic 60/100

IMDb 7,3/10

Laugarásbíó 16.30, 20.00

Borgarbíó Akureyri 17.00, 19.30



Mission Impossible -Fallout 16

Ethan Hunt og sérsveit hans og bandamenn, eiga í kappi við tímann eftir að verkefni misheppnast.

Morgunblaðið ★★★★★

Metacritic 86/100

IMDb 8,4/10

Sambíóin Álfabakka 17.30,

20.30

Sambíóin Egilshöll 18.00,

21.00

Sambíóin Kringlunni 22.00



Nýjar hendur - Innan seilingar

Bíó Paradís 18.00



Kona fer í stríð

Morgunblaðið ★★★★★

Bíó Paradís 22.00



Kvíðakast

Bíó Paradís 18.00, 22.15, 22.20



Söngur Kanemu

Bíó Paradís 20.00



Whitney

Bíó Paradís 17.40, 17.45, 20.00



Utøya 22. júlí

Bíó Paradís 22.00, 22.20

Menningarstefnan endurnýjuð

● Menningarhúsin í Kópavogi innblástur og athvarf fyrir skólabörn ● Ókeypis tónleikar Stefáns Hilmarssonar fyrir eldri borgara ● Einstakt samstarf menningarhúsanna ● 156.000 gestir í fyrra

Guðrún Erlingsdóttir
ge@mbl.is

„Ég er búin að vera hér í ár og langaði að henda reiður á menningarlífinu í Kópavogi. Meta stöðu einstakra þátta, mæla þátttöku og frammistöðu frá ólíkum sjónarmiðum. Nýta svo niðurstöðuna til þess að ákveða hvað við ætlum að halda áfram með og hvaða nýjungum við bætum við,“ segir Soffía Karlsdóttir, forstöðumaður menningarmála Kópavogsbæjar, um nýútkomna ársskýrslu vegna ársins 2017 hjá menningarhúsunum í Kópavogi og starfsáætlun fyrir árið 2018.

„Þetta er í fyrsta skipti sem skýrsla með samræmdum mælikvörðum menningarhúsanna og menningarstarfseminnar í heild er tekin saman, ásamt því að stilla upp með henni starfsáætlun fyrir málaflökkinn. Sameiginlega skýrslan verður notuð fyrir stefnumótun í menningarmálum Kópavogs og endurnýjun menningarstefnu sem stefnt er á að hefja vinnu við á árinu.

Ég hef unnið að menningarmálum frá því að ég var í menntaskóla og lifað og hræst á þeim vettvangi. Það kom mér í raun og veru á óvart hversu öflugt menningarstarfið í Kópavogi er. Mér finnst samstarf meðal menningarhúsanna í Hamraborginni alveg einstakt og gaman að geta unnið þverfaglega á húsin og sjá hvernig þau styðja vel við hvert annað,“ segir Soffía og bætir við að samstarf milli húsanna hafi verið aukid á síðasta ári og það sé einn af útgangspunktum næsta árs. Menningarhús Kópavogs eru öll í og við Hamraborg, en þau eru Bókasafn Kópavogs, Gerðarsafn, Náttúrufræðistofa, Salurinn og Héraðsskjalasafn Kópavogs.

„Menningarhúsin eru með sín afmörkuðu sérsvið en sameinast um skipulagningu viðburða eins og Fjölskyldustunda á laugardögum og Menningu á miðvikudögum í hádeginu auk fjölda annarra viðburða og skólaheimsókna. Hvert hús hefur sinn forstöðumann og ég er sérlega heppin með góða samstarfsmenn sem



Morgunblaðið/Eggert

Menning Soffía Karlsdóttir, forstöðumaður menningarmála, ásamt forstöðumönnum menningarhúsanna í Kópavogi. Frá vinstri: Lís Zachrison, bókasafn, Soffía Karlsdóttir, Kristín Dagmar Jóhannesdóttir, Gerðarsafn, Finnur Ingimarsson, Náttúrufræðistofa, Hrafn Sveinbjarnarson, Héraðsskjalasafn, og Aino Freyja Järvelä, Salurinn.

eiga heiðurinn af öllu því góða starfi sem húsin hafa upp á að bjóða. Margvíslegar breytingar hafa átt sér stað í Náttúrufræðistofu og við ætlum að opna stofuna enn betur til þess að ná til fólks,“ segir Soffía. Það verði meðal annars gert með nýtingu margmiðlunar og nýrri framsetningu ásamt ýmsu öðru.

Soffía segir að fjölmenningu verði gefið meira vægi í menningarhúsunum og dagskráin beri keim af því að veglegur styrkur hafi fengist frá Fullveldissjóði Íslands.

Barnasáttmálinn innleiddur

„Fjölmenningin birtist til að mynda í skúlpúrsmiðju í Gerðarsafni sem er óháð tungumáli, þar sem leiðbeinendur tala arabísku, þýsku, frönsku og íslensku. Við fjöllum líka um 100 ára afmæli Kötlugossins á Náttúrufræðistofu og fjölbreyttir tónlistarviðburðir verða í Salnum. Bókasafnið mun líta í aldarspegilinn og skoða frá ólíkum sjónarhornum bókmenntir og leiki barna í 100 ár,“ segir Soffía. Kópavogsbær sé að hefja

innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og Menningarhúsin stefni að því að starfa enn frekar í þeim í anda eftir áramót.

„Við viljum einnig vinna stefnumótun sem snýr að því með hvaða hætti við getum unnið meira með ferðaþjónustunni,“ segir Soffía, sem finnst afar áhugavert að skoða betur hver staða listar í opinberu rými innan Kópavogs sé. Hún segir lista- og menningarráð pólitískt skipað og hafa úr að spila sjóði sem inniheldur 60 milljónir eyrnamerktar lista- og menningarstarfi í Kópavogi.

„Það er virkilega ánægjulegt að taka þátt í úthlutun fjármagns til menningarmála með fulltrúum Kópavogsbæjar og fá að hafa áhrif á það hvaða verkefni fái framgang. Stór hluti fjármagnsins fer til menningarhúsanna og gerir þeim kleift að efla enn frekar innra starf sitt og þverfaglegt samstarf,“ segir Soffía.

„Framlag til menningarmála í Kópavogi árið 2017 var áætlað tæplega 556 milljónir. Kópavogur hefur lengi verið í fararbroddi hvað menn-

ingarlíf varðar. Þar reis til dæmis fyrsta tónleikahúsið á landinu, Salurinn, og það er gaman að segja frá því að þrátt fyrir mikla fjölgun tónlistarsala á höfuðborgarsvæðinu hefur eftirspurn eftir tónleikahaldi í Salnum sjaldan verið jafn mikil og nú, enda hljómburðurinn þar einstakur. Við erum með um 60 starfsmenn í menningarhúsunum og þjónustum 36.000 bæjarbúa. Auk þess er rekið bókasafn í Lindahverfi og er Leikfélag Kópavogs sem er til húsa í Funalind styrkt veglega af bænum,“ segir Soffía og bendir á að í málefna- og nýs meirihluta í Kópavogi sé tekið fram að skoðað verði að dreifa menningunni og opna menningarmiðstöð í austurhluta Kópavogs. Gestir menningarhúsanna í Kópavogi voru rúmlega 156.000 árið 2017.

„Við leggjum mikið upp úr dagskrá fyrir börn og erum í góðu samstarfi við leik- og grunnskóla Kópavogs. Við bjóðum öllum bekkjum grunnskólans að koma í heimsókn. Á síðasta ári tókum við á móti 7.500 börnum í skipulagðar heimsóknir. Við vinnum náið

saman, menningar- og menntasvið, og stefnum á enn meiri samvinnu,“ segir Soffía, og bætir við að menningarhúsunum sé ljúft og skylt að opna húsin fyrir nemendum og kynna þeim starfsemina sem þar fari fram.

„Við viljum að skólabörn í Kópavogi sjái að menningarhúsin séu fyrir þau og að þar eigi þau athvarf og geti sótt sér innblástur. Heimsóknnum unglinga í Bókasafnið hefur farið fjölgandi og við fögnum því. Við erum núna að útbúa spennandi aðstöðu fyrir þá sem brátt lítur dagsins ljós,“ segir Soffía, sem lýsir dagskránni sem metnaðarfullri og fjölbreyttri.

Forritun og vídeóklippismiðja

„Við erum í samstarfi við RIFF, alþjóðlegu kvikmyndahátíðina í Reykjavík, sem felst í vídeóklippismiðju og sýningum á kvikmyndum. Mánaðarlega fær bókasafnið aðila sem kennir 6 til 12 ára börnum að forrita. Það er líka nýjung að bjóða börnum sem eiga erfitt með lestur að lesa upphátt fyrir sérþjálfaða hunda á bókasafninu,“ segir Soffía og bendir á að þetta sé einungis brot af því sem fram fari í menningarhúsum Kópavogs tengt börnum og fjölskyldum.

„Dagskráin í Salnum í vetur verður lífleg og skemmtileg. Meðal þess sem á dagskrá verður er ný djass-tónleikaröð undir stjórn Sunnu Guðlaugsdóttur og unnið verður áfram að uppbyggingu Tíbráttónleikaraðarinnar. Bæjarlistarmaðurinn okkar, Stefán Hilmarsson, heldur ókeypis tónleika fyrir eldri borgara í Kópavogi í nóvember og fara þeir einnig fram í Salnum,“ segir Soffía og bætir við að einn af hápunktum listastarfs í Gerðarsafni sé listahátíðin Cycle, sem hefst 25. október og setja mun svip sinn á menningarlífið í bænum.



Reynsla og skynjun Katrína Mogensen er ein listakvennanna þriggja sem opna í dag sýningu á verkum sínum í Sugar Wounds í Ármúla 7.

Freyja, Katrína og Nína

Myndlistarkonurnar Freyja Eilíf, Katrína Mogensen og Nína Óskarsdóttir opna sýningu í dag, föstudag, klukkan 18 í hinu nýja sýningararrými Sugar Wounds í Ármúla 7.

Freyja, Katrína og Nína útskrifuðust frá myndlistardeild Listaháskóla Íslands vorið 2014 og hafa unnið saman að myndlist síðan í náminu. Í tilkynningu eru nefnd meðal helstu sýningarverkefna þeirra sýningin „It's Gonna Hurt“ sem sett var upp í Two Queens í Leicester árið 2016 og „It's Gonna Hurt II“ sem var í Dzaldov Project Space í Berlín árið 2017.

Listamennirnir eru sagðir leita

innblásturs í gegnum sína eigin reynslu og skynjun á umhverfi sínu, og eru stjórnmál, ástarsambönd, samskipti kynjanna, sálfræði, dulspeki, neyslumening og poppkúltúr meðal uppspretta í verkum þeirra. Í gegnum titilinn Sugar Wounds skapar hver listamaður súrsæt verk sem í samtali sín á milli mynda heim sem leitast við að ögra skilningarvitum og hugarheimi áhorfandans.

Boðið verður upp á léttar veitingar á opnun.

Sýningin er þriðji hlutinn í fjögurra sýninga röð undir sameiginlega titlinum Sugar Wounds.

Við bjóðum m.a. upp á:

Súpur
Grænmetisrétti
Pastarétti
Fiskrétti
Kjötrétti
Hamborgara
Samlokur
Barnamatseðil
Eftirrétti



Lauga-ás hefur frá 1979 boðið viðskiptavinum sínum upp á úrval af réttum þar sem hráefni, þekking og íslenskar hefðir hafa verið höfð að leiðarljósi.



553 1620

Laugarásvegi 1, 104 Reykjavík
laugaas@laugaas.is • laugaas.is

RÚV

13.00 ►Úr Gullkistu RÚV: Út-svar 2008-2009 (e)
13.45 ►Bækur og staðir (e)
13.55 ►Úr Gullkistu RÚV: 89 á stöðinni (e)
14.20 ►Úr Gullkistu RÚV: Óskalog þjóðarinnar (e)
15.20 ►Úr Gullkistu RÚV: Marteinn (e)
15.45 ►Hundalíf
15.55 ►Úr Gullkistu RÚV: Eyðibýli (e)
16.35 ►Síamamyndasmiðir (*Mobilfotografene*) (e)
17.05 ►Blómabarnið (*Love Child II*) (e)
17.50 ►Tákn málsfréttir
18.00 ►KrakkaRÚV
18.01 ►Hönnunarstírnin (*De-signtalenterna*) (e)
18.16 ►Anna og vélmennin
18.38 ►Kóðinn – Saga tölv-unnar
18.40 ►Krakkafréttir vik-unnar
19.00 ►Fréttir
19.25 ►Íþróttir
19.30 ►Veður
19.40 ►Ástarseiður (*Love-struck: The Musical*) Róm-antísk söngvamynd um móður sem reynir að upp-lifa sína eigin drauma um að leika á Broadway í gegn-um dóttur sína.
21.10 ►Séra Brown (*Father Brown IV*) Breskur saka-málapáttur um hinn slungna séra Brown sem er ekki bara kaþólskur prest-ur heldur leysir glæp-samleg mál á milli kirkju-athafna. Aðalhlutverk: Mark Williams.
22.00 ►Sonarmissir (*Reg*) Sannsöguleg mynd frá BBC um Reg Keys sem missti son sinn í Íraksstríð-inu og ákvað í mótmæla-skyni við Tony Blair for-sætisráðherra að bjóða sig fram gegn honum í kos-ningum árið 2005. Leik-stjóri: David Blair. Aðal-hlutverk: John Ammirati, Charlie Anson og William Atkinson. **Bannað börnum.**
23.30 ►Lewis (*Lewis*) Bresk sakamálamynd þar sem Lewis lögreglufulltrúi í Ox-ford glímir við dularfullt sakamál. **Bannað börnum.**
01.00 ►Útvarpsfréttir í dag-skrárlök

Flókið gangverk sögunnar

Ljós vakinn

Karl Blöndal

Ríkissjónvarpið hóf í vikunni sýningar á þáttum Kens Burns og Lynns Novicks um Vítíamstríðið og hafa þeir einnig verið aðgengilegir á efnisveitunni Netfílix. Burns er þekktur fyrir vönduð vinnubrögð og hefur hlotið lof fyrir þessa þáttaröð.

Í fyrsta þættinum er dregin fram sú skrítna atburðarás, sem veldur því að Bandaríkjamenn dragast inn í átökin í Vítíam þegar Frakkar gefast upp á að reyna að halda í nýlendu sína.

Í seinni heimsstyrjöld voru Bandaríkjamenn bandamenn Ho Chi Minhs, leiðtoga Vítíam-sa, í baráttunni gegn Jap-önum. Þegar Ho Chi Minh lýsir yfir sjálfstæði Vítíam-sa eru útsendarar OSS, forvera CIA, viðstaddir og vitnað í stjórnskrá Bandaríkjanna. Frakkar voru hins vegar



AFP

Ho Chi Minh Fyrst banda-maður, svo fjandmaður.

staðráðnir í að halda í ný-lenduna.

Kalda stríðið réði því að Bandaríkjamenn ákváðu frekar að styðja Frakka til að hafa þá á sínu bandi í ref-skákinni gegn Rússum frek-ar en að virða sjálfsákvörð-unarrétt þjóða.

Hvaðefsagnfræði er lítið annað en leikur, en það má ætla að margt hefði farið á annan veg hefðu Frakkar áttað sig strax á því að ný-lendutíminn væri liðinn.

Rás 1

92,4 • 93,5

06.45 Morgunbæn og orð dagsins.
06.50 Morgunvaktin.
07.00 Fréttir.
07.30 Fréttayfirlit.
08.00 Morgunfréttir.
08.30 Fréttayfirlit.
09.00 Fréttir.
09.05 Í ljósi sögunnar.
09.45 Morgunleikfimi.
10.00 Fréttir.
10.03 Veðurfregnir.
10.13 Óskastundin.
11.00 Fréttir.
11.03 Mannlegi þátturinn.
12.00 Fréttir.
12.02 Hádegisútvarp.
12.20 Hádegisfréttir.
12.40 Veðurfregnir.
12.50 Dánarfregnir.
12.55 Samfélagið.
14.00 Fréttir.
14.03 Brot af eilífðinni.
15.00 Fréttir.
15.03 Sögur af landi.
16.00 Síðdegisfréttir.
16.05 Kverkatak.
17.00 Fréttir.
17.03 Lestin.
18.00 Spegillinn.

18.30 Brot úr Morgunvaktinni.
18.50 Veðurfregnir.
18.53 Dánarfregnir.
19.00 Flugur. Dægurflugur og söngv-ar frá ýmsum tímum. Leikin eru blúslög sem sungin eru á ensku og frönsku. Umsjón: Jónatan Garð-arsson. (Frá því á mánudag)
19.45 Hitaveitin. Ráðlagður kvöld-skammtur af rytmískri músík.
20.35 Mannlegi þátturinn. Umsjón: Guðrún Gunnarsdóttir, Gunnar Hansson og Lís Pálsdóttir. (Frá því í morgun)
21.30 Kvöld-sagan: Hvítikristur eftir Gunnar Gunnarsson. Hjalti Rögn-valdsson les. (Áður á dagskrá 2000)
22.00 Fréttir.
22.05 Veðurfregnir.
22.10 Samfélagið. Umsjón: Leifur Hauksson og Þórhildur Ólafsdóttir. (Frá því í morgun)
23.05 Lestin. Þáttur um dægurmál og menningu á breiðum grunni. Umsjón: Eiríkur Guðmundsson og Kristján Guðjónsson. (Frá því dag)
24.00 Fréttir.
00.05 Næturútvarp Rásar 1.

Sjónvarp Símans

08.00 ►Dr. Phil
08.45 ►The Tonight Show
09.30 ►The Late Late Show with James Corden
10.15 ►Síminn + Spotify
11.50 ►Everybody Loves Raymond
12.15 ►King of Queens
12.35 ►How I Met Your Mot-her
13.00 ►Dr. Phil
13.45 ►Ný sýn
14.20 ►Solsidan
14.40 ►Who Is America?
15.10 ►Family Guy
15.35 ►Glee
16.20 ►Everybody Loves Raymond
16.45 ►King of Queens
17.05 ►How I Met Your Mot-her
17.30 ►Dr. Phil
18.15 ►The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
19.00 ►America's Funniest Home Videos
19.25 ►Góða risaæðlan (The Good Dinosaur)
21.00 ►The One I Love Kvík-mynd frá 2014 með El-isabeth Moss og Mark Du-plant í aðalhlutverkum. Hjón sem komin eru á endastöð í hjónabandinu ákveða að gera eina tilraun enn til að bjarga málinum. Að ráði sálfræðings leigja þau sér sumarhús og til að byrja með lítur út fyrir að þessi ráðstöfun muni hafa jákvæð áhrif en óvænt upp-götvun á eftir að gjörbreyta öllu. Leikstjóri er Charlie McDowell.
22.35 ►Shot Caller
00.40 ►The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
01.20 ►MacGyver
02.05 ►The Crossing
02.50 ►Valor
03.35 ►The Good Fight

Hringbraut

20.00 ►Súrefni (e) Þáttur um umhverfismál í umsýjón Línú Blöndal og Péturs Einarssonar.
20.30 ►Kíkt í skúrinn (e) Frábær bílapáttur fyrir bíladellufólkið: Kíkt í skúr-inn með Jóa Bach.
21.00 ►Tuttugugeinn Úrval Endurt. allan sólarhr.

Stöð 2

07.25 ►Tommi og Jenni
07.45 ►Strákarnir
08.10 ►The Middle
08.35 ►Ellen
09.15 ►Bold and the Beauti-ful
09.35 ►The Doctors
10.20 ►Restaurant Startup
11.05 ►The Goldbergs
11.25 ►Feðgar á ferð
11.50 ►Veistu hver ég var?
12.35 ►Nágrannar
13.00 ►Stuck On You
14.55 ►Surf's Up 2: Wave-Mania
16.20 ►Satt eða logið
17.00 ►Bold and the Beauti-ful
17.20 ►Nágrannar
17.45 ►Ellen
18.30 ►Fréttir
18.55 ►Ísland í dag
19.10 ►Sportpakkin
19.20 ►Fréttayfirlit og veður
19.25 ►Asíski draumurinn
19.55 ►The X-Factor
21.00 ►Accepted Bráð-skemmtileg gamanmynd sem sýnir og sannar að það borgar sig aldrei að gefast upp. Myndin fjallar um húðlatan en ansi úrræða-góðan unglingisdreng sem áttar sig á því einn vandan veðurdag að allir háskólar í Bandaríkjunum eru búnir að hafna honum. Sjálfum er honum slétt sama, en veit ekki hvernig hann á að færa foreldrum sínum þessar slæmu fréttir. Hann deyr samt ekki ráðalaus heldur ákveður að setja á laggirnar sinn eigin plathá-skóla, sem að sjálfsögðu tekur honum fagnandi.
22.30 ►Personal Shopper
00.20 ►Gold
02.20 ►Power Rangers
04.20 ►Stuck On You

Stöð 2 bíó

10.00 ►A Quiet Passion
12.05 ►Ghostbusters
14.00 ►Battle of the Sexes
16.00 ►A Quiet Passion
18.05 ►Ghostbusters
20.00 ►Battle of the Sexes
22.00 ►The Tale
23.55 ►Walk the Line
02.10 ►Salting the Battle-field
03.50 ►The Tale

Stöð 3

20.00 ►Seinfeld
20.25 ►Friends
20.50 ►The Simpsons
21.15 ►Bob's Burgers
21.40 ►American Dad
22.05 ►Silicon Valley
22.35 ►Eastbound & Down
23.10 ►Unreal
23.55 ►Flash
00.40 ►Supergirl
01.25 ►Legends of Tomorrow
02.10 ►Arrow

Stöð 2 sport

06.30 ►Þýskaland – Frakk-land
08.10 ►Noregur – Kýpur
09.50 ►Wales – Írland
11.30 ►Þjóðadeildarmörkin
13.30 ►Ísland – Tékkland
15.10 ►Parma – Juventus
16.50 ►Bologna – Inter
18.30 ►Ítalía – Pólland
20.45 ►Þjóðadeildarmörkin
21.05 ►Búrið Í Búrinu er hitað upp fyrir öll stærstu UFC-kvöld árs-ins. Þar er ítarleg grein-ing á öllum stærstu bar-dögnum og stjórnurnar kynntar.
23.20 ►Pepsi-mörkin 2018

Stöð 2 sport 2

07.00 ►Breiðablik – Grinda-vík
08.40 ►FH – KR
10.20 ►Pepsi-mörkin 2018
11.40 ►Seinni bylgjan – upp-hitunarpáttur
13.15 ►Þýskaland – Frakk-land
14.55 ►Noregur – Kýpur
16.35 ►Wales – Írland
18.15 ►Þjóðadeildarmörkin
20.40 ►UFC Unleashed 2018
21.25 ►Ítalía – Pólland
23.05 ►Þjóðadeildarmörkin

Stöð 2 krakkar

07.24 ►Barnaefni
17.06 ►Rasmus Klumpur
17.11 ►Strumparnir
17.36 ►Ævintýraferðin
17.48 ►Hvellið keppnisbíl
18.00 ►Gulla og græn.
18.11 ►Stóri og Litli
18.24 ►Tindur
18.34 ►K3
18.45 ►Grettir
19.00 ►Stuart Little 3

K100 FM 100,5 • Retro FM 89,5



Eyrún Björk og Elín Sif spjölluðu við Sigga Gunnars.

Ár í undirbúning

Aðalleikkonur kvikmyndarinnar Lof mér að falla, Eyrún Björk og Elín Sif, kíktu í spjall á K100 í vikunni. Spurðar út í undirbúninginn sögðust þær hafa undirbúið hlut-verk sín í heilt ár áður en tökur hófust. Þær sögðust ekki hafa áttað sig á hvernig undirheimarnir hér á landi væru í raun og veru. „Við vorum að taka upp á stöðum þar sem í alvöru var fólk í neyslu. Það var verið að selja eiturlyf fyrir framan okkur og ekkert verið að fela þetta“. Ferlið var átakanlegt og sagði Eyrún það hafi fengið mest á sig að sjá barn með foreldrum sínum sem voru að kaupa eiturlyf. Viðtalið er á k100.is.



Tónleikagestur réðst á Noel Gallagher.

Eins og strætóárekstur

Hljómsveitin Oasis kom fram á tónleikum í Toronto á þessum degi fyrir 10 árum. Þegar hlómsveitin var í miðjum klíðum við að flytja lag sitt „Morning glory“ ruddist tónleikagestur upp á svið og hrinti Noel Gallagher. Tónlistarmaðurinn féll á tækjabúnað á sviðinu og brákuðust nokkur rifben. Árásarmað-urinn var 47 ára gamall maður að nafni Daniel Sull-ivan. Síðar sagði Noel að honum hefði líðið eins og að strætó hefði keyrt á sig, slíkt var höggið. Gallag-her-bróðirinn kláraði tónleikana þrátt fyrir þessa óvæntu árás.

K100

6.45 til 9
Ísland vaknar
Logi Bergmann, Rikka og Rúnar Freyr vakna með hlustendum K100 alla virka morgna.



9 til 12
Siggi Gunnars
Skemmtileg tónlist og góðir gestir reka nefið inn.
12 til 16
Erna Hrönn
Erna Hrönn spilar skemmtilega tónlist og spjallar um allt og ekk-ert.
16 til 18
Magasiníð
Hvati og Hulda Bjarna fara yfir málefni liðandi stundar og spila góða tónlist síðdegis.
18 til 22
Heiðar Austmann
Betri blandan af tónlist öll virk kvöld á K100.
22 til 2
Við sláum upp alvöru bekkjarpartíi á K100. Öll bestu lög síðustu ára-tuga sem fá þig til að syngja og dansa með.
7 til 18
Fréttir
Auðun Georg og Sigríður Elva flytja fréttir á heila tímanum, alla virka daga.

Omega

19.00 ►Charles Stanl-ey
19.30 ►Joyce Meyer
20.00 ►Country Gosp-el Time

20.30 ►Jesús Kristur er svarið
21.00 ►Catch the Fire
22.00 ►Times Square Church

Erlendar stöðvar

EUROSPORT

5.00 Tennis: Us Open In New York **6.35** Cycling: Tour Of Spain , Spain **8.00** Tennis: Us Open In New York **9.30** Cycling: Tour Of Spain , Spain **10.30** Tennis: Us Open In New York **11.45** Cycl-ing: Tour Of Spain **12.45** Tennis: Us Open In New York **14.00** Live: Cycling: Tour Of Spain **15.45** Live: Cycling: Vuelta Extra **16.00** Tennis: Us Open In New York **16.40** News: Eurosport 2 News **16.45** Live: Football: Fri-ently Match **18.55** News: Euro-sport 2 News **19.00** Tennis: Us Open In New York **19.45** Live: Tennis **20.00** Live: Tennis: Us Open In New York **23.00** Live: Tennis **23.15** Live: Tennis: Us Open In New York **DR1**
0.10 Kender Du Typen? 2015 **0.55** Hammerslag **1.40** Skat-tejægerne 2011 **2.00** Timm og gyderne **2.10** 90'erne tur retur: 1990 **2.40** Udsendelsesophør – DR1 **3.25** Tyl og okse i Fri-landshaven **3.55** Camilla – Mad der holder **4.25** Skib over land **4.55** Langt fra Borgen **5.20** Af-tenshowet **6.10** Kontant **6.40** Guld i Købstæderne – Grenaa **7.40** Landsbyhospitalet **8.30** Antikrejlørne **10.00** Bondedøven 2015 **10.30** Kender Du Typen? 2015 **11.10** Hammerslag **12.30** Bergerac: Dårligt selskab **13.15** Mord med dr. Blake **14.15** Landsbyhospitalet **15.50** TV AV-ISEN **16.00** Skattejægerne 2011 **16.30** TV AVISEN med Sporten **17.00** Disney sjov **18.00** LIVE! **19.00** TV AVISEN

19.15 Vores vejr **19.25** Indiana Jones og templets forbandelse **21.20** The Last Stand **23.00** In-spector Morse: Nicholas Quinns tavse verden **DR2**
12.25 Tidmaskinen **19.35** Genetic Me **19.50** Nak & Æd – en elg i Sverige **21.45** Olof Pal-mes sidste timer **23.15** Palme-mordet: Sagen Christer Petters-son **SVT1**
12.10 Opinion live **12.55** Tomas sista revy **13.55** Vem vet mest? **14.40** Mord och inga visor **15.30** Sverige idag **16.00** Rap-port **16.13** Kulturmysterier **16.25** Sportnytt **16.30** Lokala nyheter **16.45** Go'kväll **17.30** Rapport **17.55** Lokala nyheter **18.00** Val 2018: Slutdebatten **20.00** Svenska nyheter **20.30** Sletland **21.30** Rapport **21.35** En kvinnas fall **22.25** I will sur-vive ? med Andreas Lundstedt **22.55** Mord och inga visor **SVT2**
14.00 Rapport **14.05** Forum **14.15** Kulturveckan **15.15** Nyheter på lätt svenska **15.20** Nyhetstecken **15.30** Oddasat **15.45** Utisett **16.00** Förväxl-ingar **16.30** Ishockey: CHL **18.00** Chanel vs. Schiaparelli **18.55** Typen **19.00** Aktuellt **19.18** Kulturmysterier **19.23** Väder **19.25** Lokala nyheter **19.30** Sportnytt **19.45** Viskn-ingar och rop **21.20** Deutsc-hland 83 **22.05** Meningen med livet **22.35** Afrikas nya kök **23.45** Sportnytt

K100 er útvarpsstöð sem spilar bara það besta frá '90 til dagsins í dag. K100 sendir út á FM á SV-horninu, Suður-landi, Egilsstöðum, Akureyri, Ísafirði og Bolungarvík og er aðgengilegt í sjónvarpsþjónustu Símans og Vodafone. Auk þess er hægt að hlusta á okkur á vefnum www.k100.is



Framsýning

á nýjum pallbílum



**Laugardaginn 8. september
kl 11-16 að Fossnesi A Selfossi
frumsýnir IB ehf**

Nýja 2019 módelið af RAM 1500
5,7 L bensin 398 hö



Nýr NISSAN TITAN XD PRO 4X
með nýrri 5,0 L V8 Cummins Diesel 310 hö



Léttar veitingar í boði



Sími 4 80 80 80

IB ehf | Fossnes A | 800 Selfoss | **ib.is**



Eyþór Jónsson á Flateyri Hátíðin fer að mestu fram í 80 ára gömlum bræðslutanki sem stendur á Sólbakka.

Fullkominn staður fyrir skrítna kvikmyndahátíð

● Gleðin er í fyrirrúmi á Gammanmyndahátíð Flateyrar

Guðrún Óla Jónsdóttir
gudruno@mbl.is

„Sjúgðu mig Nína hefur verið með öllu óaðgengileg frá því hún var sýnd í bíó árið 1985 og það er mikil stemning fyrir henni, sérstaklega meðal eldri kynslóðarinnar. Ég hef sjálfur ekki séð hana og hlakka mikið til að sjá hana á hátíðinni,“ segir Eyþór Jónsson. Hann undirbýr nú Gammanmyndahátíð Flateyrar sem verður haldin á Flateyri 13.-16. september næstkomandi.

Dramatíkin fær að víkja

Eyþór segir hugmyndina að Gammanmyndahátíðinni hafa kviknað þar sem hann og Ársæll Nielsón voru á annarri kvikmyndahátíð og þóttu myndirnar heldur þungar og drama-tískar.

„Svo kom þarna mynd sem okkur fannst örlítið fyndin og ég hvílaði að Ársæli að við ættum að halda hátíð þar sem dramatíkin fengi að víkja og gamanið að ráða. Og við létum verða af því.“

Á hátíðinni í ár verða sýndar þrjátíu íslenskar gamanmyndir en Eyþór segir fleiri viðburði vera á dagskrá.

„Meðal annars verður leiksýning á hátíðinni í fyrsta sinn. Svo býður Steypustöðin upp á sérstaka barnasýningu á myndinni Algjör sveppi og dularfulla hótélherbergið. Ein aðalpersóna myndarinnar, Villi vísindamaður, verður viðstaddur sýninguna og ræðir myndina við börnin ásamt því að gera vísindatílaunir. Við höfum líka haft uppistand og ýmislegt fleira sem er fyndið og skemmtilegt.“

Yfirleitt mikið hlegið

Eyþór segir að markmið hátíðarinnar sé að hafa gaman af og segja megi að þetta sé gamansöm hátíð með kvikmyndir í forgrunni. „Yfirleitt er mikið hlegið og létt yfir öllum. Stemningin hefur alltaf verið góð og það er líka markmiðið hjá okkur að fólk skemmti sér vel.“

Á laugardagskvöldinu er lokahóf

hátíðarinnar og verðlaun veitt fyrir fyndnustu myndina. „Þetta er áhorfendakosning og við leggjum mikla áherslu á að áhorfendur kjósi þær myndir sem þeim fundust skemmtilegastar og fyndnastar þótt það séu ekki endilega myndirnar sem voru best útfærðar tæknilega eða best leiknar og svo framvegis. Heldur kjósi myndirnar sem glöddu þá mest. Svo veitum við líka viðurkenningu fyrir myndina sem var næstum því fyndnust þannig að það eru veitt verðlaun fyrir tvö efstu sætin.“

Fullkominn staður

Hátíðin er nú haldin á Flateyri í þriðja sinn. Af hverju þar?

„Ég er fæddur þar og uppalinn og það er í raun aðalástæðan, en svo smellpassar hátíðin bara inn í samfélagið á Flateyri. Þetta er hresst og skemmtilegt samfélag, sýningar- aðstaðan í bræðslutankinum er skemmtileg og umhverfið allt gott. Þetta er bara fullkominn staður fyrir skrítna og skemmtilega kvikmyndahátíð.“

ÍÞRÓTTIR



Enda þessi lið í fimmta til áttunda sæti?

Morgunblaðið heldur áfram að kynna liðin í Ólisdeild karla í handknattleik í dag og nú eru það þau fjögur lið sem spáð er fimmta til áttunda sæti. FH-ingar hafa misst marga leikmenn. Afturelding vonast til að losna við meidsladráuginn. ÍR er með marga efnilega leikmenn. Rúnar Sigtryggsson á að koma Stjörnunni ofar. »2-3

FÓLK Í FRÉTTUM

Þekktur og mikils metinn í Færeyjum

Færeyski tónlistarmaðurinn Kári Sverrisson heldur tónleika í kapellu aðalbyggingar Háskóla Íslands í dag kl. 12. Kári er bæði þekktur og vel metinn tónlistarmaður í heimalandi sínu og þá fyrir fallegar tónsmíðar og innsæi þegar kemur að tónlistararfleifð eyjanna.

Arnar Eggert Thoroddsen, aðjunkt við námsbraut í félagsfræði og dægurtónlistarfræðingur, kynnir Kára og setur list hans og feril í samhengi.



Lof mér að falla sýnd á kvikmyndahátíð í Busan

Kvikmyndin Lof mér að falla, í leikstjórn Baldvins Z, hefur verið valin til þátttöku á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Busan í S-Kóreu sem fram fer 4.-13. október og þykir ein sú virtasta í Asíu. Kvikmyndin tekur þátt í þeim hluta hátíðarinnar sem nefnist World Cinema og er hér um Asíufrumsýningu hennar að ræða. Myndin var sýnd á kvikmyndahátíðinni í Toronto í Kanada í gær, forsýnd hérlandis á þriðjudag og fer í almennar sýningar í dag.

NÝR WOWFANGASTAÐUR 2018

VIÐ LENDUM Í ORLANDO!

FRÁ **19.999 kr.***



SÓLRÍKT OG NÆRANDI FLÓRÍDAFJÖR

Strendur og skemmtigarðar Flórída bíða í ofvæni eftir að fá sólþyrsta Íslendinga til að flatmaga í sandinum, renna sér í rússíbönum og slá fullkomið teighögg. Skelltu þér með alla fjölskylduna til Orlando með WOW air í vetur.

WOW
air



5 690900 090000

Í lausasölu 641 kr.
Áskrift 6.960 kr. Helgaráskrift 4.346 kr.
Pdf á mbl.is 6.173 kr. I-pad áskrift 6.173 kr.

Sími: 569 1100
Ritstjórn: ritstjorn@mbl.is Auglýsingar: augl@mbl.is
Áskrift: askrift@mbl.is mbl.is: netfrett@mbl.is

*Aðra leið með sköttum. Flugtímabil: jan.-mars 2019.
Valdar dagsetningar og takmarkað magn í boði. Skilmálar gilda: wowair.is/smattletur